

## Menntakvika 3. október 2014

Ágrip erinda

**8:30 til 9:20**

### Samræða

#### Er til fagstétt þeirra sem mennta kennara?

Anna Kristín Sigurðardóttir, Mvs. HÍ

Kristín Valsdóttir, LHÍ

Sigurður Kristinsson, HA

Sigurjón Mýrdal, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Svandís Ingimundardóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Kennarar eru stærsti áhrifavaldur innan skólans á nám nemenda. Kennarar kennara (e. Teacher Educators) hljóta sömuleiðis að vera stór áhrifavaldur á nám þeirra. Ekki eru allir sammála um hvaða aðilar hafa mest áhrif á viðhorf og störf kennara, en ljóst er að kennaramenntendur hafa veruleg áhrif á skipulag skólastarfs og nám nemenda.

Aðallega verður þó fjallað um **fagmennsku kennaramenntenda** (þeirra sem raunverulega mennta kennara) og misvísandi sjónarmið um þá. Sameining HÍ og KHÍ, ný lög um kennaramenntun og vandræðagangur með vettvangsnám kennaranema sýna að skipulegga mætti starfsmenntun kennara á annan hátt en nú er gert hérlendis. Ráðherra hefur skipað Fagråd um starfsþróun kennara sem gæti haft áhrif í þessu sambandi.

Í málstofunni verður kynnt **umræða á alþjóðavettvangi** um breytt hlutverk kennara, um starfsþróun þeirra og **nýja sýn á kennaramenntun og mikilvægi kennaramenntara** í því samhengi. Líta ber á grunnnám, viðbótarnám og símenntun kennara sem samhangandi heild.

Evrópusambandið hefur sýnt þessu máli virkan áhuga og starfshópur sérfræðinga hélt málþing í Reykjavík 2010 og ráðstefnur í Brussel 2012 og Dublin 2013. Í málstofunni verður kynnt **ný skýrsla Evrópusambandsins**, *Supporting Teacher Educators for better learning outcomes*, þar sem hvatt er til aukinnar fagmennsku kennaramenntara.

9:20 til 9:30

## Undirskrift viljayfirlýsingar Menntavísindasviðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um faglegt samstarf.

Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs

Halldór Halldórsson formaður sambands íslenskra sveitarfélaga.

### Málstofur

#### Rannsóknir á málefnum ættleiddra barna á Íslandi.

#### **Kjörfjölskyldur ættleiddra barna af erlendum uppruna á Íslandi: undirbúningur, fræðsla og stuðningur (2012).**

Snjólaug Elín Sigurðardóttir MA, sjálfstætt starfandi ráðgjafi hjá IRIS-ættleiðingarfræðslu og ráðgjöf Hanna Ragnarsdóttir prófessor, Mvs. HÍ

Rannsóknin fjallar um kjörfjölskyldur ættleiddra barna af erlendum uppruna á Íslandi. Tilgangur hennar var að afla þekkingar á reynslu og aðstæðum þessara fjölskyldna til að auka skilning á stöðu hópsins í íslensku samfélagi. Áhersla var lögð á að kanna reynslu kjörforeldra af því að ættleiða barn af erlendum uppruna og að skoða sambandið milli undirbúnings, fræðslu og stuðnings að ættleiðingu lokinni og líðanar fjölskyldna. Stefnumótun íslenskra stjórnvalda varðandi ættleiðingar var skoðuð, sem og fyrirkomulag undirbúningsfræðslu fyrir verðandi kjörforeldra og eftirfylgd og stuðningur að ættleiðingu lokinni. Gagna var aflað með viðtölum við kjörforeldra og fagaðila. Fræðilegur grundvöllur var sóttur í rannsóknir og rit um kjörfjölskyldur, kjörforeldra og kjörbörn, undirbúningsfræðslu fyrir væntanlega kjörforeldra og þörf kjörfjölskyldna fyrir eftirfylgd, ráðgjöf og stuðning, svokallaða PAS-þörf. Helstu niðurstöður eru að kjörfjölskyldur á Íslandi hafa ákveðna sérstöðu meðal fjölskyldna og lýtur sérstaðan að tilurð þeirra, reynslu og fortíð kjörforeldra og kjörbarna sem og hinu mikilvæga en jafnframt krefjandi uppeldis- og umönnunarverkefni kjörforeldranna. Sérstaðan hefur í för með sér þörf fyrir sértæk úrræði af hálfu samfélagsins í formi sértækrar undirbúnings- og uppeldisfræðslu og stuðningsþjónustu. Í erindinu er sett fram leiðbeinandi líkan með hugmyndum höfunda um hvernig styrkja megi íslenskar kjörfjölskyldur. Rannsókn þessi var unnin sem meistaraþrófsverkefni í uppeldis- og menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

## **Ættleidd börn á Íslandi: langtímarannsókn með tuttugu börnum og fjölskyldum þeirra**

Hanna Ragnarsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Í erindinu er fjallað um niðurstöður úr eigindlegri langtímarannsókn á högum, aðbúnaði og aðlögun ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er m.a. að skilja reynslu foreldra af því að ættleiða barn frá útlöndum, varpa ljósi á hvernig móttöku barnanna var háttað og hvernig börnunum gengur að aðlagast nýju samfélagi. Fræðilegur bakgrunnur rannsóknar er m.a. í skrifum um geðtengsl og sjálfsmynd ættleiddra barna (Ainsworth, 1989; Bowlby, 1988; Sætersdal og Dalen, 1999), fjölmenningsfræðum (Hanna Ragnarsdóttir, 2008, 2011) og tengslum tungumáls og sjálfsmyndar (James og Woll, 2004; Mills, 2004; Ragnarsdóttir, 2008). Tuttugu fjölskyldur, sem hafa ættleitt börn frá Indlandi og Kína, taka þátt í rannsókninni sem hófst árið 2005. Tíu barnanna í rannsókninni voru ættleidd árið 2002 og önnur tíu árið 2004. Viðtöl hafa verið tekin tvisvar við foreldra barnanna og við kennara í leik- og grunnskólum barnanna. Einnig hafa verið tekin viðtöl við börnin sjálf og eitt viðtal við hóp barna sem heimsótti Kína. Áætlað er að rannsóknin standi fram á unglingsár barnanna. Í greininni verður sérstakri athygli beint að niðurstöðum úr fyrstu viðtölum við börnin er varpa ljósi á reynslu þeirra af skólagöngu sinni, vinahópum, fjölskyldu og samfélagi á Íslandi.

### **„...ættleidd börn hafa með sér auka ferðatösku í gegnum lífið“: Þjónustupörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla.**

Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir, MA

Jórunn Elíadóttir, dósent HA.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna þjónustupörf ættleiddra barna við upphaf grunnskóla, hverjar hugsanlegar sértækar þarfir þeirra eru og hvaða leiðir eru farnar til að mæta þörfum þeirra. Rannsóknin var unnin með það að markmiði að auka almenna þekkingu á málefnum ættleiddra barna í grunnskólum á Íslandi. Rannsóknin fór fram á fimm mánaða tímabili 2012 og fylgir eigindlegum rannsóknarhefðum. Viðtöl voru tekin við sex foreldrapör sem samtals eiga tólf ættleidd börn. Jafnframt voru tekin viðtöl við sex kennara sem höfðu reynslu af móttöku ættleiddra barna erlendis frá í bekki á fyrstu árum grunnskólans. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að reynsla og upplifanir fyrir ættleiðingu geta haft áhrif á líf ættleiddra barna í langan tíma eftir ættleiðingu. Vísbendingar eru um að máltaka ættleiddra barna gangi almennt vel og að börnin nái ágætum tókum á daglegu máli. Hins vegar gefa niðurstöðurnar ástæðu til að ætla að ættleidd börn eigi heldur erfiðara með skólamálið, það er það mál sem tengist námi og kennslu, og að þar þurfi skólakerfið að fylgjast vel með. Jafnframt er hægt að draga þá

ályktun að möguleiki sé á að ættleidd börn geti átt í einhverjum vandræðum með stýrikerfi sitt (e. *executive functioning*). Með stýrikerfi er átt við þá vitsmunalegu ferla sem aðstoða einstaklinginn við að tengja saman það sem hann er að gera í núinu við reynslu úr fortíðinni.. Rannsókn var unnin sem meistaraþrófsverkefni í menntavísindum við Háskólann á Akureyri með áherslu á sérkennslufræði.

### **„...um hvar ég fannst og af hverju ég var ættleidd...“. Ættleidd börn og tengsl við upprunann.**

Jórunn Elíadóttir, dósent HA

Algenzt er að ættleidd börn hafi áhuga á uppruna sínum og vilji vita hvaðan þau eru komin og hvers vegna þau voru ættleidd. Tengsl barna við upprunalandið eru talin skipta máli er varðar hæfni barnsins til að skilja ferli ættleiðingarinnar sem og til að þroska jákvæða sjálfsmýnd sem á rætur í tveimur menningarheimum (Reinoso, Juffer og Tieman, 2012; Neil, 2012). Rannsóknir meðal ættleiddra barna benda á að viðhorf foreldra til þessa skiptir miklu máli og hvernig talað er um upprunann og ættleiðinguna sem slíka. Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður úr spurningakönnun sem send var til tíu telpna sem voru ættleiddar frá Kína en í henni var spurt um ýmislegt er varðar uppruna þeirra og tengsl við Kína. Svör telpnanna sýna mjög jákvæð viðhorf gagnvart Kína og jafnframt að tengsl við upprunann virðast skipta þær talsverðu máli. Ljóst er á svörum telpnanna að áhugi á að upplifa Kína er fyrir hendi og einnig áhugi á að fá meiri þekkingu um ættleiðinguna og uppruna sinn.

### **Að viðurkenna sorgina: Sorgarstef tengd ættleiðingu**

Halla Jónsdóttir, aðjúnkt Mvs. HÍ

Með alþjóðlegri frumættleiðingu eru tengsl barns við upprunafjölskyldu eða fyrri umönnunaraðila rofin og stofnað er til nýrra tengsla. Margs konar tilfinningar tengjast ættleiðingarferlinu, bæði jákvæðar tilfinningar eins og tilhlökkun og gleði en einnig erfiðar tilfinningar eins og kvíði, óöryggi og sorg. Sorg stafar af missi einhvers sem var einstaklingi mikilvægt. Fyrirlesturinn fjallar um rannsókn sem gerð var á því hvernig sorg birtist í frásögnum kjörbarna og kjörforeldra er varðar ættleiðinguna. Skoðaðar voru fimm frásögur (narratives) kjörbarna og kjörforeldra sem tengjast ættleiðingunni. Þetta eru frásögur sem birst hafa á prenti, skrifaðar af fullorðnum kjörbörnum og kjörforeldrum og auk þess voru tekin tvö viðtöl við tvö kjörforeldra. Frásögurnar voru greindar með verkfærum orðræðugreiningar.

Helstu niðurstöður eru að greina má skýr stef sorgar og missis hjá kjörbarninu einkum varðandi hina fjarlæggu móður og að vera ólíkt í útliti og hjá kjörforeldrum varðandi barnið sem þau eignuðust ekki.

## Ungmennni í íslensku samfélagi á síðari hluta 20. aldar og upphafi þeirrar 21.

### BÆR- Rannsóknarstofa í barna- og æskulýðsfræðum.

#### **Borgaramenntun innan skátahreyfingarinnar, UMFÍ og KFUM&K á árunum 1944 til 1968**

Elmar Orri Gunnarsson, MA-nemi Mvs. HÍ

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor, Mvs. HÍ

Æskulýðshreyfingar hafa gegnt veigamiklu hlutverki í æsku barna og ungmenna alla 20. öld og fram til dagsins í dag. Framlag þessara hreyfinga hefur þó lítt verið rannsakað. Í þessu erindi verða kynntar fyrstu niðurstöður í alþjóðlegu verkefni um framlag æskulýðshreyfinga í samfélögum Norðurlanda, Bretlands og Írlands. Markmið þessa erindis er að veita yfirsýn yfir hvernig borgaramenntun þrjár fjölmennustu æskulýðshreyfingar landsins, skátahreyfingin, UMFÍ og KFUM&K, veittu á tímabilinu 1944 til 1968. Einnig verður vikið að því hvernig hreyfingarnar miðluðu menningararfi þjóðarinnar til félaga sinna og hvernig það hafði áhrif á alþjóðavitund og mótun þjóðerniskenndar þeirra. Horft var til þeirra hugsjóna sem hreyfingarnar störfuðu eftir og mótuðu uppeldisstefnu sína með. Auk þess var skoðað hvernig framkvæmd þessara stefnumiða var þegar á hólminn var komið. Rannsóknin grundvallast á prentuðum heimildum og viðtölum við einstaklinga sem höfðu upplýsingar um starfsemi æskulýðshreyfinganna á því tímabili sem um ræðir.

#### **Barnæskan á tímum viðreisnar: Viðhorfsbreytingar til barna og ungmenna á sjöunda áratug 20. aldar**

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Líkt og annars staðar á Vesturlöndum var sjöundi áratugur 20. aldar tími talsverðra umbrota í málefnum barna og ungmenna hér á landi. Góðæri sjötta og sjöunda áratugarins og trúin á hagrænt mikilvægi menntunar leiddi til þenslu í skólamállum, einkum á framhaldsskóla- og háskólastigi. Umbrotatíminn sem kenndur hefur verið við '68 hafði einnig í för með sér áherslubreytingar í menntamálum og almennt í viðhorfum til barna og ungmenna. Hér verður sjónum beint að opinberri umræðu um málefni barna og ungmenna á sjöunda áratugnum. Sú

mikla efnahagslega þensla sem einkenndi sjötta áratuginn og fyrri hluta þess sjöunda hafði í för með sér talsverða eftirspurn eftir vinnuafli barna og ungmenna, í það minnsta hluta úr ári. Samhliða þessu komu þó fram raddir sem kröfðust breytinga í mennta- og uppeldismálum. Ný barnaverndarlög litu dagsins ljós og með stofnun Skólarannsóknardeildar menntamálaráðuneytisins var lagður grunnur að veigamiklu þróunarstarfi í skólamálum. Krafa um breytingar birtist einnig í því að nú var lögð áhersla á lengingu skólaársins en til þessa hafði þótt sjálfsagt að skólaár ungmenna miðaðist við sauðburð og réttir. Í höfuðstaðnum var skólaárið hjá 10-14 ára börnum lengt í níu mánuði á ári en í aðdraganda þessarar breytingar hafði borgarstjórn staðið fyrir viðamikilli rannsókn á sumarvinnu 10-12 ára barna. Þrátt fyrir að rannsóknin leiddi í ljós að nær öll börn hefðu unnið í sumarleyfinu þótti nú ekki ásættanlegt að ungmenni á skólaskyldualdri væru einungis sjö mánuði á ári í skóla eins og áður hafði verið. Samtímis komu fram raddir sem gagnrýndu harðlega of mikið vinnuálag meðal barna og ungmenna. Hér eru færð rök fyrir því að á þessum tíma hafi verið lagður grunnur að breytingum á viðhorfum til barna og ungmenna þar sem vettvangur þeirra var í auknum mæli skilgreindur innan veggja skólans. Talsverð togstreita var þó um þessar breytingar og átti sú togstreita eftir að einkenna umræðuna um vettvang barna og ungmenna í það minnsta fram á tíunda áratug aldarinnar.

### **Frá brotthvarfi til atvinnuleysis**

Gestur Guðmundsson, prófessor Mvs. HÍ

Kynntur verður hluti af stærri rannsókn á íslenskum aðgerðum gegn atvinnuleysi ungs fólks á árunum 2010-13, sem þá var meira en nokkru sinni síðan í kreppu 4. áratugarins eða nær 10%. Atvinnuleysi var mest meðal ungmenna eða um 12%. Í ársbyrjun 2010 hófust umfangsmiklar aðgerðir gegn atvinnuleysi ungs fólks og náðu þær sennilega til stærra hlutfalls en gerist í samanburðarlöndum. Rannsóknin er bæði meginleg og eigindleg, unnið er úr tölulegum gögnum Vinnuálastofnunar og gerðar hafa verið þrjár eigindlegar rannsóknir, en hér verða fyrstu niðurstöður tveggja þeirra kynntar. Rannsóknirnar fólust báðar í vettvangsathugun í úrræðum meðal atvinnulausra sem hafa hætt í framhaldsskóla og eru ekki tilbúnir að hefja slíkt nám aftur. Í öðru úrræðinu var lögð áhersla á að efla sjálfsmat ungmenna og skilning á eigin stöðu og færni, en í hinu úrræðinu fengust ungmennin jafnframt við ýmis störf og stefnt var að því að efla þau til starfsnáms eða þátttöku á almennum vinnumarkaði. Í báðum úrræðum kemur fram að umtalsverður hópur ungmenna hefur ekki rúmast í framhaldsskólum og hefur staðið höllum fæti á vinnumarkaði, en vinnan í úrræðunum skýrir marga þætti þessa

vanda og gefur vísbendingar um verkefni sem þarf að vinna í samvinnu framhaldsskóla, vinnumarkaðar og félagsþjónustu.

## **Bernsku- og æskulýðsrannsóknir**

### **Rannsóknarstofa í barna- og æskulýðsfræðum - BÆR**

#### **Félagsuppeldisfræðingurinn og hverfasamstarf**

Árni Guðmundsson, doktorsnemi Mvs. HÍ

Leiðbeinandi: Gestur Guðmundsson, prófessor Mvs. HÍ.

*Centrum för Urbana Studier* (CUS) í Gautaborg (Rannsóknarmiðstöð í úthverfarannsóknum) er samstarfsverkefni Chalmers tækniháskólans í Gautaborg og Gautarborgarháskóla og heyrir þar undir *Institutionen för socialt arbete* (Stofnun félagslegra málefna). CUS stendur að fjölmörgum rannsóknum og þróunarverkefnum sem öll hafa það að markmiði að efla félagsauð í úthverfum, í þessu tilfelli í hverfinu Angered í Gautaborg. Í fyrirlestrinum sem byggir á þriggja mánaða námsdvöl höfundar vorið 2014 við Rannsóknarmiðstöð í úthverfarannsóknum verða kynntar nokkrar þeirra rannsókna og þróunarverkefna sem CUS hefur staðið að síðustu ár. Eðli málsins samkvæmt er rannsóknarsviðið afar víðfeðmt, rannsóknaraðferðir og rannsóknir margvíslegar. Flytjandi mun að einhverju leyti bera saman sambærilegar íslenskar rannsóknir en meginumfjöllunin er að velta upp og meta á hvern hátt fagmennska og fræðilegur bakgrunnur félagsuppeldisfræðinga nýtist í starfi á þessu þverfaglega og fræðilega sviði sem úthverfarannsóknir eru.

#### **Starfshættir nemendaverndarráða – aðkoma og réttindi barna/nemenda**

Guðrún Kristinsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Jóhanna Kristín Gísladóttir, M.Ed. nemi Mvs. HÍ

Erindið fjallar um niðurstöður könnunar sem er hluti af M.Ed. verkefninu „Voruð þið að tala um mig...?“. Markmiðið var að kanna starfshætti nemendaverndarráða í grunnskólum og aðkomu nemenda að ráðunum ef um hana er að ræða. Rafrænn spurningalisti var sendur til skólustjóra allra grunnskóla á Íslandi. Í málstofunni verður sagt frá niðurstöðum um helstu viðfangsefni ráðanna og um aðkomu nemenda að ákvörðunum. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, bernskufræði um stöðu barna sem sjálfstæðir einstaklingar og áherslur aðalnámskrár með grunnþáttunum lýðræði og mannréttindi eru hafðir að leiðarljósi

við rannsóknina. Hugmyndir grunnþáttanna eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla. Nemendaverndarráð eru þverfagleg teymi sem starfa í nær öllum grunnskólum en starf þeirra hefur lítt verið rannsakað. Hvergi í reglugerð um nemendaverndarráð er minnst á aðkomu nemenda að starfinu. Það stangast á við lögboðin réttindi þeirra til þess að láta skoðanir sínar í ljós í málum er þá varða og að tekið skuli réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Til þess að stuðla að markvissu starfi og starfsþróun innan nemendaverndarráða er mikilvægt að hafa haldgóða þekkingu á núverandi starfsháttum þeirra.

### **Hliðvörður, hvert er hlutverk þitt?**

Hervör Alma Árnadóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Guðrún Kristinsdóttir, prófessor Mvs. HÍ.

Á síðustu áratugum hefur krafa og vitund um aukið lýðræði til almennings og umræða um mannréttindi verið áberandi í vestrænum samfélögum. Þessi umbylting hefur haft marktæk áhrif á hugmyndir manna um hæfni barna til virkrar þátttöku í rannsóknum og mikilvægi þess að sjónarmið barna séu virt. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt ótvíræðan ávinning þess að tryggja að rödd barna heyrist og sjónarmið þeirra séu virt í þróun velferðar barna. Í erindinu verður fjallað um kenningar um þroska barna og færni til virkrar þátttöku og lagt til grundvallar líkan um þátttökusýn og umönnunarsýn í vinnu með börnum. Rýnt verður í hindranir sem verða í vegi fræðimanna þegar þeir leggja áherslu á þátttöku barna í rannsóknum og reifaðar hugmyndir um viðbrögð við slíkum hindrunum. Höfundar velta upp spurningum um hlutverk og ábyrgð fagfólks og stofnana í því að styðja við og greiða fyrir rannsóknum þar sem börn eru þátttakendur. Hér á landi er skortur á rannsóknum þar sem börn hafa verið beinir þátttakendur. Niðurstöður erlendra og íslenskra rannsókna benda til þess að viðvarandi sé vantrú á hæfni barna til þess að fjalla um sitt líf og umhverfi, og að börnum eigi að hlífa við þeirri ábyrgð. Þetta bendir til þess að efasemdir ríki um að börn búi yfir þeirri hæfni að geta verið mótandi eða gerendur í eigin lífi og velferð.

### **Tómstundafræði – rannsóknir og þróunarstarf Rannsóknarstofa í barna- og æskulýðsfræðum - BÆR**

Markmiðið er að fjalla um mikilvæg málefni er tengjast uppeldis- og menntunarumræðum samtímans út frá sjónarhóli tómstundafræði. Leitast verður við að varpa ljósi á



tómstundafræði mismunandi aldurshópa með hliðsjón af mikilvægum lykilhugtökum eins og reynslumiðuðu námi, óformlegri menntun og óformlegu námi, félagsuppeldisfræði, lýðræði, tómstundamenntun og fagmennsku. Á málstofunni er fjallað um þróunar - og rannsóknarverkefni sem í gangi eru og tengjast námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræðum með áherslu á fræða- og starfsvettvang.

### **Starfsemi frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn á Íslandi**

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, lektor mvs

Í erindinu er gerð grein fyrir umfangi og skipulagi á þjónustu frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn á Íslandi. Kynntar verða niðurstöður tveggja kannana sem sendar voru til allra sveitarfélaga á landinu annars vegar árið 2009 og hins vegar árið 2013. Markmiðið er að varpa ljósi á rekstrarfyrirkomulag frístundaheimila, skráningu barna, menntun starfsfólks, stuðning við börn með sérþarfir og stefnumótun sveitarfélaga í málefnum frístundaheimila. Niðurstöður sýna að 92% sveitarfélaga reka nú frístundaheimili miðað við 75% sveitarfélaga árið 2009 og jafnframt hefur þátttaka barna aukist í öllum aldurshópum. Um 60% barna á aldrinum 6-9 ára eru skráð á frístundaheimili að loknum skóladegi, meirihluti þeirra er úr 1. og 2. bekk. Þá kom í ljós að víða má gera betur í stefnumótun en 73% sveitarfélaga segjast ekki hafa mótað almenna stefnu um starfsemi frístundaheimila. Skóla- og frístundastarf fyrir börn úr 1.-4. bekk virðist vera að einhverju leyti samþætt innan 70% sveitarfélaga. Þá benda niðurstöður til þess að stuðningur við börn með sérþarfir þegar kemur að frístundastarfi sé mjög mismunandi milli sveitarfélaga.

### **Samspil menntakerfa og náms**

Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjúkt

Í erindinu verða kynnt áform um rannsókn á óformlegu námi í félagsmiðstöðvum og á óformlegu menntakerfi. Gengið er út frá því að fleira en eitt menntakerfi sé virkt sem endurspeglast í hugtökunum formleg menntun, óformleg menntun og óformlegt nám, og með tilvísun í skólakerfi, æskulýðsstarf og fullorðinsfræðslu. Rannsóknin er í þrem hlutum. 1) Markmiðið er að skoða félagsmiðstöðvar (óformlegt menntakerfi) út frá menntunarlegu inntaki starfsins, hvort unglingarnir læri og þá hvað; þ.e. í hvaða skilningi þeir menntist. Unnið verður með viðmið skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem nota á við innra og ytra mat á félagsmiðstöðvum: Kanna hvernig þeim er beitt og hvernig þau nýtast við að þróa starfið miðað við þær hugmyndir sem liggja til grundvallar. 2) Markmiðið er að greina fræðilega umræðu um hvert ætti að vera inntak menntunar, kennslufræðilegar áherslur og

skóla- og æskulýðsstarf skoðað í mun víðara samhengi en nú er gert innan skólakerfisins. 3) Markmiðið er að tengja ofangreint og rýna í tengsl menntunar- og tómstundafræða hjá Reykjavíkurborg. Skoða sérstaklega áhrif aukinnar formgerðar frístundastarfs, formlega tengingu þess við skólustarf og uppeldi unglunga almennt. Mat verður lagt á viðmið borgarinnar og innleiðingu þeirra og hvernig þetta mætti þróa í ljósi reynslunnar og ólíkra hugmynda um menntun og bæði af sjónarhóli unglunga og fagfólks.

### **Þróun vettvangsnáms í tómstunda- og félagsmálafræðum**

Hulda Valdís Valdimarsdóttir, sérfræðingur

Í erindinu verður vettvangsnám í tómstunda- og félagsmálafræðum kynnt og mat lagt á stöðu þess og hlutverk, bæði gagnvart nemendum og fagvettvanginum. Nú stendur yfir þróun vettvangsnámsins með það að markmiði að efla gæði þess og gagnsemi. Starfsvettvangur tómstundafræðinga er víðtækur, svo sem félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, ungmennahús, íþróttafélög, grunnskólar, leikskólar, starf með öldruðum og fötluðum, frjáls félagasamtök, fyrirtæki og skrifstofur íþróttá- og tómstundamála. Í lok vettvangsnáms eiga nemendur að hafa öðlast færni við að tengja saman faglega og hagnýta þekkingu sem og að hafa fengið góða innsýn í starfsskyldur tómstundafræðinga og tækifæri til að taka virkan þátt í störfum þeirra. Fjallað verður um markmið með vettvangsnáminu, hlutverk þeirra aðila sem koma að því og möguleika á þróun þess. Leitast er við að skoða þau álitamál sem upp hafa komið og hvernig má vinna með þau. Hulda Valdís Valdimarsdóttir starfar sem sérfræðingur við námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði og hefur m.a. umsjón með vettvangsnámi.

### **Lokaverkefni nemenda í BA námi og tengsl við vettvang**

Eygló Rúnarsdóttir, sérfræðingur

Í erindinu verður fjallað um lokverkefni sem afmarkaðan námsþátt í tómstunda- og félagsmálafræði og hvernig auka má gæði og gagnsemi þeirra. Unnið er að þróun þessa námsþáttar en hann felur m.a. í sér tengsl fræða og fagvettvangs. Lokaverkefnið reynir á marga þætti hjá nemandanum m.a. að setja sér raunhæf markmið og afmarka viðfangsefnið, afla viðeigandi og gildra gagna og heimilda, setja verkefnið fram á vandaðan, skýran og skapandi hátt og á góðu íslensku máli, hafa vald á hugtökum og kenningum tiltekins fræðasviðs, ígrunda efnið og rökstyðja gildi þess og sýna sjálfstæð og vönduð vinnubrögð. Lokaverkefni er einnig oft á tíðum tengt starfi á vettvangi og hafa nemendur í tómstunda- og félagsmálafræði í vaxandi mæli unnið að verkefnum sem tengjast vettvangi. Fjallað er um þau álitamál sem glímt er við og varpað ljósi á mögulegar leiðir við að þróa þennan þátt í náminu.

Eygló Rúnarsdóttir starfar sem sérfræðingur við námsbraut í tómsunda- og félagsmálafræði og hefur m.a. umsjón með lokaverkefnum.

**Þetta þarf að vera kennt – Þetta er ekki sjálflært**

**Þróunarverkefni í tómsundamenntun**

Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor MVS

Tómsundamenntun (e. leisure education) er eitt af grunnhugtökunum í náminu í tómsunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í stuttu máli felst tómsundamenntun í því að kenna einstaklingum að nota frítíma sinn á jákvæðan og uppbyggjandi hátt með það að markmiði að auka lífsgæði. Tómsundamenntun getur bæði verið formleg og óformleg en formlegi hluti tómsundamenntunar er tiltekið ferli, byggt á fyrirfram ákveðnu innihaldi og kennsluáferðum. Miðað við hvað frítíminn er mikilvægur á tómsundamenntun heima bæði innan skólakerfis sem og stofnana sem vinna með viðkvæmum hópum. Í erindinu verður greint frá tilraunaverkefni sem fram fór haustið 2013 og vorið 2014. Frístundamiðstöðin Miðberg í Breiðholti fékk þróunarstyrk skóla- og frístundaráðs til þess að fara inn í unglingsdeildir skólanna í Breiðholti með kennslu um notkun á frítímanum. Verkefnið kallast *Þetta þarf að vera kennt – Þetta er ekki sjálflært*. Farið var inn í skólana með ákveðna dagskrá sem var sérsniðin að hverjum skóla fyrir sig. Markmiðið var að hitta unglingana og fara yfir hvernig nota má frítímann á uppbyggilegan hátt. Höfundur var fengin til þess að vera með kennslu fyrir starfsfólkið, aðstoða við gerð námsefnis og leiða hópinn áfram. Í erindinu verður fjallað um fræðilegan bakgrunn, undirbúning, framkvæmd og niðurstöður þróunarverkefnisins.

**Fjölmennning – skóli - samfélag**

**Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum**

**What do we know about that?: The dialogue among Icelanders regarding immigrants and multicultural society**

Brynja Halldórsdóttir, lektor, Mvs. HÍ

How Icelanders experience, engage and reflect on the changes to their culture with the

increased participation of individuals of other ethnic origins is important in framing the discourse around immigrant social and educational policy. This presentation uses critical discourse to explore socio-cultural norms, which can lead to defensive responses without in-depth critical reflection. Often fear of bias or institutionalized racism within societies hamper effective examination of integration and acculturation. Talking openly about social and cultural biases which are seen as normative is difficult, but without critical reflection the immigrants who seek to find new homes in Iceland could remain indefinitely on the social and educational periphery. By exploring current media and social dialogue around immigrants and immigrant life in Iceland the author looks at how such reflections are formed not only through the interactions teacher and schools have with the students and their families, but through media, ideas of the „other,“ politics and the resultant policies developed around immigrants. Iceland's size and the relative newness of immigrant populations presents a unique opportunity to change the dialogue and create a multicultural society, thus encouraging and supporting the current aims of the Icelandic educational curriculum and other policy innovations.

### **Trúarbragðafræði í nýrri námskrá grunnskóla: Áhrif vaxandi fjölhyggju og margbreytileika á þróun námskrár í trúarbragðafræðum**

Gunnar J. Gunnarsson dósent, Mvs. HÍ

Árið 2013 kom út ný námskrá fyrir greinasvið grunnskólans. Þar á meðal er námskrá í samfélagsgreinum. Sú námskrá felur í sér verulegar breytingar á stöðu trúarbragðafræðslunnar í grunnskólum þar sem hún er nú ekki lengur með eigin námskrá heldur er hún hluti samfélagsgreinasviðsins. Þegar námskráin er skoðuð kemur í ljós að samfélagsgreinasviðið er orðið mjög umfangsmikið en það samanstendur nú af landafræði, sögu, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismálum, heimspeki og siðfræði. Í erindinu verður athyglinni beint sérstaklega að trúarbragðafræðiþætti nýrrar námskrár í samfélagsgreinum. Leitað verður svara við því hvaða áhrif vaxandi fjölhyggja og margbreytileiki hefur haft á þróun námskrár í trúarbragðafræðum og hvernig sú þróun birtist í nýju námskránni. Til að setja hlutina í samhengi verður þróun námsgreinarinnar kristinfræði/trúarbragðafræði skoðuð samkvæmt námskrám grunnskóla undanfarna áratugi, hvaða breytingar hafa átt sér stað á og hvaða áherslur eru lagðar í nýrri námskrá. Ræddar verða áskoranir og möguleikar trúarbragðafræðslunnar í ljósi fræðilegrar umræðu í nágrannalöndum ásamt rökum fyrir hlutverki þessarar greinar á tímum fjölhyggju og margbreytileika.

## **Hlutverk trúarbragðafræðslu í íslensku fjölmenningsarsamfélagi: Viðhorf foreldra grunnskólabarna**

Móeiður Jónús dóttir, guðfræðingur og M.Ed.

Gunnar J. Gunnarsson, dósent, Mvs. HÍ.

Í erindinu er fjallað um um niðurstöður meistaraþrófsrannsóknar höfundar. Rannsóknin var eigindleg viðtalsrannsókn þar sem sjónum var beint að forsendum, mikilvægi og hlutverki trúarbragðafræðslu grunnskólans í íslensku fjölmenningsarsamfélagi. Tilgangur og markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í viðhorf foreldra grunnskólabarna til trúaruppeldis og trúarbragðafræðslu á tímum margbreytileika. Ljá þeim, sem þátttakendum í menntunarferli barna sinna, rödd í umræðunni um stöðu, hlutverk og áherslur trúarbragðafræðslu grunnskólans. Í rannsókninni var litið sérstaklega til fræðilegra nálgana trúarbragðafræðslu sem byggja á sýn fjölmenningslegrar menntunar. Helstu niðurstöður benda til þess að foreldrarnir telji trúarbragðafræðslu skólans mikilvægan þátt í almennri menntun barna sinna. Séu hlyntir því að trúarbragðafræðsla sé skyldufag í grunnskólum og telji það almennt jákvæða og eðlilega þróun í ljósi vaxandi fjölmennings landsins að fella trúarbragðafræðina undir samfélagsgreinar líkt og gert er í nýrri námskrá. Foreldrarnir gerðu skýran greinarmun á trúaruppeldi og trúarbragðafræðslu og töldu hlutverk skólans snúa að fræðslu um trúarbrögð á meðan trúaruppeldi væri hlutverk foreldra og heimilis. Hvað varðar nálgun við kennslu trúarbragðanna töldu foreldrarnir mikilvægt að hún væri hlutlaus, nemendamiðuð og tæki mið af fjölhyggju.

## **Endurspeglar kennsluhættir fjölbreytni nemenda í skólum á Íslandi og í Svíþjóð?**

Jóhanna Gísladóttir, meistaranemi Mvs. HÍ,

Börkur Hansen, prófessor Mvs. HÍ,

Hanna Ragnarsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Í rannsókninni, sem er eigindleg, er athugað hvernig komið er til móts við fjölbreyttar þarfir ólíkra nemenda í elstu bekkjum grunnskóla og á fyrstu árum framhaldsskóla á Íslandi og í Svíþjóð. Einkum er sjónum beint að innflytjendum sem í báðum löndum hafa átt á brattann að sækja innan skólakerfisins og töluleg gögn í báðum löndum sýna að brottfall úr

framhaldsskólum hefur verið mikið í þessum hópi. Skoðaðir voru tveir grunnskólar og tveir framhaldsskólar í hvoru landi og tekin hálfopin viðtöl við skólastjórnendur og kennara skólanna auk þess sem fylgst var með kennslustundum. Í ljósi hugmynda J. A. Banks (2007) o.fl. fræðimanna um fjölmenningslega menntun og kennslu eru kennsluhættir skoðaðir og rýnt í stefnu skólanna sem við sögu koma. Þá eru hafðar til hliðsjónar kenningar Hoy og Miskel (2005) um stofnanir og Sergiovannis (2006) um skólastjórnun sem og kenningar Bourdieu (1986) um félagsauð. Lagaumhverfi skólanna í báðum löndum er skoðað með tilliti til réttinda innflytjenda. Eftirfarandi rannsóknarspurning var lögð til grundvallar rannsókninni: Hvernig endurspeglast fjölbreytni nemenda í starfsháttum grunn- og framhaldsskóla á Íslandi og í Svíþjóð? Fyrstu niðurstöður leiða í ljós mismunandi kennsluhætti kennara og mikilvægi þess að skólarnir hafi afdráttarlausa stefnu um málefni innflytjenda sem fylgt er eftir af stjórnendum.

## **Learning Spaces for Inclusion and Social Justice (LSP): Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Iceland**

### **Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum**

LSP er þriggja ára rannsóknarverkefni (2013-2015) með fjórum megin rannsóknaráherslum eða sviðum:

- 1) Reynsla, metnaður og væntingar nemenda af erlendum uppruna;
- 2) Þróun fagmennsku kennara og kennsluáferðir;
- 3) Forysta, samvinna og skólamenning;
- 4) Menntastefnur, skólastefnur og námskrár.

Meginmarkmið verkefnisins eru eftirfarandi: að öðlast skilning á reynslu nemenda af erlendum uppruna sem átt hafa náms- og félagslegri velgengni að fagna á Íslandi og læra af henni; að kanna og öðlast skilning á því hvernig félagslegt réttlæti birtist í skólastarfi og öðru námsumhverfi sem byggir á fjölbreytileika og hefur jafnrétti að leiðarljósi. Verkefnið er þverfaglegt og byggir á eiginlegri og meginlegri aðferðafræði. Samhliða gagnasöfnun á Íslandi fer fram gagnasöfnun samkvæmt sambærilegu rannsóknarlíkani í leik-, grunn- og framhaldsskólum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og rannsóknahópar í öllum löndunum vinna saman. Niðurstöður munu að öllum líkindum varpa ljósi á skólastarf sem er til fyrirmyndar með tilliti til náms- og félagslegs árangurs nemenda af erlendum uppruna og verða þannig

leiðarljós fyrir umbætur í kennslu og skólastarfi ásamt því að verða mikilvægt framlag til þróunar menntastefnu og kennaramenntunar. Verkefnið er styrkt af *NordForsk* og *Rannís*.

### **Fyrirmyndarstarf eða rými til úrbóta? Rannsókn í þrem íslenskum leikskólum**

Hildur Blöndal, doktorsnemi Mvs. HÍ,

Fríða B. Jónsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Hanna Ragnarsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Í erindinu er fjallað um fyrstu niðurstöður rannsóknar í þrem leikskólum á Íslandi sem þekktir eru fyrir að vinna ötullega að jafnrétti og félagslegu réttlæti. Gögnum var safnað frá hausti 2013 til vors 2014 með viðtölum við leikskólastjóra, leikskólakennara og annað lykilstarfsfólk skólanna, svo og foreldra. Einnig fóru fram vettvangsathuganir í skólunum þar sem m.a. voru teknar myndir og myndbönd. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar byggir m.a. á gagnrýnum fjölmenningsfræðum (Banks, 2007; May, 1999; Nieto, 2010) sem beina athygli að völdum og átökum innan skóla og hvernig draga megi úr ójöfnuði og útilokun með nýrri sýn og skipulagi skóla. Þátttaka, aðgengi og tækifæri í skólum þar sem fyrir eru fjölbreyttir barna- og kennarahópar eru einnig til umræðu (Gundara, 2000; Hanna Ragnarsdóttir, 2010; Reid & Santoro, 2006; Schmidt & Block, 2010). Fyrstu niðurstöður benda til þess að aðgengi barnanna og þátttaka sé mismunandi eftir skólunum og að tækifæri til náms og þátttöku séu í sumum tilvikum vannýtt. Enn fremur vakna spurningar um jaðarsetningu sem afleiðingu af hugmyndafræði skóla. Þrátt fyrir ánægju margra foreldra með skólastarfið er ljóst að nýta má betur tækifæri sem gefast í starfinu til að örva tungumálaþroska barnanna, bæði hvað móðurmál þeirra og íslensku varðar (Cummins, 2004).

### **Sögur kennara um kennslu nemenda af erlendum uppruna**

Anna Katarzyna Wozniczka, doktorsnemi Mvs. HÍ,

Karen Rut Gísladóttir, lektor Mvs. HÍ,

Edda Óskarsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ,

Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor Mvs. HÍ.

Í kjölfar aukinna fólksflutninga til Íslands síðustu áratugi hefur nemendum af erlendum uppruna fjölgað í skólum á landinu. Þessi breyting á nemendahópnum hefur áhrif á störf kennara. Þeir þurfa að leggja sig fram um að koma til móts við nemendur með ólíkan menningarbakgrunn, tungumál og trúarbrögð. Í þessum fyrirlestri ætlum við að draga fram

hvernig kennarar sem náð hafa árangri í vinnu með nemendum af erlendum uppruna nýta eigin auðlindir og reynslu sem og auð og reynslu nemenda til að skapa námsrými sem gerir þeim kleift að bregðast við ólíkum bakgrunni nemenda. Rannsóknarspurningar eru: Hverjir eru þessir kennarar? Hvernig nýta þeir eigin auðlindir sem og auðlindir nemenda í kennslu? Hvernig stuðla þeir að árangri nemenda? Tekin voru viðtöl við kennara á grunnskólastigi á Íslandi þar sem þeir voru beðnir um að draga fram sögur úr kennslu sem varpað gætu ljósi á þau tækifæri og áskorarnir sem þeir standa frammi fyrir í að mæta ólíkum bakgrunni þessa nemendahóps. Þessum viðtölum var fylgt eftir með vettvangsathugunum. Fyrstu niðurstöður benda til að innsæi kennara, sköpunarkraftur, lausnamiðaðir kennsluhættir og ákveðnir persónulegir og faglegir styrkleikar stuðli að árangri þessara kennara í að mæta ólíkum bakgrunni nemenda.

### **Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories of Secondary School Students with Immigrant Background in Iceland**

Samúel Lefever, associate professor Mvs. HÍ,

Robert Berman, associate professor Mvs. HÍ,

Renata Emilsson Pesková, doctoral student Mvs. HÍ.

This presentation is based on findings from the research project entitled Learning Spaces for Inclusion and Social Justice: Success Stories from Immigrant Students and School Communities in Four Nordic Countries (2013-2015). The main objective of the project is to identify immigrant students' success stories at preschool, compulsory school and upper secondary school levels. The purpose of the study is to establish to what extent students' successes may be attributable to features within schools or external to the school. Learning spaces refers to school communities, as well as learning environments and practices beyond schools that may be instrumental for students' participation and success. In the project, students' success refers to social as well as academic actualization or attainment. This presentation will draw on findings from semi-structured interviews with students and former students in three upper secondary schools who see themselves, and/or whom others see, as successful. We will discuss students' perceptions of success, their descriptions of learning environments and teaching practices, and the teachers or other people in their lives who have contributed to their success. The findings from this project contribute to ongoing dialogue on how best to meet the needs of an increasing number of immigrant students in Icelandic upper secondary schools.



## Notkun hugbúnaðarins GeoGebru við stærðfræðikennslu

GeoGebra er frjálts ókeypis hugbúnaður sem notaður er á fjölbreyttan hátt við stærðfræðináms og kennslu á öllum skólastigum. Hugbúnaðurinn nýtist einnig við námsefnisgerð og námsmat. Hann hefur verið þýddur á fjölda tungumála, þar á meðal íslensku. Í málstofunni verður fjallað um erlent samstarf íslenska GeoGebrusamfélagsins, hagnýtingu GeoGebru í skólakerfinu á Íslandi og nýlega rannsókn sem gerð var í íslenskum framhaldsskóla.

### Um GeoGebru, Nordic GeoGebra Network og skjámyndbandahópinn

Freyja Hreinsdóttir, Mvs. HÍ

Innan samstarfsnetsins Nordic GeoGebra Network <http://nordic.geogebra.no> (NGGN) er starfandi svokallaður *Skjámyndbandahópur*. Hópurinn var stofnaður haustið 2013 á ráðstefnu samstarfsnetsins í Kaupmannahöfn. Hann var opinn öllum áhugasömum kennurum og ætlunin er að hann starfi að athugunum á notkun skjámyndbanda við stærðfræðikennslu í eitt ár eða fram að næstu ráðstefnu samstarfsnetsins í Finnlandi haustið 2014. NGGN skipulagði fund í mars síðastliðnum á Íslandi fyrir þennan hóp þar sem hann hittist, þar saman bækur sínar og lagði drög að verkefnaáætlun næstu mánaða. Hópurinn mun síðan taka saman niðurstöður og skýra frá þeim á ráðstefnu í Finnlandi í haust.

Í málstofunni verður starfsemi Nordic GeoGebra Network kynnt ásamt hugmyndafræðinni á bak við skjámyndabandahópinn og aðra slíka hópa sem stofnaðir verða á næstu árum.

### Notkun skjámyndbanda og GeoGebru í stærðfræðikennslu – tilraunir með hljóðlaust myndband.

Bjarnheiður Kristinsdóttir, framhaldsskólakennari

Valgarð Mór Jakobsson, framhaldsskólakennari

Skjámyndabandahópurinn samanstendur af kennurum í Svíþjóð, Lettlandi, Eistlandi, Litháen og Íslandi. Hópurinn kom sér saman um að gera prófanir í hverju landi á hljóðlausum myndböndum, þannig að nemendur eru látnir tala inn á myndbönd með stærðfræðilegu innihaldi. Hér er um að ræða nýjan og spennandi möguleika sem nota má við námsmat. Skjámyndabandahópurinn hefur búið til nokkur hljóðlaus myndbönd sem er að finna á <https://www.geogebraTube.org/student/b98465#>. Samræmt matsblað hefur verið þýtt á öll

tungumál samstarfsnetsins og verða tilraunir gerðar með notkun myndbandanna á Íslandi í september 2014. Í málstofunni verður reynslan af þessu í nokkrum skólum á Íslandi kynnt.

### **Þróunarverkefni um skapandi námsmat í stærðfræði með notkun upplýsingatækni.**

Guðrún Angantýsdóttir, framhaldskólakennari

Vilhjálmur Þór Sigurjónsson, framhaldskólakennari

Í þróunarverkefninu „Skapandi námsmat í stærðfræði með notkun upplýsingatækni“ er gerð tilraun til að fara nýjar leiðir í kennslu og námsmati þar sem áhersla er lögð á að vinna með heildstæðan kennsluferil ákveðinna viðfangsefna í stærðfræði. Valið var að vinna með jöfnu línu og fleygboga. Kennsluleiðbeiningar fyrir kennara og verkefni eru opin öllum og hægt er að nálgast þau á vefsíðunum <https://sites.google.com/site/jafnalinu/> og <https://sites.google.com/site/fleygbogi/>. Verkefni var styrkt af Sprotasjóði. Í málstofunni verður uppbygging efnisins kynnt.

### **Trú á eigin getu, viðhorf og árangur nemenda með aðstoð forritsins GeoGebra.**

Alexandra Viðar, framhaldskólakennari

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna áhrif notkunar GeoGebra í stærðfræði, með áherslu á rúmfræði, á nám nemenda, með því að skoða tengsl milli trúar þeirra á eigin getu, viðhorfs til stærðfræði/rúmfræði og árangurs þeirra. Lögð var áhersla á möguleika sem felast í uppgötvunarmiðuðu námskeiði með aðstoð forritsins GeoGebra sem boðið var nemendum á almennri braut, „Brautabré“, við Kvennaskólann í Reykjavík. Niðurstöður gáfu meðal annars til kynna að getuminni nemendur í stærðfræði telji viðhorf sitt til rúmfræði hafa breyst eftir innleiðingu forritsins GeoGebra í námi þeirra. Að auki leiddi það til þess að bæði sjálfstraust þeirra og árangur í stærðfræði hefur aukist.

Í málstofunni verður rannsóknin kynnt og sagt frá helstu niðurstöðum.

### **Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun**

#### **Stærðfræðikennsla á mótum leik- og grunnskóla**

Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Jónína Vala Kristinsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður fjallað um rannsókn á stærðfræðikennslu á mótum leik- og grunnskóla. Rannsóknin byggir á rýnihópaviðtölum við níu kennara í leik- og grunnskólum sem hafa langa reynslu af kennslu ungra barna og hafa allir sótt framhaldsnám um stærðfræðinámsgrá ungra barna. Einnig var stuðst við fræðileg skrif þeirra um stærðfræðinámsgrá og -kennslu ungra barna.

Markmið rannsóknarinnar var að greina hvað einkennir kennslu þeirra kennara sem hafa lagt sig eftir að kynna sér hvernig hugsun barna um stærðfræði þróast og nýta sér þá þekkingu í skólastarfinu. Þemagreining var notuð til að greina meginþemu og komu í ljós fjórar megináherslur í starfi kennaranna. Þeir byggja á auðlindum nemenda við skipulagningu stærðfræðikennslu. Samstarf milli kennara í leik- og grunnskóla er þeim mikilvægt og einnig samstarf barna milli skólastiganna. Áhersla er á að nemendur fái að vinna á eigin forsendum og læra hver af öðrum undir leiðsögn kennara. Þá er samstarf við aðra kennara og foreldra þeim mikilvægt og telja þeir að það að skoða starf sitt með samkennurum, foreldrum og öðrum fagmönnum styðji þá við að þróast sem fagmenn. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að kennarar, sem vinna markvisst að því að bæta við sig þekkingu á stafi sínu sem stærðfræðikennarar ungra barna, skapi börnunum frjóar og fjölbreytilegar námsaðstæður.

### **Á hvaða hugmyndum byggir sérhæfing í stærðfræði í kennaranámi?**

Guðbjörg Pálsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Guðný Helga Gunnarsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Á undanförunum árum hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir á stærðfræðikennaranámi og settar fram kenningar um hvaða þekkingu stærðfræðikennarar þurfa að hafa. Í fyrirlestrinum verður fjallað um rannsókn á stærðfræðikennaranámi fyrir grunnskólakennara á Íslandi og í Suður-Afríku. Meginöggn rannsóknarinnar eru kennsluskrár og kennsluáætlanir frá Háskóla Íslands og Nelson Mandela Bay Metropolitan University. Dregin er fram meginýsýn á hvorum stað og leitast við að greina áhrifaþætti á skipulag og áherslur í náminu. Við greiningu gagna var notað þekkingarlíkan Tim Rowlands og samstarfsmanna hans (2005, 2014) sem byggir á fjórum þáttum, þ.e. hæfni og þekkingu á fræðum, hæfni til að skipuleggja og setja fram stærðfræðileg viðfangsefni, hæfni til að geta greint tengsl milli aðgerða, aðferða og hugtaka og hæfni til að lesa í og bregðast við aðstæðum í stærðfræðikennslu. Niðurstöður sýna að margt er líkt í hugmyndum um inntaksþætti í stærðfræðikennaranámi og verkefnalýsingum námskeiða. Skólarnir eru í mjög ólíkum samfélögum og setur það lit sinn á vinnubrögð og viðfangsefni. Greina má að byggt er á svipuðum fræðilegum grunni og hugmyndum um hvað sé mikilvægt í stærðfræðikennaranámi. Rannsóknin varpar ljósi á áhrifaþætti í stærðfræðikennaranámi og skapar grundvöll fyrir umræður um hvernig megi efla stærðfræðikennaramenntun.

## Nám og kennsla í einstökum list- og verkgreinum

### Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs og rannsóknin Starfshættir í grunnskólum, list- og verkgreinar

#### Heimilisfræði – í fortíð og nútíð

Ragnheiður Júníusdóttir, aðjúnkt Mvs. HÍ

Upphaf heimilisfræðikennslu á Íslandi var í Austurbæjarskóla árið 1930. Heimilisfræði kom fyrst fyrir í aðalnámskrá árið 1960, kallaðist þá matreiðsla og hússtjórn og virtist fyrst og fremst ætluð stúlkum. Í aðalnámskrá frá 1974 hét greinin heimilisfræði og var ætluð bæði stúlkum og drengjum, nemendahópurinn stækkaði en kennslustundum fjölgaði ekki. Frekari breytingar urðu 1984 þegar kennsla í heimilisfræði var færð niður í 1.- 6. bekk og kennslustundum fjölgað. Síðari breytingar snúa síðan meira að inntaki kennslunnar en að ytri umgjörð. Í þessari rannsókn var m.a. ytri umgjörð heimilisfræðikennslu skoðuð. Fram kom að aðstaða til kennslu í greininni var almennt góð, viðfangsefnið voru fyrst og fremst verkleg með áherslu á að þjálfa verklag og verkfærni. Algengustu kennsluaðferðirnar voru para- eða hópavinna og sýnikennsla. Heimilisfræðikennarar áttu í minna samstarfi við aðra kennara en aðrir list- og verkgreinakennarar. Spurningakönnun meðal nemenda sýndi að heimilisfræði var vinsælasta námsgreinin í 7. og 10. bekk en var töluvert minna metin þegar kom að mikilvægi námsgreina. Út frá þessum niðurstöðum verður velt vöngum yfir framtíð heimilisfræðikennslu á Íslandi, verður hún í óbreyttu formi eða er hægt að þróa hana áfram í samstarfi við aðrar námsgreinar. Rannsóknin er hluti af list- og verkgreinaþætti rannsóknarinnar *Starfshættir í grunnskólum*.

#### Leiklist í skólastarfi – fjölbreytt þjálfun sem mætti vera útbreiddari

Kristín Á. Ólafsdóttir, aðjúnkt Mvs. HÍ

Leikræn tjáning kom fyrst fram í aðalnámskrá grunnskóla á áttunda áratugnum og þá sem kennsluaðferð í móðurmáli og samfélagsfræði. Í aðalnámskrám 1999 og 2007 hafði hún sess í sérstöku listgreinahefti. Þar var bæði gert ráð fyrir henni sem kennsluaðferð annarra námsgreina og að hún væri kennd sem listgrein en þá undir heitinu leiklist. Regnhlífarhugtakið leiklist í skólastarfi er nú gjarnan notað til þess að ná yfir mismunandi birtingarform leiklistar og aðferða hennar í grunnskólastarfinu. Í fyrirlestrinum, sem byggir á rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum*, verður fjallað um útbreiðslu leiklistar í skólastarfi

eins og áætla má út frá niðurstöðum. Raddir nokkurra skólastjórnenda verða kynntar í því sambandi. Aðstæðum í leiklistarkennslu verður lýst, svo sem aðbúnaði, stærð nemendahópa, hvenær dagsins er kennt og einnig sagt frá bakgrunni kennaranna. Skoðað er samstarf, frumkvæði og sköpun nemenda út frá vettvangsathugunum og þjálfunarþættir leiklistarkennslunnar greindir. Sagt verður frá markmiðum sem leiklistarkennararnir höfðu í kennslu sinni og hvernig list- og verkgreinakennarar sögðust styðjast við námskrár í undirbúningi kennslu. Velt er vöngum yfir samstarfi list- og verkgreinakennara sín á milli og við aðra kennara. Höfundur er í hópi þeirra sem vinna list- og verkgreinaþátt rannsóknarinnar *Starfshættir í grunnskólum*.

### **Kaflaskil í tónlistarfræðslu?**

Helga Jenný Stefánsdóttir, sérfræðingur Mvs. HÍ,

Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Námsgreinin tónmennt á sér ekki langa sögu á Íslandi þó svo að minnst hafi verið á söng í lögum og námskrám áður en námsgreinin fékk heitið tónmennt. Þegar tónmennt var innleidd í aðalnámskrá á 8. áratug síðustu aldar mörkuðust ákveðin kaflaskil í tónlistarfræðslu sem hluta af skyldunámi í grunnskóla. Á nokkrum áratugum hafa tónmenntakennarar mótað starfshætti í tónmenntakennslu, hver með sínu móti. Í þessum fyrirlestri verður fjallað um niðurstöður rannsókna á áherslum og aðferðum tónmenntakennara í íslenskum grunnskólum. Rætt verður um það sem var sameiginlegt með þeim og hvað var ólíkt í nálgun tónmenntakennaranna. Einnig verður varpað fram hugleiðingum um það hvort komið sé að nýjum kaflaskilum í tónlistarfræðslu innan grunnskólans. Rannsóknin er hluti af list- og verkgreinaþætti rannsóknarinnar *Starfshættir í grunnskólum*.

### **Starfshættir í framhaldsskólum – Frá sjónarhorni nemenda**

#### **Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs – rannsóknin Starfshættir í framhaldsskólum**

### **Eru nemendur virkir þátttakendur í námi sínu? Hlutverk og staða nemenda í framhaldsskólum**

Valgerður S. Bjarnadóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Erindið tengist umfangsmikilli rannsókn á starfsháttum íslenskra framhaldsskóla, sem unnin er af hópi fræðimanna, doktors- og meistaranema við Háskóla Íslands. Gagnasöfnun hófst haustið 2013 og þegar hefur gagna verið aflað í fjórum skólum af þeim níu sem eru í úrtaki rannsóknarinnar. Sá hluti rannsóknarinnar sem hér verður kynntur byggir á

vettvangsathugunum og viðtölum við nemendur í skólunum fjórum. Markmiðið er að varpa ljósi á viðhorf nemenda til þeirra eigin stöðu og hlutverka sem nemendur í framhaldsskóla. Spurt er: Hvernig líta þeir á hlutverk sitt og hvernig sinna þeir hlutverkum sínum í kennslustundum? Meðal þátta sem skoðaðir verða eru virkni, ábyrgð, þátttaka, vinnusemi og undirbúningur.

### **Frumkvæði framhaldsskólanemenda í námi**

Gerður G. Óskarsdóttir, fræðimaður Menntavísindastofnun, Mvs. HÍ

Möguleikar nemenda á að sýna frumkvæði og stýra með einhverjum hætti námi sínu og námsframvindu er hluti af skilgreiningum á því sem nú er gjarnan nefnt einstaklingsmiðað nám (sbr. Anna Kristín Sigurðardóttir, 2007; Gerður G. Óskarsdóttir, 2003; Hargreaves, 2006; Tomlinson og McTighe, 2006). Markmið þessarar athugunar er að varpa ljósi á frumkvæði og sjálfstýringu framhaldsskólanemenda í náminu, s.s. að hvaða marki þeir tjá hugmyndir sínar, sýna frumkvæði eða velja sér viðfangsefni. Byggt er á vettvangsathugunum í um 50 kennslustundum í fjórum framhaldsskólum (um 70 klst.) og viðtölum við nemendur og kennara. Athugunin er hluti af rannsókninni *Starfshættir í framhaldsskólum*, en gagnasöfnun stendur enn yfir. Við greiningu gagna er stuðst við þriggja þrepa kvarða; á fyrsta þrepi er ekki um frumkvæði nemenda eða sjálfstýringu að ræða, á öðru þrepi er möguleiki á eða ætlast til einhvers frumkvæðis, á þriðja þrepi er frumkvæði nemenda ráðandi og þeir stýra verkum sínum. Tekið er saman hlutfall þess tíma sem nemendur vinna á hverju þrepi og viðfangsefnum lýst. Einnig er fjallað um svör nemenda og kennara við spurningum um hvort eða að hvaða marki nemendur geta sett mark sitt á námið og sýnt frumkvæði svo og hvort þeir gera sér námsáætlanir og meta framgang námsins.

### **Óákveðni við námsval og skuldbinding framhaldsskólanema gagnvart námi og skóla**

Kristjana Stella Blöndal, lektor Fsv. HÍ

Bjarney Sif Ægisdóttir, meistarnemi Fsv. HÍ

Óígrundað námsval er ein þeirra skýringa sem gefnar eru fyrir brotthvarfi úr framhaldsskóla. Skuldbinding nemenda til náms og skóla er lykilþáttur í kenningum um brotthvarf frá námi. Markmið rannsóknarinnar er að kanna tengsl á milli óákveðni við námsval í framhaldsskóla og skuldbindingar framhaldsskólanema gagnvart námi og skóla. Rannsóknin er hluti af langtímarannsókninni *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla* sem hófst árið

2007 og náði til allra hefðbundinna framhaldsskóla landsins. Þátttakendur voru 1780 framhaldsskólanemendur á aldrinum 16-18 ára. Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar benda til að því óvissari sem nemendur voru um námsval sitt, því neikvæðari var námshegðun þeirra, því minna samsömuðu þeir sig skólanum og því minni var metnaður þeirra. Þessar niðurstöður komu fram að teknu tilliti til kyns, aldurs, menntunar foreldra, fyrri námsárangurs og hvort nemendur voru á bóknáms- eða starfsnámsbrautum. Jafnframt sýndu niðurstöður að því oftar sem nemendur íhuguðu að skipta úr bóknámi yfir í starfsnám, því minna samsömuðu þeir sig skólanum og því minni metnað höfðu þeir. Höfundar fundu ekki sambærilega rannsókn á tengslum óákveðni við námsval og skuldbindingar nemenda. Niðurstöðurnar renna stoðum undir mikilvægi náms- og starfsráðgjafar við að aðstoða ungmenni til að taka ígrundaðar ákvarðanir um námsval.

### **Viðhorf og reynsla nemenda í framhaldsskólum**

Inga Berg Gísladóttir, meistaranemi Fsv. HÍ

Kristjana Stella Blöndal, lektor Fsv. HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á það hvernig skuldbinding til náms og skóla birtist hjá íslenskum framhaldsskólanemum. Skuldbinding (e. student engagement) er yfirgrípsmikið hugtak sem mikið hefur verið notað í kenningum og rannsóknum á námsframvindu nemenda. Byggt er á viðtölum við nemendur í fjórum framhaldsskólum. Athugunin er hluti af rannsókninni *Starfshættir í framhaldsskólum* en gagnaöflun stendur enn yfir. Fjallað verður um skuldbindingu nemenda út frá þremur meginvæddum, það er eins og hún birtist í hegðun þeirra, tilfinningum og metnaði til náms. Sjónum er beint að virkni nemenda í námi, upplifun þeirra á samskiptum við kennara, nemendur og starfsfólk skólans, mikilvægi náms og vinnu með námi.

### **Starfshættir í framhaldsskólum – Kennsla og stjórnun**

#### **Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs – rannsóknin Starfshættir í framhaldsskólum**

### **Kennsla í verklegu námi í framhaldsskólum: Verkefni nemenda og hlutverk kennara**

Elsa Eiríksdóttir, lektor Mvs. HÍ

Fjallað verður um fyrstu niðurstöður athugunar á tilhögun verklegrar kennslu í framhaldsskólum. Rannsóknin er hluti af rannsókninni *Starfshættir í framhaldsskólum* en gagnasöfnun stendur enn yfir. Vettvangsathuganir voru gerðar í níu verklegum

kennslustundum (80-240 mínútur) í fjórum framhaldsskólum. Leitast verður við að greina helstu einkenni kennslutilhögunar; þ.e. hvernig verkleg vinna nemenda fer fram og hlutverk kennarans í því samhengi. Fyrstu greiningar benda til að verkleg kennsla sé frekar einsleit: Í átta af níu kennslustundum sem skoðaðar voru unnu nemendur skýrt afmörkuð einstaklingsverkefni í ákveðinni röð með aðstoð kennara. Í sex af þessum tímum hafði röð verkefna verið skipulögð í upphafi annar, nemendur unnu á sínum hraða yfir önnina og voru þar af leiðandi á ólíkum stöðum í verkefnavinnu og hópnum aldrei kennt sem heild. Í tveimur kennslustundum unnu allir nemendur sömu verkefni í kennslustundinni og kynnti þá kennarinn aðferð og verkefni fyrir nemendum í upphafi tímans. Ein kennslustund skar sig úr, en þar unnu nemendur saman í hópum við að leysa verkefni sem ekki hafði fyrirfram gefna lausn eða aðferð, heldur var unnið út frá gefnum hagnýtum forsendum fagsins. Rætt verður um kosti og galla þessara ólíku nálgana fyrir verklegt nám út frá sálfræðilegum rannsóknum um hvernig verkleg kunnátta lærist og þjálfast.

### **„Okkur fannst þetta bara vesen, en svo...“: Dæmi um viðhorf framhaldsskólakennara til nýju námskrárinnar**

Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Þessi fyrirlestur tengist umfangsmikilli rannsókn á starfsháttum framhaldsskóla sem unnin er af hópi fræðimanna, doktors- og meistaranema. Gagnasöfnun hefur staðið yfir frá hausti 2013. Henni er ekki lokið en ákveðnar vísbendingar hafa þegar komið fram. Fyrirlesturinn byggir á viðtölum við tungumálakennara og vettvangsathugunum í framhaldsskólum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Í fyrirlestrinum mun sjónum einkum beint að viðhorfum kennara til nýju námskrárinnar og þeim breytingum sem hún hefur í för með sér svo sem þrepaskiptingunni. Greint verður frá fyrstu vísbendingum um hvað kennurum finnst um aðdraganda námskrárvinnunnar og hver afstaða þeirra er til þeirrar vinnu. Einnig verður rætt um viðhorf kennaranna til námskrárinnar almennt. Þar á meðal hvort og þá hvernig, að þeirra mati, hún hafi eða muni hafa áhrif á kennsluhætti þeirra eða inntak námsins. Niðurstöður benda til að þekking kennara á nýju námskránni sé mjög mismunandi og kennararnir upplifi námskrárvinnuna og þær breytingar sem í henni felast á afar ólíkan hátt. Þar virðist skipta máli aðkoma stjórnenda, samvinna innan greina og hvernig greiðslum er háttað. Niðurstöður verða ræddar í ljósi kenninga um skólaþróun.



## **Mat stjórnenda á ytri og innri áhrifaþáttum menntabreytinga í íslenskum framhaldsskólum**

Guðrún Ragnarsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Jón Torfi Jónasson, prófessor Mvs. HÍ

Í yfirgripsmikilli rannsókn á starfsháttum í íslenskum framhaldsskólum svara skólastjórnendur því hvaða ytri og innri áhrifaþættir hvetja eða letja menntabreytingar. Markmið rannsóknarinnar er að meta hvetjandi uppsprettu menntabreytinga og kortleggja letjandi þætti. Niðurstöður byggja á viðtölum sem tekin voru á haustönn 2013 og vorönn 2014 við tíu stjórnendur (skólameistara og millistjórnendur) sem starfa í fjórum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Bæði skólarnir og viðmælendur voru valdir með lagskiptu úrtaki. Í erindinu verður fjallað um þær niðurstöður sem snúa að áhrifum framhaldsskólalaga og innleiðingu aðalnámskrár á menntabreytingar á skólastiginu að mati skólastjórnenda, einnig verður rætt um afleiðingar efnahagskreppunnar á innleiðinguna og áhrif hagsmunahópa, starfsramma kennara og stéttarfélagsins. Að auki fjöllum við um starfsþróun, innlent og erlent samstarf og áhrif annarra skólastiga. Við skoðum með hvaða hætti menntarannsóknir eru nýttar til umbóta og hvernig innleiðingin er vöktuð og metin. Einnig skoðum við þá áhrifaþætti sem spretta innan frá þ.e. frá framhaldsskólakennurum sjálfum, einkum út frá þeim námsáföngum sem þeir kenna, námsbrautum sem þeir starfa við, deildum og sviðum, sem og áhrif jafningja og átök þeirra á milli. Sumir þessara þátta ýta undir breytingar á meðan aðrir virðast hindra þær.

## **Einkunnarorð framhaldsskóla**

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Mvs. HÍ

Flestir framhaldsskólar landsins eiga sér kjörorð, einkunnarorð eða gildi sem samanstanda af tveimur til fimm orðum á borð við virðingu, víðsýni, árangur, heiðarleika, framsækni og ábyrgð. Í nokkrum öðrum tilvikum er um að ræða samsetningar á borð við sveigjanlegt námsfyrirkomulag eða framsækinn framhaldsskóli í heimabyggð. Fáeinir skólar virðast engin slík einkunnarorð hafa.

Uppruna rannsóknarinnar má rekja til þess að skoðaðar voru heimasíður helmings allra framhaldsskóla í landinu til að vita hvort þeir hefðu útbúið sérstök meginstefnuskjöl undir heitinu skólasýn eða undir öðru sambærilegu nafni. Í þeirri leit reyndust einkunnarorðin (samheiti yfir kjörorð, einkunnarorð, gildi o.fl.) afar áhugaverð og var því haldið áfram að skoða heimasíður skólanna til að leita einkunnarorða. Í erindinu eru einkunnarorð allra framhaldsskóla skoðuð: Þau voru talin (hversu oft sömu orðin koma fyrir), skoðað hvað þau

eiga sameiginlegt, hvaða hlutverki þau virðast gegna í hverjum skóla fyrir sig (m.a. út frá því hvar á heimasíðunni þau eru), hvernig þau tóna við önnur helstu stefnuskjöl skólans og íhugað til hvers þau eru.

## Læsismenntun á yngsta stigi grunnskóla

### Rannsókn á Byrjendalæsi: Markmið og aðferðir

Rúnar Sigþórsson, prófessor HA

Byrjendalæsi sem umgjörð um læsiskennslu í 1. og 2. bekk hefur verið innleitt í grunnskólum í samvinnu við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) frá 2006. Höfundur aðferðarinnar er Rósa Eggertsdóttir. Byrjendalæsi er hvort tveggja í senn: kennslulíkan og starfsþróunarferli við innleiðingu aðferðarinnar. Rannsókn á læsismenntun undir merkjum Byrjendalæsis hófst haustið 2011. Markmið hennar er að rannsaka Byrjendalæsi, nám og kennslu sem fram fer undir merkjum þess og starfsþróun við innleiðingu Byrjendalæsis í ljósi alþjóðlegrar þekkingar á læsismenntun og starfsþróun. Enn fremur að efla rannsóknir og þekkingu á læsismenntun og stuðla að þróun hennar í grunnskólum. Rannsóknin beinist að lykilþáttum Byrjendalæsis, námi og kennslu, starfsþróun kennara og þróunarskilyrðum innan skóla. Að rannsókninni stendur rannsóknarhópur tengdur hug- og félagsvísindasviði HA og Menntavísindasviði HÍ ásamt meistaranemum. Rannsóknin er tvíþætt: 1) Tilviksrannsóknir í sex skólum þar sem fylgst var með kennslu og tekin viðtöl við kennara, nemendur, foreldra og stjórnendur; 2) spurningalistakönnun sem send var skólastjórum og kennurum í 1.–4. bekk í 68 skólum sem nota Byrjendalæsi og 53 skólum sem ekki nota aðferðina. Í erindinu verður greint nánar frá rannsókninni, markmiðum hennar, rannsóknarspurningum, gögnum og úrvinnslu.

### Hvaða leiðir nota kennarar í 1. og 2. bekk grunnskóla til þess að efla lesskilning nemenda?

Halldóra Haraldsdóttir, dósent HA

Lesskilningur barna og unglunga hefur verið ofarlega á baugi í umræðu um skólamál meðal annars í kjölfar niðurstaðna PISA-rannsókna. PISA-rannsóknin 2012 sýndi að þriðji hver íslenskur fimmtán ára drengur getur ekki lesið sér til gagns og fyrri rannsóknir hafa sýnt að

Þrátt fyrir að stúlkur standi sig betur hefur lesskilningi hrakað hjá báðum kynjum síðasta áratuginn. Lítið er um rannsóknir á þessu sviði í íslensku skólastarfi en í rannsókninni á *Byrjendalæsi* var sjónum að hluta til beint að lesskilningi. Gagnaöflun fór fram með vettvangsathugunum, viðtölum og úrvinnslu ritaðra gagna í sex þátttökuskólum. Jafnframt var unnið úr svörum við spurningalista um aðferðir við læsiskennslu á yngsta stigi í 121 skóla á landinu; 68 skólum sem innleitt hafa *Byrjendalæsi* og 53 skólum sem ekki nota þá aðferð. Í þessu erindi verður greint frá niðurstöðum um leiðir sem kennarar í 1. og 2. bekk notuðu til að efla lesskilning nemenda. Meðal annars var unnið úr gögnum sem tengjast aðferðum kennara við val og úrvinnslu á texta, eflingu orðaforða, notkun lesskilningsaðferða, samvinnu nemenda og stuðning við nemendur. Niðurstöður benda til að kennarar beina athygli með ákveðnum hætti að lesskilningi yngstu nemenda grunnskólans en víða skorti markvissari vinnubrögð, s.s frekari dýpt í úrvinnslu skilningsþátta.

### **Tilhögun læsiskennslu á yngsta stigi: Niðurstöður úr spurningalistakönnun meðal kennara í grunnskólum á Íslandi**

Kjartan Ólafsson, lektor HA

Undanfarin ár hefur vaxandi umræða verið um aðferðir og árangur í læsiskennslu. Niðurstöður mælinga á lesskilningi unglinga við lok grunnskóla hafa meðal annars átt þar hlut að máli og leitt í ljós umtalsverðan kynjamun en lítinn mun milli skóla. Þrátt fyrir áherslu íslenskra stjórnvalda á að efla læsi eru rannsóknir á læsi íslenskra grunnskólanema fáar, þegar PISA- og PIRLS-rannsóknunum sleppir, og fátt í raun vitað um hvernig læsiskennsla í íslenskum skólum fer fram. Í þessu erindi verður greint frá niðurstöðum spurningalistakönnunar sem gerð var vorið 2014 meðal kennara á yngsta stigi (1.–4. bekk) í 121 grunnskóla á Íslandi; 68 skólum sem innleitt hafa *Byrjendalæsi* og 53 skólum sem ekki nota þá aðferð. Í könnuninni voru þeir meðal annars spurðir um tilhögun læsiskennslu. Í erindinu verður byggt á svörum frá um það bil 590 kennurum. Í fyrsta lagi verður leitað svara við því hvort og þá hversu mikill munur er á aðferðum kennara annars vegar milli skóla sem nota *Byrjendalæsi* og hins vegar skóla sem ekki nota það. Í öðru lagi verður skoðað hvort mikill munur er á aðferðum kennara innan hvors hóps skóla fyrir sig.

### **Málstofa ritvers: Stúdentar skrifa**

## **Ágrip nemendaritgerða: Spegill ritgerðar, höfundar eða fyrri ritgerða?**

Baldur Sigurðsson, dósent Mvs. HÍ

Ágrip eru sá hluti nemendaritgerða sem flestir lesa. Ágripnið á að endursegja aðalatriði í eins stuttu og meitluðu máli og unnt er, og fylgja formi ritsmíðarinnar í réttari röð. Erfitt getur verið fyrir óreyndan höfund að átta sig á meginatriðum í verki sínu eftir margra vikna vinnu og koma þeim til skila. Rannsókuð voru 100 ágrip í bakkalárritgerðum kennaranema á Íslandi og í Svíþjóð. Í ljós kom að höfundar hafa mjög ólíkar hugmyndir um hvernig á að skrifa ágrip. Þessi stutti kafli veitir því ekki aðeins upplýsingar um verkefnið, heldur líka um höfundinn sjálfan og hvaða augum hann lítur verkefni sitt. Ágripnið er einnig til marks um hvað höfundur veit um þessa sérstöku tegund ritsmíða og hvert hann sækir fyrirmyndir sínar. Ágripin í hvoru landi eru til marks um mismunandi hefðir í náminu, ritmenningu, kunnáttu og þjálfun í ritun. Verkefni í kennaranámi á Íslandi reyndust fjölbreyttari og svo virðist sem nemendur, sérstaklega á Íslandi, leiti til eldri ritgerða um fyrirmyndir að gerð ágríps. Það getur skýrt ýmis einkenni í íslenska úrtakinu sem ekki koma heim og saman við neinar leiðbeiningar um fræðileg skrif og gerð ágrípa sérstaklega. Leiðbeinendur lokaverkefna þurfa að taka þennan þátt í skrifum nemenda sinna fastari tökum.

## **Betri höfundar eftir heimsókn í ritvernið**

Jóhanna G. Ólafsson, M.ed.-nemi Mvs. HÍ

Í ritverni Menntavísindasviðs fá stúdentar ráðgjöf um verkefni sín á jafningjagrundvelli. Rannsóknin beinist að því hvernig jafningjaráðgjöf hjálpar námsmönnum að verða betri höfundar. Fylgst var með fjórum fullorðnum námsmönnum, iðnmeisturum í kennsluréttindanámi, sem sóttu reglulega viðtalsfundi í ritverinu hjá undirritaðri. Rannsóknarverkefnið er í fyrsta lagi starfendarannsókn þar sem athygli beinist að mér sjálfri í starfi ráðgjafans, stöðu í menntaferli og starfsþróun. Í öðru lagi beinist athygli að höfundum sem eru fullorðnir námsmenn, en fyrir þá getur háskólanám verið stórt stökk. Í þriðja lagi beinist verkefnið að ritsmíðum þessara nemenda og eiginleikum þeirra. Rannsóknargögn eru drög að verkefnum, viðtöl, rannsóknardagbók og gestabókarblöð með skráningu á erindi og umfjöllunarefni hverrar heimsóknar. Stuðst er við kenningar um nám fullorðinna, ritun með áherslu á höfund, rödd og sjálfsemd (e. writers identity). Tilgátan er að á rannsóknartímanum verði breytingar á hugmyndum nemenda um sjálfa sig sem námsmenn og sem höfunda. Þessar breytingar megi greina í því sem þeir skrifa, í betri framsetningu og öruggari og sterkari rödd. Spurningin er hvaða þátt ráðgjafi í ritverinu á í þeim breytingum. Markmiðið er að skilja betur hvernig ég vinn sem ráðgjafi og hvaða aðferðum ég get beitt til að gera enn betur.

## **„Ef allir mega bara tala eins og þeir vilja af hverju þá að kenna málfræði?“ Málfræði og málnotkun, raunverulegt samband eða óskhyggja**

Hanna Óladóttir, aðjúnkt Mvs. HÍ

Óhætt er að segja að skoðanir hafi verið skiptar um málfræðikennslu í grunnskóla. Enn eru menn ekki á eitt sáttir um hvers vegna kenna beri málfræði, til dæmis hvort málfræðikennsla hafi áhrif á málnotkun nemenda og þá sérstaklega á færni þeirra í ritun. Í þessu erindi verður fjallað sérstaklega um hvaða augum nokkrir íslenskukennarar í unglingadeild grunnskóla og nemendur þeirra líta málið og niðurstöðurnar bornar saman við það sem segir um markmiðin í Aðalnámskrá, kennslugögnum og fræðilegri umræðu, bæði hér á landi og erlendis. Ýmsum spurningum verður velt upp eins og hvort markmið í nágildandi Aðalnámskrá um áhrif málfræði á málnotkun séu raunhæf og hvort önnur séu jafnvel eftirsóknarverðari. Í því sambandi verður sérstakur gaumur gefinn að tengslum málfræðikennslu og ritunar.

### **Ritlist í skólastarfi: Gagn og gaman**

Rúnar Helgi Vignisson, dósent Hug. HÍ

Fjallað verður um hugmyndafræðina að baki kennslu í ritlist á háskólastigi en ritlist hefur nú verið boðin sem fullgild námsgrein við Háskóla Íslands frá 2008. Gerð verður grein fyrir uppbyggingu námsins og reifaðar tilgátur um það hvernig fólk nái helst tökum á ritun, hvort sem er í formi skáldaðs eða óskáldaðs texta. Hvað felst í því að skrifa og hvers konar ferli er það? Í framhaldinu verður komið inn á hlutverk og tilgang ritunarkennslu á öðrum skólastigum og þá höfð hliðsjón af áherslum í aðalnámskrám. Ættu nemendur að fá meira svigrúm til þess að nota móðurmál sitt á skapandi hátt og þá hvers vegna? Tengsl ritunar og læsis verða rædd í því sambandi sem og gagnsemi ritunar sem kennsluaðferðar og þá einkum út frá aðferðum sannsögunnar (e. creative nonfiction) þar sem aðferðir skáldskaparins eru nýttar til að miðla sannsögulegu efni.

### **Málstofa: Íslenska sem námsgrein og kennslutunga**

#### **Rannsóknarverkefnið *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga***

Kristján Jóhann Jónsson, dósent Mvs. HÍ

Farið verður yfir útlínur rannsóknarinnar *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga*, rætt um heildarviðhorf til greinarinnar, hugtakið kennslutunga og viðfangsefni íslenskunnar, skólaheimsóknir, málstefnu skóla og ýmis viðhorf til íslensku sem birtast í viðtölum. Sérstaklega verður vikið að bókmenntakennslu. Í rannsókninni er notuð þrískipting Aristótelesar sem ýmsir hafa áður rætt (Aase 2010; Kristján Kristjánsson 2005 o.fl) en löguð að íslenskukennslu. Þrískiptingin er í þekkingu (*episteme*), tækni (*techne*) og skilning (*fronesis*). Einnig er miðað við alkunna skiptingu námskrár í þætti námsgreinarinnar íslensku: Málfræði, bókmenntir, stafsetningu, lestur, talað mál og hlustun og ritun. Í erindinu verður leitast við að sýna hvernig rannsóknin *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* bryddar upp á nýrri orðræðu um íslenskukennslu og miðar að því að móta ný viðhorf í kennslufræði greinarinnar. Þau viðhorf verða síðan dýpkuð í öðrum erindum málstofunnar.

### **Eitt er námsefni, annað kennsla**

Sigurður Konráðsson, prófessor Mvs. HÍ

Í rannsóknarverkefninu *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* var meðal annars fylgst með kennslu í íslensku og skráðar athugasemdir um það sem bar fyrir augu og eyru. Með því að rýna í þessi gögn ásamt viðtölum við kennara og nemendur á mið- og unglingastigi verður leitast við að lýsa kennsluáðferðum og greina þær. Í því ljósi verður skoðað hvaða námsefni er einkum notað og hvernig (sjá t.d. Þórunni Blöndal 2001 og Hönnu Óladóttur 2011). Athugun á því verður borin saman við útgefið námsefni. Niðurstaðan getur orðið til þess að vekja upp spurningar um undirbúning og þekkingu kennara. Hvað skiptir mestu máli til þess að málfræðikennsla sé markviss? Í erindinu verður lögð áhersla á þessa þætti:

- Aðferðir við málfræðikennslu: Nemendahópur. Móðurmál – annað mál.
- Málfræðikennari: Móðurmálskennari, kunnátta og leikni.
- Kennsluefni í málfræði: Kennsluefnishöfundar, bækur, annað efni, útgefendur.
- Kennaranám: Álit kennara.

Um er að ræða bráðabirgðaniðurstöður úr rannsókninni. Mikilvægt er að fá hugmynd um hvort þær styðji algengar hugmyndir um stöðu málfræðikennslu í grunnskólum.

### **„Málfræðin er svona kassalöguðust“: Grunnskólamálfraði frá sjónarhóli kennara**

Finnur Friðriksson, dósent HA

Einn liður rannsóknarverkefnisins *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* er að kanna viðhorf íslenskukennara á grunnskólastigi til íslenskrar málfræði eins og hún birtist í umhverfi skólans í gegnum námsefni og nálgun í kennslu. Þessum þætti hefur lítt verið sinnt í þeim

takmörkuðu rannsóknum sem fram hafa farið á íslenskukennslu og helst að fyrir liggi vísbendingar um að samræmd próf í íslensku, eins og þeim var háttað fram til ársins 2009, hafi haft stýrandi áhrif á kennsluhætti og efnislegar áherslur (Rúnar Sigþórsson, 2008). Til að afla upplýsinga um afstöðu kennara voru viðtöl tekin við íslensku- og/eða umsjónarkennara í 3., 6. og 9. bekk þátttökuskólanna og verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þeirra í erindinu. Í viðtölunum kemur m.a. fram að skoðanir kennaranna eru um margt misjafnar, allt eftir því hver bakgrunnur þeirra er og á hvaða stigi þeir kenna, en um leið má finna ýmsa sameiginlega þræði. Þannig telja þeir almennt rétt að málfræði sé sett í samhengi við aðra þætti íslenskunnar, t.a.m. þannig að hún sé tekin til athugunar í tengslum við bókmenntatexta eða ritun nemenda. Um leið er þó greinilegt að málfræðin er skýrt afmörkuð eining í huga kennaranna, ekki síst þegar komið er í efri bekk grunnskólans. Kennararnir virðast einnig nokkuð sammála um að góð málfræðikunnátta sé forsenda almennrar færni í íslensku, en að minnkandi lestur og lesskilningur standi þessari kunnáttu fyrir þrifum.

**„Ég skil ekki alveg af hverju við þurfum endilega að vita alla orðflokka“:  
Grunnskólamálfraði frá sjónarhóli nemenda**

Ásgrímur Angantýsson, lektor Mvs. HÍ

Greint verður frá niðurstöðum úr hópviðtölum við nemendur á mið- og unglíngastigi í tengslum við rannsóknarverkefnið *Íslenska sem námsgrein og kennslutunga* og gögnin athuguð annars vegar í ljósi kenninga um tungumálið sem félagslegt og menningarlegt auðmagn (Bourdieu 1991) og hins vegar út frá þeirri hugmynd að tileinkun ritmáls sé menningarlegt lærdómsferli (Gee 2004). Flestir viðmælendur hafa skýrar hugmyndir um hvað þeir vilja fá út úr íslenskunáminu en það er einkum að ná góðum tókum á lestri, ritun og viðurkenndri málnotkun. Aftur á móti sjá fæstir tilgang í að læra hefðbundna skólamálfraði. Í erindinu verður sjónum aðallega beint að leiðbeiningum um málnotkun. Allur gangur er á því hvort nemendum er leiðbeint um málfar heima fyrir og að þeirra mati er fremur lítil áhersla lögð á slíka þætti í íslenskutímum. Engu að síður telja viðmælendur að þeir sem lesa mikið og hafa fengið málvarsleiðbeiningar utan skólans njóti þess í íslenskueinkunnum. Í gögnunum má finna vísbendingar um að skólinn verðlauni nemendur sérstaklega fyrir kunnáttu sem þeir koma með að heiman eða úr öðrum áttum en refsí þeim sem ekki hafa fengið slíka forgjöf (Bourdieu 1973).

## Leikur og lestur

### Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi

#### **Einstaklingsmiðuð lestrarkennsla í fyrsta bekk**

Herdís Rós Njálisdóttir M.Ed-nemi Mvs. HÍ

Steinunn Torfadóttir, lektor Mvs.HÍ

Í erindinu er sagt frá blandaðri rannsókn á árangri nemenda í fyrsta bekk, sem skimast höfðu í áhættuhóp vegna hugsanlegra lestrarerfiðleika að hausti. Íhlutun stóð yfir í átta vikur í skóla A með sérhönnuðum, einstaklingsmiðuðum kennsluverkefnum, sem bæði beindust að umskráningu og skilningi. Leitað var svara við eftirfarandi spurningum: 1. Hvernig getum við mætt þörfum barna, inni í bekk, sem skimast í áhættuhóp vegna lestrarerfiðleika strax í upphafi grunnskólagöngunnar? 2. Hvernig nýtast kennsluverkefni höfundar meðfram hugmyndafræði stigskiptrar kennslu (RTI) og námsskipulagi (UDL) við að mæta þörfum barna í margbreytilegum nemendahópi? Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að með stigskiptri kennslu og einstaklingsmiðuðum verkefnum höfundar náðist að efla til muna undirstöðupætti lestrar hjá börnunum umfram samanburðarhópinn. Börn í skóla A stóðu sig áberandi betur á raddlestrarprófi sem lagt var fyrir í báðum skólunum en munurinn var þó aðeins marktækur fyrir áhættuhóp 2. Það vekur upp spurningar um hvort börn í áhættuhópi 1 þurfi lengri tíma og meiri þjálfun til að ná sambærilegum árangri og áhættuhópur 2. Í erindinu verður greint nánar frá árangri nemenda ásamt reynslu kennara af kennsluskipulaginu sem beitt var og þeim hindrunum sem ryðja þurfti úr vegi.

#### **Er það leikur að læra að lesa? Viðhorf og hugmyndir leikskólakennara til eflingar bernskulæsis**

Helga Sigurðardóttir, M.A.-nemi Mvs. HÍ, Helga Sigurmundsdóttir, aðjúnkt Mvs. HÍ,

Steinunn Torfadóttir, lektor Mvs. HÍ

Markmiðið með þessari rannsókn var að kanna viðhorf leikskólakennara til bernskulæsis í leikskólum í þeim tilgangi að athuga hvort efla mætti þætti bernskulæsis á markvissari hátt en nú er gert og með hvaða hætti mætti gera það að mati leikskólakennara. Beitt var blandaðri rannsóknaraðferð þar sem gögnum var annars vegar safnað með spurningakönnun sem send var rafrænt til leikskólakennara og hins vegar með viðtölum við tíu reynda leikskólakennara. Svarhlutfall í könnuninni var 31%, en úrtakið var mjög stórt, eða 600 manns af 2.300 leikskólakennurum í landinu. Í erindinu verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar.



Þær bentu meðal annars til þess að þörf sé á vettvangi fyrir tengsl og samvinnu á milli leikskólakennara þar sem unnið væri að því að móta sameiginlega sýn um eflingu bernskulæsis í leikskólum. Í erindinu verður gerð nánari grein fyrir niðurstöðum einstakra spurninga og með hvaða móti leikskólakennarar telja að vinna mætti að eflingu bernskulæsis í leikskólum.

### **„Það hefur bara jákvæð áhrif á þau“: Upplifun starfsmanna leikskóla á notkun K-PALS aðferða til að þjálfa byrjandi lestrarfærni hjá fimm og sex ára leikskólabörnum**

Kristín Helga Guðjónsdóttir, kennari

Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Mvs. HÍ

K-PALS (Kindergarten Peer-Assisted Learning Strategies) felur í sér aðferðir til að ýta undir byrjandi lestrarfærni fimm og sex ára barna. Nemendur vinna saman í pörum og þjálfa hvor annan eftir að kennari hefur kynnt verkefni. Markmiðið með þessari rannsókn var að kanna hvernig starfsmönnum leikskóla þykir að vinna með aðferðir K-PALS. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við þrettán starfsmenn fimm leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Viðtölin leiddu í ljós að þrátt fyrir neikvæðni í garð aðferðanna í byrjun sáu starfsmenn fljótt að K-PALS bar árangur og viðhorf þeirra urðu jákvæðari. Starfsmenn voru sammála um jákvæð áhrif aðferðanna á lestur og félagsfærni barnanna og tóku eftir greinilegum framförum. Þeir höfðu allir góða upplifun af því að vinna með K-PALS aðferðirnar þó hugmyndir kæmu fram um hvernig mætti bæta vinnu með þær. Viðmælendum fannst árangur barnanna vera greinilegur og að börnin væru ánægð og stolt og það fannst starfsmönnum skipta mestu máli. Af niðurstöðum rannsóknarinnar má draga þær ályktanir að K-PALS henti vel sem viðbótarefni við það lestrarumhverfi sem fyrir er í leikskóla og að leikskólastarfsmönnum líki vel að vinna með aðferðir K-PALS.

### **Áhrif K-PALS aðferða við þjálfun hljóðkerfisvitundar og umskráningar fimm ára barna**

Kristín Svanhildur Ólafsdóttir, kennari/leikskólaleiðbeinandi

Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Mvs. HÍ

Sagt verður frá rannsókn á áhrifum af K-PALS (Kindergarten Peer Assisted Learning Strategies) á kennslu 5 ára leikskólabarna í hljóðabekkingu og umskráningu. K-PALS felur í sér aðferðir til félagakennslu. K-PALS hefur verið þýtt og staðfært á íslensku og notað

undanfarin ár í leik- og grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Í K-PALS er unnið með hljóðkerfisvitund, samband stafs og hljóðs og umskráningu orða. Gert er ráð fyrir 25-35 mínútna kennslustundum, fjórum sinnum í viku í samtals 70 kennslustundir. Í þessari rannsókn voru kennslustundirnar alls 30-45, tvisvar til fjórum sinnum í viku. Í framhaldi af innlögnum kennara í hverri kennslustund, vinna nemendur saman í pörum. Þátttakendur í rannsókninni voru 58 börn á fjórum leikskólum, öll á lokaári í leikskóla, þar sem 30 þeirra fengu kennslu með K-PALS aðferðum en 28 fengu hefðbundna kennslu í undirstöðuþáttum lesturs. Hljóðkerfisvitund, sjálfvirkni í þekkingu á heitum og hljóðum bókstafa ásamt þekkingu á heitum og hljóðum bókstafa var mæld við upphaf inngrips og undir lok þess hjá báðum hópunum. Fjallað verður um niðurstöður rannsóknarinnar og þær ræddar í samhengi við fyrri rannsóknir á þessu sviði, bæði erlendis og hérlendis.

## [Erindi sem tengjast lestri](#)

### [Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi](#)

#### **Áhrif beinnar kennslu á lesskilning unglunga með ADHD**

Haraldur Einarsson, kennari við Brúarskóla og meistaranemi Mvs. HÍ

Helga Sigurmundsdóttir, aðjúkt Mvs. HÍ

Erindið fjallar um kennslurannsókn sem gerð var haustið 2013. Þar var gengið út frá rannsóknarspurningunni: *Er hægt að efla orðaforða og lesskilning unglunga með ADHD með beinni kennslu?* Kennslan beindist að því að kenna nemendum valdar þjóðsögur út frá söguramma, skrifa útdrátt úr þeim og kenna ný hugtök sem koma fyrir í sögunum með það að markmiði að efla orðaforða þeirra og lesskilning. Þátttakendur voru þrír nemendur með ADHD og sögu um námserfiðleika og erfiða hegðun í skóla. Markmið rannsóknarinnar var að auka lesskilning þátttakenda með því að kenna þeim að nota söguramma, skrifa útdrátt og efla orðaforða þeirra með beinni kennslu. Rannsóknin fór fram í sérskóla í Reykjavík og stóð yfir í sex vikur. Beitt var einliðasniði með áherslu á forprófun, inngrip, eftirprófun og endurheimt. Greint verður frá kennslutilhögum og kennslugögnum sem útbúin voru fyrir kennsluna og gerð grein fyrir árangri nemenda eftir sex vikna inngrip út frá eftirprófun og endurheimt. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að bein kennsla hafi jákvæð áhrif á orðaforða og lesskilning þessara unglunga með ADHD. Niðurstöður rannsóknarinnar eru í góðu samræmi við ýmsar aðrar rannsóknir sem benda á að bein kennsla sé meðal árangursríkustu kennsluáferða við að efla orðaforða og lesskilning einstaklinga.

## **„Núna er létt að lesa.“ Notkun stýrðrar kennslu og námshröðunar til að auka lesfimi nemenda með lestrarerfiðleika.**

Guðrún Björg Ragnarsdóttir, sérkennari

Sagt verður frá íhlutun 9 ára lesblinds drengs sem las hægt og tafsamt auk þess sem hann átti í erfiðleikum með skilning við hlustun. Þegar íhlutun hófst haustið 2013 hafði hann ekki sýnt framfarir í lestrarfærni í sex mánuði. Íhlutunin fól í sér breytingar á heimalestri þar sem stýrðri kennslu og námshröðun var beitt. Stýrð kennsla er markviss, árangursmiðuð kennslunálgun sem hefur það að markmiði að auka færni á sem skilvirkastan hátt. Námskröðun er kerfisbundin leið sem er hægt að nota með öllum kennsluaðferðum, en góður árangur hefur verið af því að nota hana samhliða stýrðri kennslu. Meginmarkmið námshröðunar er að þjálfu upp nákvæmni og hraða eða fimi (fluency). Þessum aðferðum var beitt þrisvar í viku, 20 mínútur í senn, í staðinn fyrir hefðbundinn heimalestur. Stuttu eftir að íhlutun hófst jókst sjálfstraust hans gagnvart lestri og öll ritunarvinna virtist verða honum auðveldari. Eftir 17 vikur hafði lestrarhraði nemandans nánast tvöfaldast, eða farið úr 103 í 197 atkvæði að meðaltali. Einnig verður sagt frá breytingum sem gerðar voru á heimalestri hjá 6 ára hæglæsri stúlku en lestrarhraði hennar jókst úr 23 í 40 atkvæði á sex vikum. Hún sýndi fljótt aukinn áhuga á lestri eftir að heimalestri var breytt og hefur sá áhugi haldist.

### **Tónmál kennsluefni í forlestrarfærni fyrir 3 ára**

Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í þessum fyrirlestri verður Tónmál kennsluefnið kynnt. Um er að ræða ítarlegt kennsluefni með geisladiski sem var þróað til að þjálfu 3 ára börn í tónlist og máhljóðgreiningu. Gerð efnisins var styrkt úr Þróunarsjóði námsgagna og rannsókn á árangri kennsluefnisins var styrkt af Rannsóknarstjóði HÍ. Tæplega 100 3 ára börn tóku þátt í rannsókninni en um 30 börn fengu þjálfun með Tónmál efninu í 12 vikur. Drög að námsefninu voru kennd í tilraunaskyni haustið 2012 en sjálf rannsóknin og þjálfunin fór fram á vormisseri 2013. Rannsóknin leiddi í ljós að marktækar framfarir áttu sér stað hjá þjálfunarhópnum í greiningu máhljóða. Einnig var marktækur munur á frammistöðu þjálfunarhópsins og viðmiðunarhóps hvað varðar máhljóðgreiningu og taktskyn.

## **Einu sinni var.... Áhugi nemenda á ritun**

Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúnkt Mvs. HÍ

Nemendur í dag alast upp með tölvum og þeirri fjölbreytni í samskiptum sem tölvur skapa. Nemendur tjá sig meira en áður í stikkorðastíl með smáskilaboðum og tölvubréfum. Hefðbundin, skapandi skrif virðast vera á undanhaldi. Einn af grunnþáttum menntunar skv. aðalnámskrá grunnskóla er sköpun. Þar er bent á mikilvægi þess að kennarar virki sköpunarþrá nemenda, kveiki forvitni þeirra og hvetji þá til að vinna með hugsanir sínar og upplifanir og að kennarar skapi nemendum frjótt og þroskandi námsumhverfi. Leiklist er námsaðferð þar sem sköpunargleði nemenda fær notið sín. Leiklist byggir á tjáningu og felst í náttúrulegu ferli þar sem börn nota ímyndunarleik til að rannsaka, skipuleggja og skilja sig og umhverfi sitt. Nemendur upplifa, læra og reyna. Rannsakað var hvort kennsluáðferðir leiklistar gætu haft áhrif á rithæfni nemenda. Skoðað var hvaða áhrif iðkun leiks og leiklistar hefði á skapandi skrif nemenda í fjórða bekk Háteigsskóla. Unnið var með söguna *Þúsund og ein nótt* í tengslum við ritun nemenda og blandað saman leiklist og ritun.

## **Erindi sem tengjast lestrarvanda**

### **Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi**

## **Þróun orðaforða og lesskilnings tveggja hópa íslenskra grunnskólanema með annað móðurmál en íslensku: með evrópskt og ekki evrópskt móðurmál.**

Sigríður Ólafsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Í fjölda erlendra rannsókna hefur þróun orðaforða og lesskilnings hjá tvítýngdum börnum verið könnuð. Niðurstöður benda til að skortur á orðaforða sé ein af meginástæðum þess að þessum nemendahópi hættir til að dragast aftur úr í lesskilningi. Tvítýngdir nemendur eru þó ekki einsleitir hópur og komið hefur í ljós að þeir sem tala mál sem eru skyld, læra orð í öðru máli hraðar en hinir sem tala óskyld tungumál, og að hæfileikinn til að átta sig á því sem er líkt með orðum eykst með aldri og meiri kunnáttu í öðru eða báðum málunum. Engin rannsókn svo vitað sé hefur þó borið saman þróun orðaforða tvítýngdra barna með skyld og óskyld tungumál, til að kanna hvernig munur á milli þessara nemendahópa þróast, minnki eða aukist með árunum. Hluti doktorsrannsóknar minnar er einmitt að fylgjast með þróun íslensks

orðaförða og lesskilnings íslenskra grunnskólanema með annað móðurmál en íslensku, annars vegar með evrópsk móðurmál og hins vegar ekki evrópsk. Tveir aldurshópar nemenda voru prófaðir þrisvar, yngri hópurinn (14 með ekki evrópsk og 35 með evrópsk) í 4., 5. og 6. bekk og eldri hópurinn (12 með ekki evrópsk og 29 með evrópsk) í 6., 7. og 8. bekk. Niðurstöður verða kynntar.

### **Orðaförði og grunnfærni í lestri: Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA**

Freyja Birgisdóttir, dósent Mvs. HÍ

Frammistöðu íslenskra nemenda í PISA könnuninni hefur hrakað jafnt og þétt undanfarinn áratug, ekki síst í lesskilningi. Þótt ýmsar ástæður fyrir því hafi verið nefndar, hafa fáar rannsóknir skoðað sérstaklega hvað gæti valdið slöku gengi íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA. Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna möguleg svör við þeirri spurningu. Próf sem meta orðaförða, grunnfærni í lestri, sjálfstjórn í námi, ánægju af lestri, lestrartíðni og námsaðferðir í lesskilningi voru lögð fyrir lagskipt úrtak 280 nemenda af landinu öllu og frammistaða þeirra tengd einkunn á lesskilningshluta PISA prófsins. Meginniðurstöður voru þær að orðaförði og sjálfvirkni í lestri veittu einna sterkustu forspána fyrir því hvort nemendur lentu yfir eða undir tveimur lágstu hæfnisþrepunum í lesskilningi, jafnvel eftir að tekið hafði verið tillit til þekktra áhrifabreyta eins og ánægju af lestri, lestrartíðni og námsaðferða í lesskilningi. Þessar niðurstöður benda til þess að orðaförða og grunnlestrarfærni sé ábótavant hjá hluta 15 ára íslenskra nemenda og að slök færni á því sviði hafi áhrif á hæfni þeirra til þess að lesa sér til gagns. Slíkar niðurstöður eru áhyggjuefni og því mikilvægt að taka tillit til þeirra við mótun lestrarkennslu á öllum skólastigum.

### **Þróun textaritunar í fyrstu bekkjum grunnskóla: Frásagnir og upplýsingatextar barna í 1.–4. bekk**

Rannveig Oddsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ,

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Freyja Birgisdóttir, dósent Mvs. HÍ

Í fyrstu bekkjum grunnskóla verða stórstígar framfarir í umskráningu og málnotkun sem gera má ráð fyrir að nýtist börnum í ritun og leiði til stigvaxandi færni í textagerð. Sú kennsla og þjálfun sem börn fá í skóla skiptir þó einnig máli og getur haft afgerandi áhrif á framfarir barnanna. Megintilgangur rannsóknarinnar sem hér verður kynnt var að kanna hvernig textagerð íslenskra barna þróast í 1.–4. bekk og bera saman frammistöðu barnanna í tveimur algengum en ólíkum textategundum; frásögnum og upplýsingatexta. Nær engar rannsóknir

hafa verið gerðar á ritun ungra íslenskra barna og aflar rannsóknin því grunnupplýsinga á því sviði. Hópi barna var fylgt eftir frá því þau voru í 1. eða 2. bekk og upp í 4. bekk. Á hverju ári skrifuðu börnin tvo texta, frásögn og upplýsingatexta. Niðurstöðurnar sýna að á þeim tíma sem rannsóknin náði yfir urðu ágætar framfarir í textaritun. Textarnir lengdust, samloðun varð meiri og börnin náðu betri tókum á textagerð. Nokkur munur var hins vegar á textategundunum tveimur og þróun þeirra. Börnin réðu allt frá upphafi betur við að skrifa frásögn en upplýsingatexta og heldur meiri framfarir urðu í ritun þeirra en upplýsingatextanna.

## Hegðun og líðan í skólum

### Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi

#### **Erfið hegðun nemenda: Viðhorf og líðan kennara**

Anna-Lind Pétursdóttir, dósent Mvs. HÍ

Snæfríður Dröfn Björgvinsdóttir, MA Mvs. HÍ

Í þessari rannsókn var kannað umfang erfiðrar hegðunar grunnskólanema og áhrif hennar á kennara og nám nemenda. Athugað var hvaðan kennarar fá stuðning til þess að takast á við hegðunarerfiðleika nemenda, hvort kennarar fyndu fyrir einkennum tilfinningaþrots og hvort þau tengdust erfiðri hegðun nemenda. Gögnum var safnað með spurningalista Westling (2010) sem var þýddur og staðfærður. Þátttakendur voru 124 umsjónarkennarar í 1.–6. bekk og sérkennarar allra bekkja úr níu grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendur töldu um fjórðung nemenda sýna erfiða hegðun. Stór hluti kennara sagðist þurfa að fást við hegðunarerfiðleika daglega og taldi þá hafa neikvæð áhrif á sig og nemendur sína. Allt að þriðjungur kennara fann fyrir einkennum tilfinningaþrots og rúmlega helmingur íhugaði að hætta kennslu vegna hegðunarerfiðleika nemenda. Þátttakendur sögðust helst fá stuðning frá samstarfsfólki sínu til að takast á við erfiða hegðun nemenda. Niðurstöður benda til þess að auka þurfi stuðning við kennara og bæta fræðslu og þjálfun um áhrifaríkar leiðir til að fyrirbyggja og draga úr hegðunarerfiðleikum í skólum.

### **Að auka námsástundun og bæta líðan nemanda með kvíðaröskun**

Ágústa María Davíðsdóttir, meistaranemi Mvs. HÍ

Ólöf Tinna Frímansdóttir, meistaranemi Hvs. HÍ

Tinna Magnúsdóttir, grunnskólakennari

Í erindinu verður fjallað um hvernig inngríp sem byggir á virknimati varð til þess að námsástundun átta ára grunnskólanemanda með kvíðaröskun margfaldaðist og líðan hans í skólanum batnaði. Nemandinn sem hafði nýlega verið greindur með áfallastreituröskun sýndi litla námsástundun í tímum hjá umsjónarkennara. Gert var virknimat (*functional behavioral assessment*) til að greina áhrifaþætti vanvirkinnar í tímum. Við beinar áhorfsmælingar fyrir inngríp kom í ljós að námsástundun nemandans í tímum hjá umsjónarkennara var aðeins 11,7% að meðaltali. Óbeinar athuganir sýndu einnig að drengurinn þjáðist af lágu sjálfstrausti og óöryggi. Við hönnun inngríps var tekið mið af upplýsingum sem aflað var með beinum áhorfsmælingum og óbeinum upplýsingum eins og t.d. umsögnum úr Mentor og viðtölum við nemandann sjálfan, foreldra og umsjónarkennara. Útbúin var einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun með það að markmiði að auka námsástundun drengsins og einnig að efla sjálfstraust hans með hugrænum atferlisinngrípum. Meðal úrræða í stuðningsáætluninni voru einstaklingsmiðaður samningur og hvatningarkerfi. Einni viku eftir að inngríp hófst (viku eftir að grunnlínumælingum lauk) hafði námsástundun nemandans aukist upp í 96% að meðaltali, samhliða því sem líðan nemandans í skólanum stórbatnaði (úr 5 í 10 á kvarðanum 1-10 að eigin mati).

### **Toggi og tilveran: Hvernig virknimat og einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun leiddi til jákvæðra breytinga á hegðun og námsástundun nemanda í skóla og heima fyrir.**

Agnes Ósk Snorradóttir, MA Fvs. HÍ

Sigurlaug Katrín Unnsteinsdóttir, þroskaþjálfari

Svava Björk Helgadóttir, leik- og grunnskólakennari

Virknimat (*functional behavioral assessment*) er gagnreynd aðferð til að koma auga á þá þætti sem viðhalda og auka óæskilega hegðun einstaklinga. Notast var við virknimat til að móta heildstæða stuðningsáætlun við hegðunarvanda hjá nemanda í 7.bekk grunnskóla. Nemandinn hafði sögu um erfiða hegðun allt frá því í leikskóla samkvæmt foreldri og starfsfólki skóla. Nemandinn átti erfitt með einbeitingu og sýndi truflandi hegðun í kennslustundum þannig að um litla námsástundun var að ræða. Einnig var mikið álag á heimilinu þegar nemandinn átti

að vinna heimanám. Notast var við AB einstaklingsrannsóknarsnið til að meta umfang vandans fyrir og eftir íhlutun, ásamt viðtölum við kennara, foreldri og nemanda. Nemandinn sýndi háa tíðni óæskilegrar hegðunar fyrir íhlutun og litla námsástundun. Eftir að einstaklingsmiðaða stuðningsáætlunin var komin í framkvæmd minnkaði óæskileg hegðun nemandans að meðaltali úr 19,2 tilvikum í 2 tilvik í 30 mínútna athugunartímum. Námsástundun í kennslustundum jókst að meðaltali úr 16,7% í 90% af 30 mínútuna athugunartímum. Þessar mælingar voru gerðar 2-3 vikum eftir upphaf inngrips, tæpum tveim mánuðum eftir grunnlínumælingar. Starfsfólk skóla og foreldri lýstu yfir ánægju sinni með stuðningsáætlunina. Einnig kom fram ánægja hjá foreldri þar sem sá tími sem fór í heimanámið varð styttri og ánægjulegri fyrir bæði nemanda og foreldra. Nemandinn var líka ánægður með stuðningsáætlunina og spurði hvort ekki væri hægt að hafa þetta alltaf svona.

### **Þunglyndi, kvíði, athyglisbrestur - er það nokkuð að hrjá nemendur í „blóma lífsins“?**

#### **Líðan og viðhorf framhaldsskólanema**

Helena Halldórsdóttir, meistarnemi Mvs. HÍ

Elsa Eiríksdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum rannsóknar á tengslum milli einkenna athyglisbrests, þunglyndis og kvíða og viðhorfa til samnemenda, kennara og skólans. Geðraskanir geta haft alvarleg áhrif á líf barna og ungmenna og hafa ýmsar kannanir sýnt að fleiri glími við einkenni geðrænna raskana en gert hefur verið ráð fyrir. Athyglisbrestur með eða án ofvirkni, þunglyndi og kvíði eru meðal algengustu geðraskana hjá skólabörnum. Rannsóknir hafa sýnt að þessar algengu raskanir geta valdið mikilli vanlíðan og alvarlegum vandamálum sé ekki brugðist við þeim strax. Í þessari rannsókn var unnið úr gögnum sem safnað var haustið 2013 frá 1599 framhaldsskólanemendum í 13 skólum. Niðurstöður bentu til þess að þátttakendur með einkenni athyglisbrests voru líklegri til að finna fyrir einkennum þunglyndis og kvíða en aðrir þátttakendur. Jafnframt voru þátttakendur með athyglisbrest, þunglyndis- og kvíðaeinkenni líklegri til að: a) finnast þeir hafa lítinn stuðning frá samnemendum sínum b) verða fyrir einelti, c) hafa neikvætt viðhorf til kennara, d) finna fyrir minni stuðningi frá kennurum og e) hafa neikvætt viðhorf til skólans. Þessar niðurstöður sýna að ástæða er til að skima fyrir einkennum geðraskana meðal framhaldsskólanema með það í huga að bæta líðan þeirra, reynist vandinn til staðar.



## Listkennsla

### Málstofustjóri: Kristín Valsdóttir

#### Áskoranir tónlistarkennara í skapandi skólastarfi: Hvað gerist þegar lögð er til grundvallar ströng skilgreining á sköpun og stýring höfð í lágmarki?

Benedikt Hermann Hermannsson, tónlistarmaður og kennari

Sköpun er áberandi orð í námskrám og í umræðu um menntamál. Því er mikilvægt að kanna hvað felst í merkingu orðsins og hvað það merkir að nálgast kennslu á forsendum sköpunar. Þessi fyrirlestur fjallar um verkefni sem fór fram sem áfangi í tónlistarsköpun með grunnskólanemendum á aldrinum 11-14 ára. Nemendur voru í þremur hópum, heildarfjöldi nemenda var 27, en kynjahlutfall var 14 stelpur á móti 13 strákuum. Verkefnið fór fram í tveimur skólum í Reykjavík, en kennslustundir fóru fram vikulega yfir 15 vikna tímabil. Í rannsókninni er unnið með skýrt afmarkaða skilgreiningu á sköpunarhugtakinu. Skilgreiningin á sköpunarhugtakinu byggir meðal annars á skrifum breska menntunarfræðingsins Kens Robinsons, en hún skiptir sköpunarferlinu í þrennt: Hugmynd – framkvæmd – gildi. Til rannsóknar eru þær áskoranir sem kennari þarf að takast á við þegar sköpun, í þeim skilningi sem hér er lagður í hugtakið, er í kjarna kennslunnar. Auk þess er til umfjöllunar í rannsókninni sú áhersla sem lögð er í verkefninu á að stýring sé í lágmarki. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á þessar áskoranir og hvernig má takast á við þær í þeim tilgangi að komast að því hvernig má stunda skapandi starf sem kennari.

#### Leiðsagnarmat í gítarkennslu

Steingrímur Birgisson, tónlistarmaður og tónlistarkennari

Á undanförunum árum hefur leiðsagnarmati vaxið fiskur um hrygg í skólamálaumræðu og opinberum námskrám. Tilgangur þessarar rannsóknar er annars vegar að varpa ljósi á hvað felst í leiðsagnarmati og hins vegar að rannsaka hvernig það nýtist við námsmat í gítarkennslu. Höfundur nýtti sér hugmyndir og aðferðir slíks mats við framkvæmd námsmats í eigin starfi sem gítarkennari. Um er að ræða eins konar starfendarannsókn. Gögnum var safnað með myndbands- og hljóðupptökum úr kennslustundum. Þessi gögn voru svo notuð sem efniviður fyrir nemendur sjálfa til að meta og velja úr verkefni til að setja í eigin

námsmöppu. Jafnframt hafa dagbókarskrif og stöðug skráning um það sem gerist í kennslu verið nýtt sem gögn. Við öflun gagna og greiningu þeirra hefur höfundur veitt þremur þáttum sérstakan gaum með hliðsjón af leiðsagnarmati. Í fyrsta lagi endurgjöf, hvað þarf til að endurgjöf verði árangursrík og hjálpi nemanda fram á veg í sínu námi. Í öðru lagi sjálfsmat nemenda og hvernig það stuðlar að umbótum og hjálpar þeim að ná árangri í námi. Í þriðja lagi eru það skýr og afmörkuð námsmarkmið sem virðast skipta miklu máli. Í rannsókninni er fyrst og fremst farið í innviði leiðsagnarmats og hvaða þýðingu þannig námsmat getur haft á áhuga, námsárangur og námsmenningu. Í verklegum hluta rannsóknarinnar voru þátttakendur fimmtán af gítarnemendum höfundar.

### **Af því að ég elska myndlist: Rannsókn á stöðu listafólks með þroskahömlun**

Margrét M. Norðdahl, myndlistamaður og myndlistakennari

Markmið rannsóknarinnar er að öðlast þekkingu og skilning á hvaða aðstæður þurfa að vera til staðar til þess að myndlistafólk með þroskahömlun geti notið listrænna hæfileika sinna og skapað sér tækifæri á sviði myndlistar.

Um eigindlega viðtalsrannsókn er að ræða, en eigindlegar rannsóknaraðferðir hafa verið mikið notaðar innan félagsvísinda til þess að varpa ljósi á líf fólks, reynslu og líðan. Í rannsókninni voru tekin viðtöl við myndlistafólk sem á það sameiginlegt að búa að hæfileikum á myndlistarsviðinu og vinna að listsköpun sinni, rætt var við aðstandendur þess og í sumum tilfellum leiðbeinendur.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þörf sé á úrbótum í aðstæðum myndlistafólks með þroskahömlun þannig að það fái betur notið hæfileika sinna. Gerð er grein fyrir áhrifaþáttum á listsköpun þeirra, þeim tækifærum sem þeim bjóðast og komið er með tillögur að úrbótum hvað varðar nám, vettvang til sköpunar og stuðning.

### **Eru allir með? Rannsókn á tækifærum fatlaðra barna til tónlistarnáms**

Steinunn Guðný Ágústsdóttir, söngkona og tónlistarkennari

Öll börn ættu að hafa val um að fá að stunda tónlistarnám óski þau þess. En er það raunin, hafa til dæmis fötluð börn sama aðgengi og tækifæri eins og ófötluð börn til tónlistarnáms? Í erindinu verður fjallað um upplifun og viðhorf foreldra tónelskra fatlaðra barna til tónlistarnáms þeirra. Á Íslandi eru margir og góðir tónlistarskólar. Í rannsókn minni sem er eigindleg viðtalsrannsókn, kom m.a. fram að ekki væru mörg fötluð börn á meðal tónlistarnema í skólum landsins. Tónlistarskólarnir gefa sig þó út fyrir að taka á móti öllum

nemendum, jafnt fötluðum sem ófötluðum. En er það upplifun foreldra fatlaðra barna að börn þeirra séu jafnvelkomin og ófötluð börn? Hvers vegna eru foreldrar fatlaðra barna ólíklegri til að innrita börn sín í tónlistarskóla en foreldrar ófatlaðra barna? Er það vegna þess að ekki eru allir jafnvelkomnir? Við erum öll fyrst og fremst manneskjur, frekar en fötluð eða ófötluð og öll höfum við ánægju af því að þroska okkur í leik og starfi. Hlutverk tónlistarskólans er að auka þroska nemenda og efla tjáningarhæfni þeirra. Svo virðist sem upplýsingum um aðgengi í skólana sé ábótavant því foreldrar fatlaðra barna upplifa að þeirra börn passi ekki inn í skólann þrátt fyrir að tónlistarskólinn segi annað.

## **Málstofa um niðurstöður TALIS rannsóknar OECD fyrir Ísland**

### **Kynntar eru niðurstöður úr nýjustu rannsóknum Námsmatsstofnunar með gögn úr TALIS rannsókninni**

#### **Framsækið virkt samstarf í ljósi TALIS 2013**

Börkur Hansen, prófessor Mvs. HÍ

Ragnar F. Ólafsson, Námsmatsstofnun

Verið er að vinna úr TALIS gögnum (The OECD Teaching and Learning International Survey (TALIS) - 2013) sem Námsmatsstofnun hefur umsjón með hér á landi. Kynntar verða niðurstöður um vinnulag, valdeflingu og starfshætti skólastjórnenda í íslenskum skólum og niðurstöður skoðaðar í ljósi hugmynda um framsækið virkt samstarf.

#### **Nýliðun í kennarastétt og kennsluhættir eftir aldri kennara**

Sveinbjörn Gestsson, Námsmatsstofnun

Ragnar F. Ólafsson, Námsmatsstofnun

Nokkrar áhyggjur hafa sprottið af nýliðun í kennarastétt hér á landi. Könnuð verður aldursskipting eftir einstökum kennslugreinum. Einnig verður kannað hvort munur er á kennsluháttum eftir aldri kennara og kennslugrein.

#### **Stefnumótun í skólastarfi: Menntun kennara og undirbúningur í einstökum kennslugreinum**

Sigurjón Mýrdal, mennta- og menningarmálaráðuneyti

Ragnar F. Ólafsson, Námsmatsstofnun

Kannað er hvernig menntun kennara einstakra kennslugreina er háttað og tengsl menntunar við það hversu vel undirbúnir kennarar telja sig vera til kennslunnar, einkum með tilliti til

Þess hvort kennari hefur sérhæft sig í kennslu greinarinnar í kennaranáminu eða ekki. Jafnframt verður fjallað um tengsl TALIS og PISA og möguleg áhrif TALIS á stefnumótun í menntamálum; þróun kennaramenntunar og skipulag skólstarfs.

### **Kennsluhættir við lestrarkennslu í PIRLS og TALIS og tengsl við PISA**

Ragnar F. Ólafsson, Námsmatsstofnun

Almar M. Halldórsson, Námsmatsstofnun

Kennsluhættir við lestrarkennslu hér á landi í samanburði við önnur þáttökulönd í PIRLS og TALIS eru kynntir og tengsl kennsluhátta við árangur landa í lesskilningi skv. PISA.

### **Málstofa um niðurstöður PISA rannsóknar OECD fyrir Ísland**

**Kynntar eru niðurstöður úr nýjustu rannsóknum Námsmatsstofnunar með gögn úr PISA rannsókninni.**

### **Jöfn tækifæri til náms í íslenskum grunnskólum í norrænu samhengi**

Almar M. Halldórsson, Námsmatsstofnun

Fjallað er um árangur eftir skólum í tengslum við samhengisvísa s.s. kyn kennara, bekkjastærðir, sérþarfir nemenda og menntunarstig foreldra. Ísland og hin Norðurlöndin sýna ár eftir ár mestan jöfnuð af grunnskólakerfum þeirra 70 ríkja sem taka þátt í PISA. Í þessari rannsókn er ójöfnuður á Norðurlöndunum kortlagður m.t.t. ýmissa einkenna í fari nemenda og í rekstri skólanna. Notuð eru gögn úr PISA 2012 rannsókninni.

### **Læsi bekkjarfélaga nemenda með sérþarfir: Samanburður á íslenskum og þýskum bekkjum**

Christine Saltzer, Námsmatsstofnun

Almar M. Halldórsson, Námsmatsstofnun

Lesskilningur og læsi nemenda er skoðað út frá fjölda bekkjarfélaga með sérþarfir. Notuð eru gögn úr PISA 2012 rannsókninni. Um er að ræða samanburðarrannsókn á Íslandi og Þýskalandi í samstarfi við verkefnisstjórn PISA í Þýskalandi. Niðurstöður sýna neikvæð áhrif fyrir sumar tegundir sérþarfa en ekki aðrar. Niðurstöður eru ræddar í ljósi stefnu um skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám.

## Skýringar á skólameðaltölum: Einkenni nemenda og skóla

Sigurgrímur Skúlason, Námsmatsstofnun

Almar M. Halldórsson, Námsmatsstofnun

Kynnt er ný rannsókn þar sem unnið hefur verið að endurútreikningum á stöðu skóla samkvæmt samræmdum prófum í 10. bekk árið 2011 með því að leiðrétta fyrir samhengisvísium sem metnir eru með spurningalista sem nemendur og skólastjórar svöruðu í PISA 2012. Þættirnir eru m.a. bakgrunnur nemenda, námsáhugi, námsaðferðir, skólabragur, kennsluáðferðir og ýmis einkenni skólans s.s. fjöldi nemenda á kennara og stærð.

### Kennarinn í leiðsagnarhlutverki: Samskipti við kennaranema

Tilgangur málstofunnar er að auka þekkingu kennara á öllum skólastigum á leiðum til að efla gæði leiðsagnar kennaranema í vettvangsnámi, og þar með styrkja þá í leiðsagnarhlutverkinu. Í þremur erindum er fjallað um undirbúning og skipulag leiðsagnartíma þar sem tekið er mið af nýlegum rannsóknum. Síðan verða umræður um leiðsagnarhlutverk kennara (35-40 mín).

### Leiðsagnarhlutverkið - ábyrgð og samskipti

Ragnhildur Bjarnadóttir, dósent Mvs HÍ

Löng hefð er fyrir því að reyndir kennarar annist leiðsögn kennaranema í tengslum við vettvangsnám. Hugmyndir um markmið leiðsagnar hafa þróast og einnig hugmyndir um leiðsagnarhlutverkið. Leiðsagnarkennarar (æfingakennarar) eru nú taldir gegna lykilhlutverki í menntun kennaranema; markmið samskipta í leiðsögn er að efla starfshæfni og fagmennsku nemanna. Engu að síður er hlutverk leiðsagnarkennara oft illa skilgreint og margt óljóst um æskilegar útfærslur, m.a. á leiðsagnartímum með nemunum. Var það verður ljósi á leiðsagnarhlutverk kennara, einkum kröfur um ábyrgð þeirra og samskiptahæfni. Fjallað verður um svör við eftirfarandi spurningum: Hvernig hefur hlutverkið þróast skv. nýlegum rannsóknum og í ljósi breytinga á skipan vettvangsnáms þar sem samstarf og heildarsýn er í brennidepli? Hvaða kröfur þarf að gera um samskiptahæfni leiðsagnarkennara? Fræðilegar úttektir og rannsóknir benda til að hlutverk leiðsagnarkennara sé flóknara en áður. Einnig eru kröfur um samskiptahæfni miklar. Samskiptunum er ætlað að stuðla að menntun nemanna; þ.e. skilningi á starfinu og menningarlegu samhengi þess, og einnig félagslegri og tilfinningalegri hæfni nemanna til að fást við krefjandi starf. Fjallað verður um hugtök og

áherslur sem reynst hafa gagnleg við að efla gæði samskipta í leiðsagnartímum, þ.e. á fundum leiðsagnarkennara og kennaranema.

### **Undirbúningur fyrir leiðsagnartíma - hverju þarf að huga að?**

Anna Steinunn Valdimarsdóttir, grunnskólakennari

Edda K. Hauksdóttir, grunnskólakennari

Guðrún Ebba Ólafsdóttir, grunnskólakennari

Fjallað verður um atriði sem skipta máli fyrir undirbúning á leiðsagnartímum á afmörkuðu tímabili vettvangsnáms. Flytjendur taka mið af eigin reynslu sem leiðsagnarkennarar og einnig rannsóknum á leiðum til að efla gæði samskipta í leiðsögn. Meðal annars þarf að huga að eftirfarandi atriðum: þróun tengsla milli þátttakenda - hvers konar spurningar - kröfur til nemanna. Ekki síst þarf leiðsagnarkennari að huga að eigin hæfni, m.a. í virkri hlustun, að setja sig í annarra spor, spyrja markvissra spurninga, vera styðjandi og vera sjálfsgagnrýnn. Kynnt verða drög að gátlista fyrir bæði kennaranema og leiðsagnarkennara þar sem tekið er mið af þessum atriðum.

### **Skipulag á samskiptum í leiðsagnartíma**

Ásta Egilsdóttir, leikskóla- og grunnskólakennari

Eiríka Ólafsdóttir, grunnskólakennari

Fjallað verður um samskipti sem miða að því að efla starfshæfni og fagmennsku kennaranema og einnig samskiptahæfni bæði nema og leiðsagnarkennara. Flytjendur taka mið af eigin reynslu sem leiðsagnarkennarar og einnig svokölluðu ALACT-líkani Korthagens o.fl. sem reynst hefur leiðsagnarkennurum vel til að efla ígrundun kennaranema um eigin starfsreynslu. Þar er lýst hringferli (spíral) með 5 þrepum; 1) vandamál/atriði sem rætt verður um, 2) skoðun/umræða, 3) afmarkaðir þættir skoðaðir nánar, 4) aðrir möguleikar ræddir, 5) prófun – og upphaf á nýjum hring. Fjallað verður um skipulag á einum leiðsagnartíma (u.þ.b. ein kennslustund) með þriðja árs nemum, eftir að tveimur vikum vettvangstímabils er lokið, þar sem tekið er mið af þessu líkani, þ.e. þrepunum fimm. Einnig verður rætt um kosti þess að beita slíkum aðferðum og helstu hindranir miðað við íslenskar aðstæður.

### **Umræður um hlutverk og samskipti í leiðsögn.**

Umræðustjórn: Sigríður Guðmarsdóttir prestur og stundakennari Hug. HÍ

Skipulag málstofunnar: Erindin eru alls 50 mínútur. Umræður í 35-40 mín.

## Sköpun í kennslu og námi

Málstofa á vegum RASK (rannsóknarstofu um skapandi skólastarf) og rannsóknarhópsins RASKA (rannsókn um skapandi skólastarf).

**Inngangsorð:** Edda Kjartansdóttir, kynning á RASK og RASKA og efni málstofunnar

### **RASKA rannsókn um skapandi skólastarf**

Svanborg R. Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Sköpun er einn af grunnþáttum í íslenskri menntastefnu frá 2011. Meginmarkmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að varpa ljósi á hvaða leiðir átta kennarar á fjórum skólastigum fara til að efla sköpun í kennslu og námi. Rannsóknarferlið hefur jafnóðum áhrif á kennslu þeirra sem taka þátt í rannsókninni en einnig gætu niðurstöður orðið öðrum leiðarljós. Rannsóknarspurningin á fyrri stigum er: Hvernig birtist sköpun í kennslu minni og í hverju felast tækifæri nemenda til sköpunar? Rannsóknin hófst í nóvember 2013 og er unnin með aðferðafræði starfendarannsóknna. Þátttakendur safna gögnum um eigin kennslu. Rannsakendur eru þrír kennarar á Menntavísindasviði HÍ, tveir á framhaldsskólastigi, tveir í grunnskóla og einn í leikskóla. Kennararnir hafa greint núverandi kennsluhætti og áætla að auka hinn skapandi þátt. Rannsóknir hafa sýnt að sjálfsákvörðunarréttur og stýring verkefna (hver stjórnar) hefur áhrif á hvort ýtt er undir sköpun í skólastarfi. Við greiningu gagna voru hugtök Bernsteins (2000) um umgerð og flokkun notuð til að skilgreina kennsluhætti. Fyrstu niðurstöður sýna að kennararnir eru meðvitaðri en áður um hvenær og hvernig stýringu í samskiptum og athöfnum er háttað í eigin kennslu og hvar tækifæri nemenda liggja til útfærslu og sköpunar. Þó flestir hafi talið sig skapandi hefur rannsóknarferlið sýnt kennurunum möguleika til að ýta frekar undir sjálfstæði og sköpun nemenda.

### **Skapandi skólastarf: Áskoranir og ávinningar**

Þórunn Blöndal, dósent Mvs. HÍ,

Jóna Svandís Þorvaldsdóttir, framhaldskólakennari,

Sverrir Árnason, framhaldskólakennari,

Halldóra Pálmarsdóttir, grunnskólakennari,

Elsa Lyng Magnúsdóttir, grunnskólakennari

Sigríður Einarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

Greint verður frá fyrstu niðurstöðum úr RASKA rannsókninni og sagt frá dæmum af öllum skólastigum, þar sem kennarar hafa greint eigin kennslu með aðferðum starfendarannsóknna. Kennararnir hafa safnað gögnum og mátað sínar nálganir í kennslu við nýja aðalnámskrá, ekki síst sköpunarheftið og fræðileg líkön um skapandi kennslu og nám. Niðurstöður verða kynntar sem rýnisögur (e. narratives) sem eru sögur úr kennslu sem rýndar eru með markvissum hætti út frá sköpunarhugtakinu. Sagðar verða örsögur úr íslenskukennslu á Menntavísindasviði HÍ, íslenskukennslu í framhaldsskóla, íslensku- og stærðfræðikennslu í grunnskóla og þróunarferli verkefni í leikskólastarfi, einnig munu flytjendur segja frá fyrstu greiningu sinni á þeim. Rýnisögunar fjalla um stuttmyndagerð út frá stemningu í ljóði, Drakúla í íslenskukennslu, réttarhöld yfir Bjarti í Sumarhúsum, tilraun með opna kennsluáætlun, sköpun í stærðfræðikennslu og vinnu með krókódíla, hákarla og eldfjöll í leikskólastarfi út frá áhugasviðum barnanna. Kennararnir draga fram áskoranir í tengslum við stýringu og frelsi, þörfina á að taka áhættu, að ganga sífellt lengra í því að ögra sér sem kennari og hvernig ein hugmynd kveikir aðra og atbeini og hugmyndaflug nemenda fær að ráða ferðinni.

### **Vinnusmiðja um skapandi kennslu**

Í vinnusmiðjunni verður unnið í litlum hópum á nokkrum stöðvum. Þar verða örstuttar kynningar á skapandi verkefnum, yfirlitsefni dreift (kynning á reyndri kennsluáferð eða verkefni) rætt um möguleika á vinnu með það og skapandi verkefni unnin í sama anda.

### **Heilsa og hreyfing ungmenna**

### **Rannsóknarstofa í íþróttá- og heilsufræði**

### **Áhrif reglubundinnar hreyfingar á jákvæð og neikvæð einkenni einstaklinga með geðklofa**

Kristjana Sturludóttir, meistaranemi Mvs. HÍ,

Sunna Gestsdóttir doktorsnemi Mvs. HÍ,

Rafn Haraldur Rafnsson Íþróttufræðingur LSH



Baldur Heidar Sigurðsson sálfræðingur LSH,  
Erlingur Jóhannsson prófessor Mvs. HÍ

Geðklofi er algengur og alvarlegur sjúkdómur sem herjar á milljónir manna um allan heim. Einstaklingar með geðklofa eru líklegri til að hafa óheilbrigðan lífsstíl og deyja fyrir aldur fram. Rannsóknir benda til þess að hreyfing hafi jákvæð áhrif á einstaklinga með geðklofa. Tilgangur rannsóknarinnar var að meta áhrif hreyfingar á jákvæð og neikvæð einkenni einstaklinga með geðklofa. Þátttakendur (n=17) á aldrinum 18-31 árs greindir með geðklofa tóku þátt í íhlutunarrannsókn undir handleiðslu íþróttafræðinga í 20 vikur. Þátttakendur svöruðu spurningalistum um geðræna líðan (PANSS, DASS, Rosenberg, CORE-OM, BHS, QQL, SWLS) fyrir og eftir íhlutun. Líkamlegar mælingar voru framkvæmdar í upphafi og lok íhlutunar. Nokkrir þátttakendur voru teknir í einstaklingsviðtöl. Marktækur munur var á skori á PANSS neikvæðum og almennum einkennum. Einnig var marktækur munur á þunglyndis-, kvíða- og streituskori ásamt því að þátttakendur skorðu hærra á lífsgæða- og virknivörðum ( $p < 0.05$ ). Þátttakendur léttust, líkamsþyngdarstuðull og mittisummál minnkaði ásamt blóðþrýstingi og hvíldarpúls. Í lok rannsóknar hreyfðu þátttakendur sig fjórfalt meira en í upphafi. Niðurstöður benda til þess að hreyfiíhlutun sé möguleg fyrir unga einstaklinga með geðklofa ásamt því að þátttakendur bættu andlega og líkamlega líðan. Höfundar telja að reglubundin hreyfing ætti að vera hluti af meðferð fyrir þennan hóp einstaklinga.

### **Próteinbætifnaneysla 16-18 ára unglunga í framhaldsskólum**

Unnur Björk Arnfjörð, doktorsnemi Mvs. HÍ,  
Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Mvs. HÍ,  
Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ

Mataræði Íslendinga hefur alla jafna verið próteinríkt og neysla próteinríkra afurða algeng. Á síðustu árum hefur neysla próteinbætifna jafnframt aukist og virðast vinsældir þeirra síst hafa minnkað og hefur verið um sannkallaða próteintísku að ræða. Próteinbætifnanotkun unglunga hefur ekki verið mikið rannsökuð hér á landi né annars staðar. Þær fáu rannsóknir sem til eru fjalla helst um almenna notkun fæðubótaefna og stera og inn í þær fléttast neysla á próteinbætifnum. Helst má finna upplýsingar hérlendis um próteinbætifnaneyslu í könnun á mataræði Íslendinga frá árunum 2002 og 2011-12 en þar kemur fram að hún hefur stórauðist á milli kannana. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hversu mikil próteinbætifnanotkun er

meðal íslenskra framhaldsskólanema og hvað liggur að baki henni. Gögnin sem notuð eru við þessa rannsókn komu úr tveimur framhaldsskólarannsóknum, Heilsa og líðan framhaldsskólanema (HLÍF) frá árinu 2008 og úr Heilsueflandi framhaldsskólum (HeF) frá árunum 2010 og 2012 á 16-18 ára unglingum. Unnið er út frá spurningalistum sem lagðir voru fyrir þátttakendur rannsókna. Í erindinu verður fjallað um helstu niðurstöður, fjölda þeirra sem neyta próteinbætiefna reglulega og aðra lífsstílsþætti tengda próteinbætiefnaneyslunni.

### **Education completion of secondary school in young adulthood: predictors and psychological benefits.**

Erla Svansdóttir, nýdoktor Mvs. HÍ,

Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ,

Erlingur Jóhannson, prófessor Mvs. HÍ

Education is important in today's society. However, drop-out from secondary education is a considerable problem in Iceland. This longitudinal study explored how health-related factors among adolescents influence their likelihood of dropping-out from secondary education. The sample included 201 students who participated in the study at age 15, and again at age 23. Data included objective physical health measurements and questionnaires assessing health-behaviors, self-esteem, depression, demographics and education completed. Overall, 78% of women and 72% of men completed secondary education by age 23. Among women, physical fitness, participation in sports, and high self-esteem were associated with lower odds of dropping out (Odds ratio (OR) range 0.13-0.88), whilst television watching, somatic complaints, depression symptoms, and wider waist-circumference and skinfold-thickness were associated with higher odds of drop-out from secondary education (OR's 1.03-1.45). Alcohol drinking and smoking were associated with more drop-out among both men and women (OR's range 2.22-4.44). Among boys, conversely, mother's higher education was linked with lower odds of drop-out (OR 0.41). To conclude, health-related factors in adolescence seem to influence likelihood of drop-out from secondary education in young adulthood, especially among women. Conversely, mother's education seems to play a significant role for men's prospects of completing a secondary education.

## **Útivistarbraut í framhaldsskóla**

Smári Stefánsson, aðjúnkt Mvs. HÍ

Haustið 2013 voru innritaðir í fyrsta sinn nemendur á útivistarbraut við Knut Hamsun videregående skole í Hamarøy, norður Noregi. Um er að ræða tilraunaverkefni til fimm ára þar sem aðaláherslan er á útivist og lýðheilsu. Að verkefninu loknu verður metið hvernig til tókst og tekin ákvörðun um (af norska menntamálaráðuneytinu) hvort brautin fái að starfa áfram. Matið mun byggja á skýrslu um verkefnið sem unnin verður af Háskólanum í Nordland í Noregi. Á þessu fyrsta ári verkefnisins voru sendir spurningalistar til allra 1. bekkjar nema við skólann, við upphaf þess og lok. Við skólann eru nú starfandi þrjár brautir: almenn námsbraut (studiespesialisering), starfstengt iðnnám (yrkesfag) og útivist (friluftslivsfag). Svörun við fyrri spurningalistanum var nokkuð góð (53 nemendur af 93 svöruðu) en afleit við þeim seinni en þar fengust svör frá einungis 16 nemendum. Erfitt er að draga nokkrar ályktanir með svo lítið þýði, en það mun stækka á komandi árum með innritun nýrra nemenda. Fyrstu niðurstöður benda þó til að þeir sem stunda nám á útivistarbraut hafi meiri áhuga fyrir náminu en aðrir nemendur (84,6% útivistarnema völdu námið vegna áhuga fyrir því m.v. 55% annara nemenda), þeir eru, að eigin mati, betur komnir á sig líkamlega (30,8% útivistarnema vilja meina að líkamleg heilsa þeirra sé mjög góð m.v. 10% annara nemenda), hafa meiri trú á eigin getu (e. self efficacy) (30,8% útivistarnemanna mælast með mikla trú á eigin getu m.v. 12,5% annara nemenda). Foreldrar þeirra sem stunda nám á útivistarbraut eru að jafnaði meira menntaðir (62,4% hafa lokið einhvers konar háskólanámi) en foreldrar annara nemenda (22,5% hafa lokið einhvers konar háskólanámi).

## **Multi mediational effects of body composition and psychological factors on the association between fitness and self-esteem**

Sunna Gestsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ,

Erla Svansdóttir, nýdoktor Mvs, HÍ,

Kristján Þór Magnússon, lektor Mvs. HÍ,

Þórarinn Sveinsson, prófessor Hvs. HÍ,

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ,

Ársæll Arnarsson, prófessor HA

Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. HÍ

Self-esteem has been identified as a predictor of many factors that formulate mental well-being. Exercise is associated with increased self-esteem. Aim of this study was to examine the mediational effects of body composition and psychological factors on the association between fitness and self-esteem. A sample of 385 Icelandic adolescents was measured at aged 15 and again at age 23. Self-reports of self-esteem, life satisfaction, body image, anxiety, and depression were collected. Physical fitness was assessed by graded test on a bicycle ergometer. Skinfold thickness and BMI were used to estimate body composition. At age 15 men had better fitness and self-esteem than women. At age 23 women had worse fitness than men, but no differences were in self-esteem. Mediational effect found with regression analyses indicated body image and life satisfaction for women and body image and depression for men on the association between fitness and self-esteem at age 15. No association was found between fitness at ages 15 or 23 and self-esteem at age 23. In conclusion, only psychological factors have mediational effect on the association between fitness and self-esteem at age 15.

## Íþróttir og heilsa barna

### Rannsóknarstofa í íþróttá- og heilsufræði

#### Kyrrseta og hreyfing barna með og án þroskahömlunar

Ingi Þór Einarsson aðjúntkt Mvs. HÍ

Sigurbjörn Árni Arngrímsson prófessor Mvs. HÍ.

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hreyfimyndur grunnskólabarna með þroskafrávik samanborið við ófötluð börn á sama aldri. Hreyfing og kyrrseta hjá slembiúrtaki 91 barns með þroskafrávik og viðmiðunarhópi 93 barna voru mæld með hreyfímælum sem og spurningalistum. Að meðaltali voru ófötluðu börnin 40% ( $p < 0,05$ ) meira virk yfir alla vikuna þegar niðurstöður úr hreyfímælum voru skoðaðar. Auk þess var um 50% ( $p < 0,05$ ) munur á milli hópa þegar spurt var að því hversu oft þau tækju þátt í leikjum og/eða íþróttum utan skóla og 30% ( $p < 0,05$ ) munur þegar spurt var um hversu oft þau svitnuðu eða mæddust verulega. Drengir voru meira virkir en stúlkur ( $p < 0,05$ ) í hópi ófatlaðra en ekki fannst kynjamunur hjá börnum með þroskahömlun. Börn með þroskahömlun höfðu 20% ( $p < 0,05$ ) meiri kyrrsetu en börn án þroskahömlunar þegar á heildina var litið bæði þegar hreyfímælar

sem og svör við spurningum voru skoðuð. Aftur fannst enginn munur á milli kynja hjá börnum með þroskahömlun, en stúlkur án fötlunar höfðu meiri kyrrsetu en drengir í sama hópi. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að íþróttakennarar og aðrir sem koma að hreyfingu og heilsu þessara barna þurfi að taka höndum saman til að fá börn með þroskahömlun til að vera virkari og lifa heilsusamlegra lífi.

### **Food appearances in children's television programmes**

Steingerður Ólafsdóttir, nýdóktor Mvs. HÍ

Christina Berg, dósent University of Gothenburg

The aim was to examine the nature and extent of verbal and visual appearance of food and beverage in children's programmes in Swedish public service television, by analysing frequency and type of foods and determining in what context more or less healthy foods appear.

Twenty-five hours of the most popular children's TV programme in Sweden were analysed. All appearances of food and beverages were coded as well as the context in which the foods were discussed or appeared. Two food groups were analysed further: fruits and vegetables and high-calorie and low-nutrient (HCLN) foods. The results showed that foods were often presented with people, in particular adults and males. Of the foods appearing, HCLN foods constituted 19% of the food shown, and fruits and vegetables 39%. HCLN foods were presented significantly more frequently together with children than adults, while the opposite was true for fruits and vegetables. HCLN foods were more often consumed and actively handled than fruits and vegetables. To conclude, food and beverages appear frequently in children's programmes in Swedish public service television. The HCLN foods seem to be represented as more desirable for children than fruits and vegetables by appearing with children and being actively handled.

### **Hver er sundgeta íslenskra skólabarna í 5.-6. bekk? Er hún viðunandi miðað við reglugerð um öryggi á sundstöðum?**

Hafþór B. Guðmundsson, lektor Mvs. HÍ

Valgerður Inga Reykjalín Guðmundsdóttir, B.Sc. Mvs. HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða sundgetu skólabarna í 5.-6. bekk eða barna á aldrinum 10-12 ára. Mikilvægt var að komast að því hvort börn sem heimilt er að fara ein í

sundlaugar landsins séu nægjanlega synd til að bráðhætta stafi ekki af veru þeirra þar. Slembiúrtak 133 nemenda í 5.-6. bekk úr fjórum grunnskólum, tveimur í Reykjavík og tveimur af landsbyggðinni tóku þátt. Til að meta sundgetu barnanna var stuðst við samnorræn viðmið sem felast í að geta synt samtals 200 m og þar af 50 m á bakinu. Þetta þurfti að framkvæma viðstöðulaust en nemendur máttu þó hvíla sig stutta stund við bakka ef þau þurftu. Sundgeta barnanna var mjög sambærileg hvort sem nemandinn bjó á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni, eða 85-87%. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að 15% barna sem mega fara ein í sundlaug séu í raun í ákveðinni hættu þar sem sundgetu þeirra er ábótavant þrátt fyrir að hafa farið í u.þ.b. 80-100 kennslustundir í sundi. Börn á sama aldri á Norðurlöndunum sýna sambærilega getu þrátt fyrir mun færri sundtíma í skólakerfinu. Skýringar geta verið margvíslegar en til að geta gert sér betri grein fyrir ástæðum þessa er þörf á að gera mun ítarlegri rannsókn á þessu sviði.

### **Skólamáltíðir á Norðurlöndum**

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Mvs. HÍ,

Ragnheiður Júníusdóttir doktorsnemi Mvs. HÍ,

Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor Hvs. HÍ

Rannsóknin *Promeal* - Skólamáltíðir á Norðurlöndum er sameiginlegt verkefni rannsakenda frá fjórum löndum; Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Um er að ræða þverfræðilega nálgun næringarfræði, sálfræði og uppeldisfræði. Í tengslum við rannsóknina var þróuð aðferð til að meta matarmagn og gæði þess sem börn borða í skólamáltíðum. Vigtun máltíða og/eða skráning eru tímafreakar aðferðir og því var skoðað hversu vel gengi að meta magn matar og fæðuval út frá ljósmyndum af matardiskum barnanna og afgangum. Þær myndir voru bornar saman við myndir af vigtuðum staðalskömmtum. Til að kanna áreiðanleika ljósmynda sem aðferð við gagnasöfnum fór fram forprófun í skólamötuneyti grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Nemendur fengu skammtaðan mat í mötuneyti í samræmi við eigin óskir, grænmeti skömmtuðu þeir sér sjálfir og þeir máttu ráða hvort þeir vildu ávöxt með máltíðinni. Máltíðirnar voru ljósmyndaðar ofan frá og á ská og jafnframt vigtaðar. Einnig voru staðalskammtar, heill og hálfur, ljósmyndaðir og vigtaðir frá sama sjónarhorni. Fjórir rannsakendur máttu síðar allar máltíðir út frá vigtuðum staðalskömmtum og skráðu niður mat sitt í grömmum. Frávik rannsakenda frá rétttri þyngd fyrir hvert matvæli var reiknað í grömmum og prósentum. Ljóst er að talsverður breytileiki er á milli rannsakenda þegar þessari aðferð er beitt og miserfitt reynist að greina magnið eftir tegundum matvæla.

Jafnframt getur verið flóknara að meta afganga en upphafsskammt þar sem matvælin blandast hvert við annað á meðan borðað er. Til að nota megji aðferðina markvisst þarf að þjálfa rannsakendur vel og samræma vinnubrögð þar sem fleiri en einn vinna saman til að gögn séu samanburðarhæf. Sé þess gætt er hins vegar um einfalda og tímasparandi lausn að ræða þegar mataræði er kannað á vettvangi.

## **Sundiðkun þroskahamlaðra barna hefur jákvæð áhrif á líkamssamsetningu, hreyfingu og þrek þeirra**

Gunnhildur Hinriksdóttir, aðjúnkt Mvs. HÍ,

Ingi Þór Einarsson, doktorsnemi Mvs. HÍ,

Daniel Daly, dósent KU Leuven, Belgíu,

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ

Markmiðið var að bera saman líkamssamsetningu, þrek og hreyfingu hjá börnum með þroskahömlun (ID) og iðka sund við sömu þætti hjá börnum með eða án þroskahömlunar (TDI) sem ýmist iðka eða iðka ekki sund. Líkamsgærd var mæld sem og líkamssamsetning með DXA, hreyfing með hreyfímælum og þrek með hjólaprófi. Samanburður var gerður þar sem leiðrétt var fyrir aldri og kynþroska (Tanner stig). Tólf ID sundbörn ( $12,8 \pm 2,6$  ára), 14 TDI sundbörn ( $11,8 \pm 1,7$  ára), 58 ID börn ( $11,7 \pm 2,8$  ára) og 52 TDI börn ( $11,9 \pm 3,0$  ára) tóku þátt. ID sundbörn voru léttari, með lægra BMI, mittismál, búkfitu og kviðfitu heldur en ID börnin sem ekki æfðu sund. Einnig voru þau lægri og með minni vöðvamassa, beinmassa og beinþéttni heldur en TDI börn. ID sundbörn hreyfðu sig meira og af meiri ákefð heldur en ID börn sem ekki æfðu sund, en hreyfðu sig þó af minni ákefð heldur en TDI börn. ID börn sem æfa sund hafa minni fitumassa heldur en ID börn sem ekki æfa sund en holdafar þeirra er líkt TDI barna. Þrek þeirra og hreyfing eru einnig betri en ID barna sem æfa ekki sund og þrek þeirra er betra en TDI barna sem ekki æfa sund.

## **Íþróttir, heilsa og lífsstíll**

### **Rannsóknarstofa í íþróttá- og heilsufræði**

## **Skrokkskjóður eða stemningsfyrirbæri? Staða hugvísindalegra íþróttarannsókna á Íslandi**

Guðmundur Sæmundsson, aðjúkt Mvs. HÍ.

Fræðileg umfjöllun um íþróttir út frá hugvísindalegum eða menningarlegum sjónarhóli hefur síðustu áratugi ekki verið áberandi á Íslandi sem fræðilegt viðfangsefni hugvísinda þótt ef til vill sé það að breytast. Engum dylst þó að íþróttir skipa allstóran sess í menningu fólks sem tómstundir, viðfangsefni barna og unglinga og sem vinsælt fjölmiðlaefni. Áður fyrr voru tengsl íþróttarannsókna og hugvísinda meiri. Af erlendum vettvangi má nefna að ýmsir frægir alþjóðlegir félagsfræðingar hafa skrifað um íþróttir í ritum sínum. Til dæmis skrifaði Anthony Giddens lokaritgerð sína um þróun knattspyrnunnar á 19. öld. Hérlandis ber mest á skrifum um hetjur fornþingmenntanna og má þar nefna brautryðjandann Björn Bjarnason sem skrifaði um íþróttir fornþingmanna. Auk hans hafa ýmsir bókmenntafræðingar og heimspekingar skrifað um hetjur, hetjuskap og hetjusamfélagið til forna. Íþróttir eru í eðli sínu mjög þverfræðilegt fyrirbæri og rannsóknir á þeim geta byggt á aðferðafræði og rannsóknarhefðum úr mörgum fræðigreinum. Í erindinu verður greind staða íþróttarannsókna í nútímanum og þær tengdar ýmsum öðrum fræðigreinum. Kannað verður hvort merkja megi einhverja þróun síðustu árin í íþróttatengdum rannsóknum á ýmsum sviðum hugvísinda, mann- og félagsvísinda.

### **Áhrif fjölþættrar þjálfunar á farsæla öldrun**

Janus Guðlaugsson, lektor Mvs. HÍ,

Thor Aspelund dósent Hvs. HÍ,

Vilmundur Guðnason, prófessor Hvs. HÍ,

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Mvs. HÍ,

Pálmi V Jónsson, prófessor Hvs. HÍ,

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ,

Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. HÍ.

Íhlutunarrannsóknir fyrir eldri einstaklinga eru samfélögum sérstaklega áhugaverðar þar sem regluleg hreyfing hefur leitt af sér fjölþættan heilsutengdan ávinning. Markmið rannsóknar var að skoða áhrif 6 mánaða þjálfunar á hreyfigetu þriggja eldri aldurshópa. Rannsóknin var gerð á 117 einstaklingum á aldrinum 71–90 ára þar sem þátttakendum var skipt í þrjá aldurshópa; 71–75 ára (n=28), 76–80 ára (n=41) og 81 árs og eldri (n=48). Eftir 6 mánaða íhlutun varð veruleg jákvæð breyting á daglegri hreyfingu allra aldurshópa. Fótstyrkur hópa jókst að lokinni þjálfun, hreyfijafnvægi allra hópa tók jákvæðum breytingum og hélst sú breyting óbreytt 12 mánuðum eftir íhlutun. Gönguvegalengd í sex mínútna gönguprófi jókst að lokinni þjálfun og hélst einnig óbreytt 12 mánuðum eftir íhlutun. Heilsutengd lífsgæði tóku



jákvæðum breytingum hjá 71–75 ára hópnum en ári eftir að formlegri þjálfun lauk voru þau svipuð og við upphaf þjálfunar. Hjá 76–80 ára og einnig 81 árs og eldri voru lífsgæðin betri ári eftir að þjálfun lauk en þau voru við upphaf þjálfunar. Framangreindar breytingar voru tölfræðilega marktækar ( $p < 0,05$ ). Fjölpætt þjálfun eflir daglega hreyfingu og hefur jákvæð áhrif á styrk, hreyfigetu og gönguvegalegd mismunandi aldurshópa hjá eldri einstaklingum. Hóparnir bregðast svipað við þjálfun og varðveita áunnar breytingar á sambærilegan hátt. Rannsóknin bendir til þess að hófleg kerfisbundin þjálfun ætti að vera hluti af hefðbundinni heilsugæslu aldraðra. Þjálfun af þessum toga hefur jákvæð áhrif á heilsutengd lífsgæði, styrkir farsæla öldrun og eflir sjálfstæði í athöfnum daglegs lífs.

### **Tengsl bólgu við hjarta- og æðasjúkdóma**

Ingibjörg Kjartansdóttir, doktorsnemi Hvs. HÍ,

Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent Mvs. HÍ,

Ragnar Bjarnason, prófessor Hvs. HÍ

Þrátt fyrir vitundarvakningu almennings um áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma eru þessir sjúkdómar enn fremstir í flokki meðal dánarorsaka í heiminum. Talið er að rekja megi ástæðuna til fjölgunar einstaklinga sem eiga við offitu að stríða þó svo að orsakasambandið milli líkamsfitu, lífsstíls og hjarta- og æðasjúkdóma sé enn nokkuð óljóst. Talið er að offita sé vægt bólguástand og bólguþættir á borð við *Tumor necrosis factor alpha* og *interleukin 6*, sem framleiddir eru í hvítum kviðfituvef, hvetji til aukinnar myndunar á bólguþróteininu CRP og auki áhættu á insúlínviðnámi, hækkuðum blóðþrýstingi og að endingu hjarta- og æðasjúkdómum. Bólguþættirnir eru taldir til óhefðbundinna áhættuþátta en ekki er að fullu ljóst hvaða áhrif þeir hafa á unglingsárum eða hvort hækkuð gildi þeirra auki líkur á lífsstílstengdum sjúkdómum á fullorðinsárum. Bólguþættir hafa verið nokkuð rannsakaðir hjá börnum og svo fullorðnum einstaklingum en lítið hjá unglungum. Hvatt hefur verið til aukinna rannsókna á þessum aldurshópi þar sem rannsóknir hafa sýnt breytileika milli kynja og aldurs en unglingsárin gætu verið rétti tíminn til að varpa ljósi á hlutverk þeirra í ferlinu. Við kynnum því frumniðurstöður á þessum bólguþáttum hjá 16 ára unglungum og tengslum þeirra við blóðþrýsting, holdafar og þrek.

## Sjálfstæði tengsla þreks við áhættuþætti efnaskiptanna fara eftir framsetningu þess

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor Mvs. HÍ,

Elvar Smári Sævarsson MS-nemi Hvs. HÍ,

Kristján Þór Magnússon, lektor Mvs. HÍ,

Þórarinn Sveinsson, prófessor Hvs. HÍ,

Erlingur Jóhannsson, prófessor Mvs. HÍ

Þrek er tengt áhættuþáttum efnaskiptanna en ekki er vitað hvort þau tengsl séu óháð holdafari vegna sterkra tengsla þreks og holdafars. Líkamsgerðarmælingar voru framkvæmdar á 94 (50 kvk. og 44 kk.) 17 og 23 ára einstaklingum og fituprósentu og fitufrír massi (FFM) metið með tvíorku röntgengeislagleypnimælingu. Þrek var mælt með hámarksprófi á þrekhljóli, en það var einnig sett fram sem hlutfall af FFM ( $\text{Þrek}_{\text{FFM}}$ ). Blóðfitur, blóðsykur og insúlín voru mæld eftir 12 tíma föstu og HOMA (e. homeostatic model assessment) reiknað en það metur insúlínviðnám. Þrek var tengt heildarkólesteróli, þríglýseríðum, insúlíni og HOMA eftir leiðréttingu fyrir aldri og kyni ( $r=-0,25$  til  $-0,47$ , allt  $p<0,02$ ). Þegar Þrek var leiðrétt aukalega fyrir fituprósentu urðu tengslin ómarktæk ( $p=0,18-0,38$ ) sem gefur til kynna að áhrif Þreks á þessa áhættuþætti séu ekki óháð fitumagni, þ.e. að tengslin milli Þreks og áhættuþáttanna skýrist af því að þeir þrekminni séu feitari.  $\text{Þrek}_{\text{FFM}}$  var hins vegar tengt öllum þessum áhættuþáttum ( $r=-0,22$  til  $-0,32$ , allt  $p<0,04$ ) sem bendir til að tengsl þreksins geti verið óháð fitumagni þar sem búið er að fjarlægja alla fitu í  $\text{Þrek}_{\text{FFM}}$ . Fyrri rannsóknir sem hafa reynt að meta sjálfstæð tengsl þreks við áhættuþætti efnaskiptanna hafa sennilega vanmetið slík tengsl, og þar með hugsanleg áhrif þreks á áhættuþætti efnaskiptanna, vegna sterkra tengsla þreks við holdafar. Hér hafði  $\text{Þrek}_{\text{FFM}}$ , þar sem fitan var fjarlægð og þar með öll tengsl þreks við holdafarið rofin, sjálfstæð tengsl við áhættuþætti efnaskiptanna meðan Þrek, sem var tengt holdafarsmælingunum, hafði ekki slík tengsl frekar en í mörgum fyrri rannsókna. Framsetning þreksins og hversu vel tekst að einangra það frá áhrifum holdafarsins skiptir því verulegu máli þegar verið er að meta áhrif þess á áhættuþætti efnaskiptanna og heilsu almennt.

## Þróun náttúrufræðikennslu á næstu árum

### NaNO

#### Næstu skref í þróun námskeiðsins Náttúruvísindi á 21. öld

Ester Ýr Jónsdóttir, verkefnisstjóri Mvs. HÍ,

Birgir Urbancic Ásgeirsson, verkefnisstjóri Mvs. HÍ,

Svava Pétursdóttir, nýdoktor Mvs. HÍ

Námskeiðið *Náttúruvísindi á 21. öld* var haldið á vorönn 2014 sem nýtt þróunarverkefni á vegum NaNO (Náttúruvísindi á nýrri öld) verkefnisins. Leiðir til úrbóta og þróunar á námskeiðinu verða ræddar. Mat á námskeiðinu stóð yfir sumarið 2014 og verða niðurstöður matsins kynntar þar sem dreginn er lærdómur af síðustu önn með það að leiðarljósi að hanna námskeiðið að nýju. Þátttakendur námskeiðsins eru nemendur sviðsins ásamt starfandi kennurum. Einblínt er á þverfagleg viðfangsefni náttúruvísinda sem eru þýðingarmikil í framtíðinni, til dæmis líftækni, nanótækni, hafið, rusl í framtíðinni og vistheimt. Þátttakendur takast á við viðfangsefnin efnislega, bæði í samtölum við sérfræðinga og með vettvangsheimsóknnum í fyrirtæki og rannsóknarstofnanir. Í framhaldinu var unnið að kennsluhugmyndum og kennsluefni út frá viðfangsefnunum. Afrakstur námskeiðsins eru kennsluhugmyndir og -verkefni innan viðfangsefnanna sem verða í opnum gagnabanka á vefnum og því aðgengileg öllum þeim sem kunna að hafa áhuga á að kynna sér og nýta. Markmið námskeiðsins er að nálgast viðfangsefni framtíðar heildstætt, þvert á greinar náttúruvísinda og tengja efni skólans beint við viðfangsefni náttúruvísinda í atvinnulífi og rannsóknnum. Með því vekjum við áhuga nemenda á náttúrufræðigreinum annars vegar og stuðlum að menntun til sjálfbærni hins vegar. Verkefnið er styrkt af Aldarafmælisjóði Háskóla Íslands og Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.

### **Gagnabanki fyrir kennara með viðfangsefnum framtíðar**

Birgir Urbancic Ásgeirsson, verkefnisstjóri Mvs. HÍ,

Ester Ýr Jónsdóttir, verkefnisstjóri Mvs. HÍ,

Svava Pétursdóttir, nýdoktor Mvs. HÍ

Í erindinu verða mögulegar leiðir ræddar til þróunar á gagnabanka fyrir starfandi kennara sem NaNO (Náttúruvísindi á nýrri öld) hefur sett upp. Nokkrum spurningum hvað varðar framsetningu, aðgengi, innihald og framtíðarþróun er enn ósvarað. Í gagnabankanum er að finna kennsluhugmyndir ásamt kennsluefni fyrir grunn- og framhaldsskóla þar sem viðfangsefnin eiga það sameiginlegt að flokkast undir náttúruvísindi og tækni 21. aldar. Námsefnið er unnið þannig að það nýtist ólíkum námsgreinum og stuðli að samþættingu þeirra. Þau eru í eðli sínu þvert á greinar, bóklegar og verklegar. Mörg viðfangsefnanna teygja sig einnig yfir í samfélagsgreinar og samspil vísinda, tækni, náttúru og samfélags. Dæmi um viðfangsefni eru líftækni, nanótækni, loftslagsverkfræði og orkuvinnsla framtíðar. Námsefni um þau viðfangsefni á Íslandi sem efst eru á baugi í rannsóknnum náttúruvísinda er af skornum skammti og það litla lesefni sem finna má á íslensku er ekki sniðið að þörfum nemenda og

kennara. Í NaNO verkefninu er unnt að tengja námsefni skólans við raunveruleg viðfangsefni vísinda og tækni. Það stuðlar að frekari áhuga nemenda og skólakerfis í anda menntunar til sjálfbærni. Gagnabankinn er opinn og aðgengilegur öllum á netinu. Að mörgu er þó að hyggja við smíði gagnabanka og mikilvægt er að hann sé í stöðugri þróun. Verkefnið er styrkt af Aldarafmælisjóði Háskóla Íslands og þróunarsjóði námsgagna.

### **Framtíðarsýn á raunvísindi í náttúrufræðinámsskrám grunnskóla**

Haukur Arason, dósent Mvs. HÍ

Allyson Macdonald, prófessor Mvs. HÍ

Í sérhverri náttúrufræðinámsskrá fyrir grunnskóla birtist með beinum eða óbeinum hætti ákveðin sýn á raunvísindi og þekkingarfræði þeirra. Í þessu erindi verða skoðaðar námskrár mennta- og menningarmálaráðuneytisins um náttúrugreinar frá 1999 og 2013. Við greiningu á þessari sýn námskránna er nýttur greiningarrámi sem ýmsir fræðimenn á sviði náttúrufræðimenntunar hafa beitt á undanförunum árum en þar er meðal annars litið til þess hvaða viðhorf komi fram til vísindalegra kenninga og lögmála, vísindalegra aðferða, athugana og tilrauna. Jafnframt verður metið að hve miklu leyti námskráin frá 2013 býður upp á möguleika og gerir kröfur til samþættrar nálgunar til náms, bæði hvað lýtur að vali viðfangsefna og verklagi. Loks verður fjallað um grunnþætti sem tæki til að breikka grundvöll náms.

### **Málstofa Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar**

#### **Kynning og umfjöllun um samantekt á rannsóknum, stefnumótun og reglum um skóla margbreytileikans á Íslandi frá 1994 til 2014.**

Sigrún Sif Jóelsdóttir, Menntavísindastofnun Mvs. HÍ

Lára Rún Sigurvinsdóttir, Menntavísindastofnun Mvs. HÍ

Steingerður Ólafsdóttir, Menntavísindastofnun Mvs. HÍ

Dóra S. Bjarnason, prófessor Mvs. HÍ

Hugtakið „skóli án aðgreiningar“ (e. inclusive education) er margrætt hugtak sem á sér djúpar rætur í hugmyndum um jöfnuð, félagslegt réttlæti og lýðræðislega þátttöku. Þetta hugtak hefur breyst og þróast síðastliðin 20 ár og er nú samheiti við skóla margbreytileikans. Hugtakið má staðsetja á marghliða ás þar sem ólíkar fræðilegar víddir skarast. Þessar víddir spretta af félags- og menningarlegum, sögulegum, sálfræðilegum, siðfræðilegum og stofnanabundnum

þáttum og varða einstaklinga, hópa og félagsfesti (social organisations). Samantektin um rannsóknir á sérkennslu, fjölmenningslegri kennslu og skóla án aðgreiningar var unnin fyrir samstarfshóp á vegum mennta- og menningamálaráðuneytis. Verkið felur annars vegar í sér samantekt á skilgreiningum og túlkunum á hugtakinu skóli án aðgreiningar í opinberum gögnum og hins vegar niðurstöður samantektar og greiningar á þeim fræðilegu rannsóknum sem til eru og taka til skóla án aðgreiningar/skóla margbreytileikans og framkvæmd skólastarfs innan þeirrar hugmyndafræði. Þegar íslensk löggjöf er skoðuð með hliðsjón af Vísbendum fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu kemur í ljós að allgott samræmi er á milli lagatexta og fyrirmla sem varða skóla án aðgreiningar. Þegar kemur að lagasetningu um menntagæði eða framkvæmd má hins vegar segja að íslenskt lagaumhverfi styðji ekki nægjanlega við nám án aðgreiningar þar sem ákvæði vantar um símenntun kennara og að í kennaranámi sé tryggð fræðsla um málefni tengd námi án aðgreiningar. Ramminn um samstarf menntageirans, félags- og heilbrigðiskerfis er einnig brotarkenndur og óskýr. Eigi Ísland að geta uppfyllt ákvæði laga og alþjóðasamþykktta betur en nú er gert þarf að styðja sveitarfélög og skóla til frekari sveigjanleika.

### **Hugur ræður hálfum sigri. Um ígrundun kennara og samræmi orða og gjörða á vettvangi.**

Ásta Björnsdóttir, M.Ed.

Dóra S. Bjarnason, prófessor Mvs. HÍ

Í núverandi aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að skólastarf skuli unnið í anda stefnunnar um skóla án aðgreiningar og lögð rík áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti til að mæta þörfum allra nemenda. Rannsóknir sýna hins vegar að oft er munur á fyrirætlunum kennara, hvað þeir telja sig gera og starfshátta þeirra á vettvangi. Markmiðið með rannsókninni var að fá innsýn í reynsluheim kennara, kanna viðhorf þeirra til starfsins og hvernig þau eru sýnileg í starfi, þ.e. samræmi milli orða og gjörða. Leitað var svara við því hvernig kennarar geta komið til móts við margbreytilegan hóp nemenda með fjölbreyttum kennsluáðferðum og með því að ígrunda starfshætti sína. Gerð var eigindleg rannsókn og gagna aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og dagbókarfærslum sex kennara í þremur skólum vorið 2013. Félagslegar mótunarkenningar voru notaðar við gagnagreiningu ásamt kenningum um félagsauð, fagauð, ígrundun og vald. Niðurstöður leiddu í ljós jákvæð viðhorf kennaranna til starfsins. Sanngjörn framkoma og virðing var eitt það allra mikilvægasta við fagmennsku kennara að þeirra mati ásamt því að hafa skýr markmið með kennslunni til að

nemendur geti notið sín á eigin forsendum. Töluvert samræmi var á milli orða og gjörða kennaranna með tilliti til kennsluhátta sem henta margbreytilegum nemendahópum. Helstu áherslur sneru að heimakrök, hringekjum, áætlun, vali, þema, bekkjarfundum, áhugasviðs- verkefnum, hópavinnu og sveigjanleika við úrlausn verkefna. Misfjölbreyttar kennsluaðferðir voru þó sýnilegar. Mögulegar skýringar gætu verið starfsaldur, skipulag skóla, samstarf við stjórnendur eða íhaldsamar hugmyndir um menntun sem einkennast af aðgreiningu. Kennararnir hugsuðu mikið um vinnuna en flestir myndu vilja ígrunda hana betur á markvissan hátt til að geta komið til móts við alla nemendur. Þeir upplifðu álag og togstreitu í starfi sínu og þótti krefjandi að sinna margbreytilegum hópi nemenda. Samvinna kennara og stuðningur stjórnenda var talinn ómetanlegur. Mikilvægt er að hlusta á raddir kennara og efla þá til að starfa í anda lausnamiðaðrar hugsunar og sveigjanleika til að stuðla að virkri þátttöku.

### **Hvað gerir þá svona góða?**

Dóra S. Bjarnason, prófessor Mvs. HÍ

Í erindi þessu verða UNESCO verðlaunahafar fyrir framúrskarandi starf á sviði skóla án aðgreiningar kynntir. Að þessu sinni fóru þessi virtu verðlaun til skólakerfa og fulltrúa þeirra í New Brunswick í Kanada og til Bridge of Hope, sjálfstæðra félagsamtaka í Armeníu. Menntamálaráðuneytið, sú deild sem sér um stefnumótun og skólaþróun í grunnskóla og leikskóla, í New Brunswick í Kanada er löngu þekkt fyrir afburða stefnu og kerfisbundna framkvæmd á sviði skóla margbreytileikans (e. inclusive education). Sú stefna hefur haldist þar síðastliðin 27 ár og verið í stöðugri þróun. Höfuðáhersla hefur verið lögð á gæðamenntun fyrir alla, ekki síst fatlaða nemendur og nemendur úr minnihlutahópum og á hugsjónir um skóla sem byggir á félagslegu réttlæti og jafnrétti allra. Verkefnið sem nefnist '*A model for inclusion in New Brunswick's public education system*' felur í sér dæmi um það hvernig áhersla á jafningjastuðning, fagmennsku á sviði skóla margbreytileikans og gæðakröfur til menntunar í almennu skólakerfi geta verið fyrirmynd metnaðarfulls skólustarfs víða um heim. Í málstofunni verður fjallað um nokkur atriði sem virðast skipta höfuðmáli við mótun og þróun skóla margbreytileikans og menntun kennara, stjórnenda og annars starfsfólks við slíka skóla. Armensku hagsmunasamtökin Bridge of Hope fengu verðlaunin fyrir starfið '*Towards Education for All: Inclusive Education*', þar sem rík áhersla er lögð á mannréttindi og hlutdeild fatlaðra barna og ungmenna í skóla og samfélagi til jafns við aðra. Samtökin, sem hafa einungis starfað frá 10. áratugi síðustu aldar hafa náð undraverðum árangri og breytt örlögum mörg þúsund barna sem ella hefðu tæpast notið skólavistar. Þessi ávinningur er afrakstur samstarfs forystufólks samtakanna, ráðuneyta, alþjóðlegra stofnana, fjölskyldna, sveitarstjórna, skóla og leikskóla. Bridge of Hope hefur náð umtalsverðum árangri í menntun og þátttöku fatlaðra barna og unglunga í anda skóla margbreytileikans, þrátt fyrir ögrandi og erfiðar ytri

aðstæður í armenskum skólum og samfélagi. Starf samtakanna er mikilvægt dæmi fyrir menntamál og mannréttindi í þessum heimshluta. Í málsstofunni verður starfsemi og árangur Bridge of Hope kynnt nánar og leitast við að draga lærdóm af starfi samtakanna fyrir íslensk félagasamtök á líku sviði.

## **Að öðlast nýtt sjónarhorn á eigið starf í gegnum starfendarannsóknir**

### **Rannsóknarstofa um starfendarannsóknir.**

#### **Lærdómar dregjir af því að rannsaka með nemendum**

Edda Óskarsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Börn eru virkir þátttakendur í samfélagi okkar og hafa rétt á því að láta skoðanir sínar í ljósi varðandi öll málefni sem snerta þau. Það þýðir að fullorðnir þurfa að skapa tækifæri fyrir börn að tjá sig. Hér verður sagt frá aðferðafræðilegum og siðferðilegum áskorunum sem fram komu við það að skapa rými fyrir þátttöku nemenda í rannsókn á skóla án aðgreiningar. Jafnframt er fjallað um hvað rannsakandinn lærði af því að rannsaka með börnum, með því að beita sjálfsrýni og vinna með rannsóknarvini. Umfjöllunarefnið er hluti af starfendarannsókn þar sem markmiðið er að þróa starfshætti skóla í átt til þess að vera án aðgreiningar. Þátttakendur í þessum hluta rannsóknarinnar voru nemendur í myndmennt í 4., 6., og vali í 9. og 10. bekk. Þeir voru beðnir að teikna mynd af því hvernig þeir skilja eða sáu fyrir sér skóla án aðgreiningar og var síðan hluta þeirra boðið að taka þátt í samræðum þar sem teikningar þeirra voru notaðar til grundvallar. Lærdómurinn sem ég dró af þessari rannsóknaraðferð snýst um fjögur þemu: hver hefur valdið, hlutverk rannsakandans, aðferðina sem beitt var og mikilvægi ígrundunar í rannsóknarferlinu.

#### **Félags- og menningarlegar hugmyndir um læsi og ritunarkennsla: Hugleiðingar úr ritunarkennslu heyrnarlausra**

Karen Rut Gísladóttir, lektor Mvs. HÍ

Síðustu áratugi hafa félags- og menningarlegar hugmyndir um læsi verið að ryðja sér til rúms bæði hérlendis og erlendis. Þessar hugmyndir fela í sér að í stað þess að hugsa um læsi sem hlutlausu færniþætti sem hægt er að ná tökum á sé mikilvægt að hugsa um læsi sem félagslega iðju sem eigi rætur að rekja í félags- og menningarlega reynslu einstaklinga. Frá þessum bæjardryrum séð er til margs konar læsi. Þeir sem vinna með hugmyndir um margs konar læsi leggja áherslu á hið fjölbáttta eðli læsis. Hið fjölbáttta eðli læsis beinir athygli að samspili

ólíkra samskiptavídda í merkingarsköpun, þ.e. tungumáls, sjónar, heyrnar, rýmis og látbragðs. Þessar hugmyndir hafa áhrif á áherslur í rannsóknum og kennslu. Tilgangur þessa erindis er tvíþættur. Í fyrsta lagi verður dregið fram hvernig ég sem íslenskukennari heyrnarlausra nemenda og kennararannsakandi þróaði fræðilinsu úr hugmyndum um fjölhátta eðli læsis til að skilja betur ritunarferli heyrnarlausra nemenda. Í öðru lagi mun ég skoða hvernig ég get nýtt fræðilinsu mína til að varpa nýju fræðaljósi á ritunarkennslu í skólum. Að leiðarljósi eru tvær rannsóknarspurningar: Hvað felst í hugmyndum um margs konar læsi og fjölhátta eðli þess? Hvernig má nýta þessar hugmyndir til að skoða ritunarkennslu í skólastarfi? Gögn sem byggt er á eru rannsóknardagbók höfundar og viðtöl sem tekin voru við foreldra og nemendur. Niðurstöður gefa til kynna að þegar nemendur fengu meira eignarhald og val um ritunarverkefni þá nýttu þeir ólíkar samskiptaleiðir til að koma merkingu sinni á framfæri í rituðu máli.

### **Að læra saman um stærðfræðinám og -kennslu**

Jónína Vala Kristinsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum samvinnurannsóknar grunnskólakennara og háskólakennara um stærðfræðinám og -kennslu á miðstigi grunnskóla og sjónum beint að háskólakennaranum og því sem hann lærði af að vinna með grunnskólakennurum. Markmiðið með rannsókninni var að skapa sameiginlega þekkingu sem kemur rannsakendum, kennurum og nemendum að gagni og getur þannig nýst til að bæta skólastarf. Við rannsóknina var leitast við að skapa námssamfélag þar sem þátttakendur notuðu rannsóknarnálgun til að greina það nám sem á sér stað í kennslustofunni og hvernig kennsla þeirra þróast. Þar fá þátttakendur tækifæri til að spyrja spurninga um hvernig bæta megi aðstæður nemenda til merkingarbærs náms og læra um leið um eigið nám. Rannsóknarnálgunin er notuð bæði sem tæki til að þróa starf sitt og sem leið við kennslu. Þátttakendur hittust reglulega á vinnustofum, glímdu saman við stærðfræðileg viðfangsefni og ræddu um stærðfræðinám nemenda sinna og samstarfið við þá í kennlustundum. Gögnum var safnað með myndbandsupptökum í vinnustofum, hljódupptökum af viðtölum við kennara og minnispunktum úr heimsóknum í kennlustundir. Fjallað verður um niðurstöður rannsóknarinnar, rætt um þá þætti sem áhrif höfðu á samstarfið og það sem háskólakennarinn lærði af því. Þá verður gerð grein fyrir hvernig rannsóknin þróaðist og hvað einkennir rannsóknarferli þar sem grunnskólakennarar vinna með háskólakennara að því rannsaka kennslu sína.



## Sjálfræði og rannsóknir með ólíkum hópum

### Málstofur á vegum Rannsóknarstofu í þroskaþjálfrafræðum

#### **Hvað er aðstæðubundið sjálfræði og hvernig nýtist það í starfi með fötluðu fólki?**

Ástríður Stefánsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Í þessum fyrirlestri verður kynnt hugtakið *aðstæðubundið sjálfræði*. Er hér um að ræða regnhlífarhugtak yfir skilgreiningar á sjálfræði. Þær ganga allar út frá þeirri sýn að einstaklingurinn sé staðsettur í félagslegum veruleika sem hafi áhrif á þróun og stöðu hans eigin sjálfs. Þær hugmyndir sem hér verða kynntar koma frá feministum og hafa þær verið settar fram sem gagnrýni á hefðbundnar sjálfræðisskilgreiningar t.d. heimspekinga eins og Kants og Dworkins. Hugmyndir þessara heimspekinga ganga út frá því að sjálfið sé frjálst, óháð og „sjálfsprottið“. Þó hugmyndin um hinn alfrjálsa hugsuð sé að mörgu leyti heillandi þá er vandinn við kenningar þeirra sá að þær gera ekki næga grein fyrir mögulegri kúgun umhverfisins á einstaklingnum. Dæmi um slíka kúgun má til dæmis sjá hjá þeim sem hafa alla tíð sætt ofbeldi og þeim áhrifum sem slíkt getur haft á sýn þeirra á eigin stöðu. Slík reynsla getur leitt til þess að einstaklingurinn eigi erfitt með að gera kröfu um lágmarks virðingu og almenn gæði sem öllum ættu að vera sjálfsögð. Hugmyndir um *aðstæðubundið sjálfræði* skoða tengsl einstaklingsins við umhverfi sitt og á hvern máta það getur mótað hugmyndir eins og t.a.m. sjálfsvirðingu og sjálfstraust og hvernig það svo tengist sjálfræði þeirra. Sú sýn sem hér er dregin fram á sjálfræði hefur ákveðinn samhljóm með hinni félagslegu sýn á fötlun og gerir það að verkum að hugtakið nýtist vel í umfjöllun um sjálfræði fatlaðs fólks. Sérstaklega er það gagnlegt til að greina og rökstyðja á hvern máta áhrifaþættir í umhverfinu valda kerfisbundinni kúgun hjá ákveðnum hópum í samfélaginu. Með því að beita þessari sýn á sjálfræðið má greina og rökstyðja hvernig vinna á gegn slíkri kúgun með breytingum í hinu félagslega umhverfi.

#### **Sjálfræði og fólk með þroskahömlun sem þarf mikla aðstoð í daglegu lífi**

Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Í grunngildum Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er lögð rík áhersla á sjálfræði og sjálfstæði fatlaðs fólks og þar með talinn réttinn til sjálfstæðrar ákvarðanatöku. Rannsóknin sem hér er til umfjöllunar beinist að því að kanna hvaða þættir ýmist stuðla að eða draga úr/hindra sjálfræði fólks með þroskahömlun sem þarf mikla aðstoð í daglegu lífi. Gagna var aflað með 16 þátttökuathugunum inni á heimilum fólksins en sú aðferð var valin

vegna þess að hópurinn sem hér um ræðir á erfitt með að tjá sig með orðum og því henta viðtöl ekki. Auk þess voru tekin fjögur rýnihópaviðtöl við 20 starfsmenn. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til að þeir þættir sem höfðu mest áhrif á sjálfræði fólksins í daglegu lífi voru viðhorf og vinnubrögð starfsfólks sem mótuðu svo aftur þá aðstoð og stuðning sem fólkið fékk. Þá kom einnig fram að skipulag á heimilum fólksins tók oftast nær mið af heildinni og kom það oft í veg fyrir möguleika á að veita einstaklingsbundinn stuðning. Fram kom að meirihluti starfsfólks var ófaglært og skorti þekkingu á nútímalegri hugmyndafræði í málaflokkum fatlaðs fólks sem byggir meðal annars á mannréttindum og félagslegum skilningi á fötlun. Þá skorti líka þekkingu á óhefðbundnum tjáskiptaleiðum. Starfsfólk lagði þó mikla áherslu á að veita góða þjónustu með sjálfræði fólksins að leiðarljósi en taldi að álagið í starfi væri oft mikið og starfsfólk of fátt. Niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til þess að fólk með þroskahömlun og miklar stuðningsþarfir getur, fái það viðeigandi stuðning haft áhrif á ákvarðanir um eigið líf.

### **Sjálfræði, einkalíf og fólk með þroskahömlun**

Lilja Össurardóttir, aðjúnkt Mvs. HÍ

Í erindinu verður kynntur fyrsti hluti rannsóknar á sjálfræði fólks með þroskahömlun sem býr á landsbyggðinni. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar á því hvernig fólk með þroskahömlun upplifir og túlkar sjálfræði sitt og með hvaða hætti ólíkir menningarbundnir og félagslegir þættir, svo sem kyngervi, félagslegar aðstæður, aldur og fötlun samtvinnast í reynslu þeirra og upplifun. Í Samningi Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2007 eru mannréttindi fatlaðs fólks viðurkennd að fullu og þar með talinn réttur þeirra til sjálfstæðrar ákvarðanatöku og er sjálfræði eitt af grunnildum samningsins. Í erindinu verður sjálfræði skoðað í samhengi við heimili fólks, vináttu, ástarsambönd og fjölskyldulíf. Reynt verður að draga fram sérstöðu þeirra sem búa á landsbyggðinni og hvernig hún hefur áhrif á sjálfræði þeirra. Verkefnið er hluti af rannsókninni *Sjálfræði og fullorðinsár* sem unnin er við Rannsóknarstofu í þroskaþjálfarafræðum við Menntavísindasvið HÍ.

***„Alls kyns fordómar, viðhorf og aðgreining takmarka möguleika .....“***

Ingibjörg H. Harðardóttir, lektor Mvs. HÍ

Titill kynningarinnar er sóttur í yfirlitsgrein O'Reilly og Caro (1994) um framlag aldraðra til samfélagsins. Við fyrstu sýn mætti ætla að titillinn vísaði til málaflokks fatlaðra og mun í kynningunni m.a. verða fjallað um aðkomu fagstéttar þroskaþjálfara í þjónustu við aldraða. Lýst verður niðurstöðum viðtala við aldrað fólk og þroskaþjálfara sem starfa innan málaflokks

aldraðra og kynntar verða rannsóknir er lúta að öldruðum, hindranir sem þeir mæta, annars vegar í samfélaginu og hins vegar meðal aldraðra sjálfra. Þá verður ljósinu beint að því hvernig unnt er að vinna gegn þessum aldurstengdu hindrunum. Ný lög og reglugerðir, alþjóðasamþykktir og breytt hugmyndafræði fela í sér að aldraðir eru ekki lengur eingöngu skjólstæðingar heilbrigðiskerfisins og nýjar fagstéttir koma að þjónustu við eldri borgara. Í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til ársins 2017 er lagt til að horfið verði frá því að aðgreina fólk og þjónustu við það eftir aldri, sjúkdómum, fötlun eða öðrum skilmerkjum, heldur eigi þjónusta og stuðningur að taka mið af þörfum hvers og eins.

## Sjálfræði, menntun og tómstundir

### Málstofur á vegum Rannsóknarstofu í þroskaþjálfun

#### „Maður er bara settur í eitthvað“: Sjálfræði, menntun og tómstundir

Kristín Björnsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum rannsóknar á sjálfræði fólks með þroskahömlun. Í grunnildum *Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* er lögð áhersla á sjálfræði og sjálfstæði fatlaðs fólks og þar með talinn réttinn til sjálfstæðra ákvarðana. Samningurinn kveður einnig á um rétt fatlaðs fólks til menntunar án aðgreiningar á öllum skólastigum að símenntun meðtalinni og um rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt, til jafns við aðra, í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi. Þessi rannsókn er unnin samkvæmt eiginlegri rannsóknarhefð og var gagna aflað með viðtölum og þátttökuathugunum. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 23 einstaklingar með þroskahömlun á aldrinum 26-46 ára. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fólk með þroskahömlun hafi takmarkað val og sjálfræði þegar kemur að menntun og tómstundum. Algengt var að þátttakendur höfðu ekki fengið aðstoð við hæfi í grunn- og framhaldsskóla og takmarkað val hvað varðar námsaðferðir eða fög. Einnig virðist framboð símenntunar vera takmarkað og ekki leiða til aukinna atvinnutækifæra. Þátttakendur rannsóknarinnar höfðu einnig takmarkaða stjórn á sínum frítíma og þurftu oft á tíðum að setta sig við afþreyingu sem þeir hefðu ekki valið að taka þátt í sjálfir. Niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til þess að fólk með þroskahömlun getur, fái það viðeigandi stuðning og upplýsingar, tekið ákvarðanir um eigið líf.

## **Skólaganga og sjálfræði ungs fólks með þroskahömlun**

Helena Gunnarsdóttir, meistaranemi Mvs. HÍ

Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að fá fram upplifun og reynslu þátttakenda af skólagöngu sinni, frá leikskóla til framhaldsskóla. Auk þess er tilgangur rannsóknarinnar að athuga með hvaða hætti sjálfræði birtist í frásögnum þeirra. Um er að ræða eigindlega lífssögurannsókn sem byggir á opnum viðtölum við þátttakendur. Talað var við sex einstaklinga á aldrinum 23-32 ára, fjórar konur og tvo karla. Þrjú þeirra gengu í sérskóla og þrjú í almennan grunnskóla. Niðurstöður rannsóknarinnar verða skoðaðar í ljósi hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar, kenninga um sjálfræði, samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og norræna tengslaskilningsins. Í rannsókninni er lögð áhersla á að fólk með þroskahömlun fái tækifæri til að tjá sig sjálft um eigið líf og reynslu og hafa þannig áhrif á umræðu um skólamál. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þátttakendur hafi mætt ýmsum hindrunum í skóla hvort sem það var í almennum grunnskóla eða sérskóla. Fólkið hafði lítið um skólagöngu sína að segja og sjaldgjæft var að hlustað væri á óskir þeirra og væntingar. Þá kom fram að einelti birtist með einhverjum hætti hjá öllum þátttakendum nema einum.

## **Þjónusta við ung fötluð börn á Íslandi frá sjónarhóli foreldra**

Jóna G. Ingólfssdóttir aðjúnkt Mvs. HÍ

Erindið er byggt á doktorsverkefni höfundar og er um að ræða eigindlega fjöltilvikarannsókn sem gerð var á þremur stöðum á landinu. Fjölbreyttra gagna var aflað, sem samanstóðu af viðtölum við foreldra og fagfólk, vettvangsathugunum og greiningu opinberra, sem og annarra skriflegra gagna. Markmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar um velferðarþjónustuna á Íslandi sem veitt er ungum fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra og hvernig hún mætir þörfum þessa hóps. Sérstök áhersla var lögð á að fá fram sýn foreldranna og hvað þeim þætti betur mega fara. Leitast var við að greina hvort misræmis gætti milli markmiða velferðarkerfisins, þjónustunnar sem veitt er og þarfa notendanna og voru kenningar um fjölskyldumiðaða þjónustu og norræna tengslasýnin á fötlun notaðar sem fræðilegur grunnur. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að margt sé vel gert innan þjónustukerfisins hér á landi að mati foreldra, en að kerfið sé sundurlaust og þarfnist innbyrðis samræmingar og samhæfingar. Í erindinu verður rætt hvernig niðurstöðurnar geti nýst sem innlegg til frekari þróunar á skipulagi þjónustu og starfsaðferða.

## Uppeldi og velferð barna og ungmenna í nútíma samfélagi

### Lífshættir barna og ungmenna

#### Hvað vilja feður leggja áherslu á í uppeldi barna sinna?

Hrund Þórarinsdóttir, doktorsnemi og aðjúntkt Mvs. HÍ

Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor Mvs. HÍ

Samfara miklum þjóðfélagsbreytingum á síðustu öld hefur fjölskyldugerð og fjölskyldulíf breyst mjög. Á sama tíma virðast foreldrar ekki eins öruggir í uppeldishlutverki sínu. Því er brýnt að vera í stöðugri leit að því hvernig best megi standa að uppeldi barna og styrkja foreldra í þessu ábyrgðarmikla hlutverki. Ein leið er að skoða uppeldissýn foreldra og nota þá þekkingu sem grunn að starfi með þeim. Feður hafa í gegnum tíðina fengið minni athygli en mæður sem uppalendur. Markmið rannsóknarinnar er því að öðlast dýpri þekkingu og skilning á uppeldissýn feðra, þar á meðal á uppeldismarkmiðum þeirra. Einnig verður greiningarlíkan um uppeldissýn foreldra þróað. Þátttakendur rannsóknarinnar eru 23 feður og uppeldissýn þeirra er könnuð með eigindlegum aðferðum Í erindinu verður fjallað um uppeldismarkmið feðranna. Fram kom að þeir leggja áherslu á að börn þeirra séu sjálförugg og ánægð; hæf í samskiptum; fylgi reglum og venjum; séu heilbrigð; og geti staðið á eigin fótum. Gefin verða ýmis dæmi um uppeldismarkmið þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að geta orðið mikilvægt framlag til rannsókna á uppeldissýn feðra bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi og hafa gildi fyrir fagfólk sem starfar með foreldrum.

#### Uppeldishættir foreldra og viðhorf ungs fólks til borgaralegrar þátttöku

Ragný Þóra Guðjohnsen, doktorsnemi og stundakennari Mvs. HÍ

Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor Mvs. HÍ

Á fræðivettvangi og í samfélaginu hefur umræða aukist á undanförunum áratug um mikilvægi þess að finna leiðir, meðal annars í skólasamfélaginu, til að efla borgaravitund ungmenna og hvetja þau til virkrar borgaralegrar þátttöku. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kanna tengsl milli uppeldishátta foreldra og viðhorfa ungmenna til borgaralegrar þátttöku fólks, meðal annars sjálfbóðaliðastarfs. Rannsóknin er hluti rannsóknarinnar *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Þátttakendur voru 1042 ungmenni (14 og 18 ára) úr grunn- og framhaldsskólum í þremur byggðakjörnum á Íslandi. Spurningalistar voru lagðir fyrir

ungmennin á skólatíma skólaárið 2009-2010. Þrír þættir sem einkenna leiðandi uppeldishætti voru skoðaðir í ljósi kenninga Díönu Baumrind (1971): „viðurkenning“ (e. psychological autonomy granting), „stuðningur“ (e. involvement) og „hegðunarstjórn“ (e. behavioural control). Borgaraleg þátttaka vísar annars vegar til hefðbundinnar þátttöku (t.d. að kjósa, taka þátt í pólitískri umræðu) og hins vegar til þátttöku ungs fólks í félagslegum hreyfingum (t.d. sjálfbóðaliðastarf, umhverfisvernd og vinna að mannréttindum). Helstu niðurstöður benda til þess að uppeldisaðferðir foreldra við 14 og 18 ára aldur ungmenna tengjast viðhorfum þeirra til borgaralegrar þátttöku. Í erindinu verður nánar fjallað um þessar niðurstöður.

### **Velgengni og velferð ungmenna af erlendum uppruna í ljósi alþjóðlegra kenninga**

Eyrún María Rúnarsdóttir, doktorsnemi Háskólanum í Leiden og aðjúnkt við Mvs. HÍ

Ýmsar kenningar og líkön hafa verið sett fram til að varpa ljósi á aðlögun innflytjenda. Má þar nefna þversögn innflytjandans (e. immigrant paradox) sem lýsir því þegar innflytjendum farnast betur en innfæddum að teknu tilliti til félags- og efnahagslegrar stöðu. Einnig má nefna bjartsýnislíkanið (e. immigrant optimism hypothesis) en þar er horft til væntinga og metnaðar fyrstu kynslóðar innflytjenda sem drifkrafts fyrir velgengni og árangur næstu kynslóðar. Portes og Zhou settu fram kenningu um aðlögun innflytjenda að tilteknum samfélagsgeira (e. segmented assimilation) í kjölfar rannsókna á börnum innflytjenda sem fluttust til Bandaríkjanna eftir 1965. Um þessar mundir stendur yfir lífleg umræða meðal fræðimanna um kenningarnar og hvernig má tengja þær evrópskum fjölmenningsamfélögum. Í erindinu verður þessi umræða kynnt og dæmi tekin úr íslenskum rannsóknum sem geta gefið vísbendingar um hvernig þær eiga við hér á landi. Áhersla verður lögð á rannsóknir sem beinast að veruleika barna og unglinga af erlendum uppruna: skólagöngu þeirra, líðan og samskiptum við foreldra og félag. Þá verður fyrirhuguð rannsókn sem beinist að þætti vina og féлага í aðlögun ungmenna af erlendum uppruna að íslensku samfélagi kynnt, en í henni er byggt á sjónarhorni kenningar um aðlögun að samfélagsgeira.

## Kennsluþróun á háskólastigi

### Þróun í verkefnavinnu og námsmati

Ágústa Þorbergsdóttir, stundakennari Hug. HÍ

Í erindinu er fjallað um starfendarannsókn sem unnin var veturinn 2013–2014 þar sem tekið var fyrir námskeiðið íðorðafraði sem Hugvísindasvið HÍ hefur boðið upp á sl. sex ár og rannsakandi kennir. Eigin starfshættir voru ígrundaðir í því augnamiði að þróa þá til betri vegar og var áherslan einkum að leita leiða til að virkja nemendur til meiri þátttöku og ábyrgðar í verkefnavinnu og námsmati. Sjónum var m.a. beint að því hvernig verkefni geta gagnast við uppbyggingu þekkingar og var sú breyting gerð að minnka glærunotkun (yfirferð eða miðlun kennara) og fjölga í staðinn tímaverkefnum þar sem reynt var að fá nemendur til að draga eigin ályktanir og tengja það við námsefnið sem var til umfjöllunar. Leiðsagnarmat, sem tengt var heimaverkefnum, var notað sem ábending um að laga það sem betur mátti fara í námi og kennslu og útbúnir voru matskvarðar með skýrum viðmiðum til að nemendur vissu að hverju bæri að stefna. Nemendur unnu raunhæf lokaverkefni í samráði við kennara og voru þeir hvattir til að velja viðfangsefni sem þeir höfðu sjálfir áhuga á. Þá var jafningjamat tengt lokaverkefnum á þann hátt að nemendur, tveir og tveir saman, skrifuðu umsögn um verkefni hvor annars. Ljóst er að jafningjamatíð, sem og aðrar breytingar sem gerðar voru á námskeiðinu, juku virkni nemenda og efldu skilning þeirra á markmiðum námsins.

### Viðhorf nemenda og kennara við Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild til náms og kennslu

Elín Lóa Kristjánsdóttir, kennari Hug. HÍ

Rannsókn þessi tengist kennslu minni í trúarbragðasögu við Guðfræði- og trúarbragðafraeði-deild Háskóla Íslands en er jafnframt hluti af námi í kennslufræðum fyrir háskólakennara. Meginmarkmið rannsóknar minnar er að skoða kennslu og nám við Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild HÍ í ljósi kennslufræðilegra hugmynda og varpa ljósi á reynslu nemenda og kennara út frá þeirra eigin orðum og upplifunum. Rannsóknarspurningin er: Hvað telja nemendur og kennarar í Guðfræði- og trúarbragðafraeðideild vera gott nám og góða kennslu? Gagna var einkum aflað með tvennum hætti. Annars vegar voru tekin rýnihópaviðtöl við hóp nemenda og hinsvegar hóp kennara við deildina. Það var gert til að bera saman upplifanir þessara tveggja hópa og skoða reynslu nemenda og kennara af náms- og starfsumhverfi sínu. Þá voru nýtt til samanburðar fyrirbyggjandi gögn, þá einkum kannanir Félagsvísindastofnunar á viðhorfum nemenda til náms (e. Survey of student satisfaction) 2012, 2013

og 2014 sem lagðar voru fyrir nemendur Háskóla Íslands í tengslum við gæðaúttekt skólans, niðurstöður rannsóknar sem unnin var af Evu Björk Valdimarsdóttur og Bjarna Randverri Sigurvinssyni árið 2010. Voru niðurstöður úr þessum gögnum greindar og bornar saman við niðurstöður úr rýnihópaviðtölum þar sem sérstaklega var hlustað eftir hvað nemendur og kennarar voru ánægðir með og einnig eftir tillögum nemenda og kennara til úrbóta þar sem þeim þurfa þótti. Niðurstöður greiningar verða settar fram og ræddar í ljósi fræðilegra hugmynda um gæði náms og kennslu.

## **Epli og appelsínur: Ólíkar mælistikur á gæði náms og kennslu**

Elva Björg Einarsdóttir, verkefnisstjóri Kennslumiðstöð HÍ

Í tengslum við gæðamat Háskóla Íslands hafa stjórnendur háskólans og svo einstakar deildir hans aflað gagna um viðhorf nemenda til náms og kennslu. Í þessari rannsókn voru skoðaðar sérstaklega þrjár mismunandi kannanir eða matsskýrslur: Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sjálfsmatsskýrslur deilda og kannanir Kennslumiðstöðvar HÍ sem unnar hafa verið fyrir einstakar deildir. Af gögnunum má vissulega merkja ákveðnar línur um viðhorf nemenda til gæða náms og kennslu. Hér skiptir miklu samskipta- og félagshæfni kennara og viðhorf þeirra til nemenda, að þeir séu hjálpsamir, aðgengilegir nemendum, skýrir, velviljaðir, séu áhugasamir um kennsluna og fagið sitt og smiti áhuga sínum til nemenda og séu sanngjarnir og samkvæmir sjálfum sér. Nemendur tala einnig um gæði í námi og kennslu þar sem skipulag er gott, kennsluhættir fjölbreyttir og til þess fallnir að virkja nemendur. Erfitt reyndist þó að bera gögnin saman og nota sömu mælistiku á þau, því að þrátt fyrir að viðfangsefni þeirra sé hið sama eru þau töluvert ólík og sjónarhornið og hugmyndafræðilegur bakgrunnurinn mismunandi, og undirstrikar það margbreytileika viðfangsefnisins. Nauðsynlegt er að skoða þær forsendur eða sjónarmið sem rannsóknirnar byggja á til að hægt sé að túlka niðurstöður og nýta í kennsluþróun innan háskólans.

## **Að nýta gögn til gagns: Gæðamat sem liður í kennsluþróun**

Guðrún Geirsdóttir, dósent Mvs. og deildarstjóri Kennslumiðstöðvar HÍ

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var stofnuð árið 2001. Meginmarkmið og viðfangsefni hennar er þróun kennsluhátta við háskólann. Eitt af verkefnum Kennslumiðstöðvar hefur verið þátttaka í gæðamati þar sem unnið er eftir áætlun Gæðaráðs háskólanna sem stofnað var til



árið 2011. Í því gæðamati er áherslan fyrst og fremst á að kanna námsreynslu nemenda svo og umbætur í kennslu. Til að afla upplýsinga um reynslu nemenda og viðhorf til gæða náms og kennslu hafa háskólayfirvöld svo og einstakar deildir aflað upplýsinga með rafrænum könnunum, rýnihópum og viðtölum. Deildir hafa svo sett fram niðurstöður í sjálfsmatsskýrslum. Í þessu erindi er þeirri spurningu velt upp á hvaða hátt megi nýta gæðamatsferlið og þau gögn sem aflað hefur verið kerfisbundið til að efla kennsluhætti innan háskólans. Í umfjölluninni verður spurningunni svarað með vísun í tilraunir Kennslumiðstöðvar til að sinna kennsluþróun út frá fjórum meginstöðum sem eru: 1) Stofnanamiðuð kennsluþróun fremur en einstaklingsleg (e. strategic); 2) næmni fyrir greinabundnum og menningarlegum mismun; 3) aðstæðubundið viðhorf til náms- og starfsþróunar og 4) áhersla á fræðilega og gagnrýna sýn á nám og kennslu. Gerð verður grein fyrir þeirri hugmyndafræði sem byggt er á og þeim leiðum sem farnar hafa verið og fara mætti til að nýta gæðamat háskóla við stofnanabundna kennsluþróun.

## **Kennsluþróun á háskólastigi**

### **Viðhorf nemenda í lyfjafræði til kennsluaðferða og námsmats**

Hákon Hrafn Sigurðsson, dósent Hvs. HÍ

Kennsluaðferðir í grunn- og framhaldsskólum hafa þróast mikið á síðustu árum vegna ýmissa ástæðna. Líklega hefur ekki orðið jafn ör þróun í kennsluaðferðum við Háskóla Íslands þar sem meiri íhaldssemi ræður för. Stefna Háskóla Íslands 2011-2016 felur þó í sér hvatningu til fjölbreyttari kennsluhátta og áherslu á virkni nemenda (sjá Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016). Markmið þessarar rannsóknar er að kanna viðhorf nemenda í Lyfjafræðideild til kennsluaðferða og námsmats eftir fyrstu tvö ár námsins. Gagna var aflað með rafrænum spurningalista og opnum spurningum sem lagður var fyrir nemendur á öðru ári (nafnlaust). Þá voru greindar niðurstöður í nýlegum viðhorfakönnunum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands þar sem könnuð eru viðhorf nemenda til náms og kennslu. Í þeim könnunum kemur fram að einungis um helmingur nemenda í Lyfjafræðideild telur að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og að þær hvetji nemendur til virkrar þátttöku í tímum. Endurgjöf á verkefni nemenda virðist ekki hjálpa þeim til að skilja námsefni betur. Þrátt fyrir þetta eru nemendur ánægðir með námið þegar á heildina er litið. Í niðurstöðum verður gerð grein fyrir viðhorfum nemenda til náms og kennslu og settar verða fram tillögur að úrbótum á kennsluháttum í deildinni.

## **Rýni og raunverkefni: Ritgerðarsmið í háskólanámi í sagnfræði**

Hrefna Róbertsdóttir, stundakennari Hug. HÍ

Kynnt verður starfendarannsókn sem gerð var í tveimur valnámskeiðum í sagnfræði á árunum 2012 og 2014. Annars vegar var um M-námskeið að ræða sem ætlað er bæði BA og MA nemum og í hinu tilvikinu námskeið ætlað BA nemum. Rannsóknin snýr að gildi raunverkefna í kennslu í sagnfræði og áhersla er lögð á leiðbeiningar við ritgerðarsmið. Markmiðið er að rannsaka hvaða áhrif það hefur á árangur nemenda í námskeiðum og viðhorf þeirra til sagnfræðináms að verkefnavinnu sé beint í farveg raunverkefna. Rannsóknin er skipulögð sem starfendarannsókn, sem athugun á eigin kennsluháttum og mat á því hvernig til tókst. Nálgun mín sem sagnfræðings við rannsóknina er því frá sjónarhorni mínu sem kennara í sagnfræði og hvernig ég geti endurbætt eigin kennslu og lagt mitt lóð á vogarskálar sagnfræðikennslu með því að rannsaka skipulega eigin kennsluhætti. Ritgerðarkennsla varð fyrir valinu, því fræðileg skrif eru mjög miðlæg í störfum sagnfræðinga. Sjónum var sérstaklega beint að skapandi vali ritgerðarverkefna, jafningjamati og að hugað yrði að því að miðlun verkefnanna yrði víðari en samtal milli kennara og nemanda. Ritgerðarskrif eru viðfangsefni sem töluverðum tíma er oft varið í, bæði af hálfu nemenda og kennara. Mitt sjónarmið er að ef nemendur eigi að geta skrifað góða BA-ritgerð eða MA-ritgerð, sé nauðsynlegt að markvissri ritgerðarkennslu sé einnig sinnt í námskeiðum og nemendur fái að spreyta sig í sjálfstæðri ritgerðarvinnu með þeim stuðningi sem t.d. valnámskeið geta veitt.

## **Störf þroskaþjálfa á Íslandi og í Evrópu**

Kristín Lilliendahl aðjúnt Mvs. HÍ

Vilborg Jóhannsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar frá 2013 um starfsval og stöðu íslenskra þroskaþjálfa í samaburði við önnur lönd í Evrópu. Leitast var við að svara eftirfarandi spurningum: Hvar velja þroskaþjálfar að starfa að loknu námi, hvað hefur áhrif á starfsval þeirra og hvaða hlutverki gegna þeir í starfi sínu? Hverjar eru helstu áskoranir sem þeir mæta í starfi og hvernig horfa þeir til framtíðar fyrir hönd fagstéttar sinnar? Rannsóknin var byggð á spurningakönnun og viðtölum við þroskaþjálfara sem hafa starfað á vinnumarkaði í þrjú ár eða skemur. Helstu niðurstöður sýna að starfsval þroskaþjálfa er nokkuð fjölbreytt, áskoranir tengjast að miklu leyti einangrun á starfsvettvangi og þegar þátttakendur velja fyrir sér framtíðarstörfum horfa þeir fremur á starfsvettvang á Íslandi en erlendis. Rannsóknin er fyrsti hluti langtímarannsóknar á stöðu menntunar og starfa íslenskra þroskaþjálfa í alþjóðlegu

samhengi. Í þessum hluta rannsóknarinnar var leitast við að öðlast dýpri skilning á hlutverki og starfsumhverfi íslenskra þroskaþjálfara með áherslu á vettvanginn sem þeir velja sér og þær kröfur sem þar eru gerðar til þeirra. Gagna var aflað með eigindlegum rýnihópaviðtölum og niðurstöður skoðaðar í ljósi tilskipunar Evrópusambandsins frá 2005 um viðurkenningu starfsréttinda milli landa Evrópu. Niðurstöður voru einnig skoðaðar í ljósi yfirstandandi samanburðarrannsóknar alþjóðasamtaka þroskaþjálfara (AIEJI), á stöðu stéttarinnar milli Evrópulanda, en Þroskaþjálfafélag Íslands á aðild að þeim samtökum.

### **Kerfisbundin efling kennsluþróunar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði**

Sigdís Ágústsdóttir, verkefnastjóri kennsluþróunar Von. HÍ

Guðrún Geirsdóttir, deildarstjóri Kennslumiðstöðvar og dósent Mvs. HÍ

Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ stendur að þróunarverkefni sem felur í sér að innleiða ferla og leiðir sem stuðla að endurskoðun kennsluhátta ásamt því að efla þróun í námi og kennslu. Greining var gerð á núverandi kennsluháttum sviðsins og gaf hún vísbendingar um hvar þörf væri á breytingum, hvar kennsla þætti góð og hvar þróun í kennsluháttum hefði átt sér stað. Hingað til hefur kennsluþróun fyrst og fremst verið bundin einstökum kennurum og þekkingu og reynslu sjaldan verið miðlað til annarra kennara. Í þróunarverkefninu er gerð tilraun til að vinna að kennsluþróun út frá hugmyndum um námssamfélög (e. community of practice) og aðstæðubundið nám þar sem lögð er áhersla á að vinna út frá þörfum sviðsins og um leið að nýta þá þekkingu og reynslu sem býr í starfsmannahópnum. Eitt af markmiðum þróunarverkefnis Verkfræði- og náttúruvísindasviðs er að skapa vettvang þar sem kennarar geta deilt reynslu sinni og unnið í samstarfi við aðra kennara að kennsluþróun. Í erindinu verður gerð grein fyrir hugmyndum að baki þróunarverkefninu og þeim leiðum sem farnar hafa verið til að efla samstarf og umræðu um kennsluþróun.

### **Menntun þroskaþjálfara í alþjóðlegum samanburði**

Vilborg Jóhannsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Kristín Lilliendahl, aðjúnkt Mvs. HÍ

Stór áhrifaþáttur í þróun háskólastarfs á Íslandi er Bolognaferlið. Tilgangur Bologna-samþykktarinnar er að gera háskólapróf gagnsærri til að auðvelda samanburð milli landa í Evrópu og til að skapa farveg fyrir alþjóðasamstarf. Þannig skal skilgreina námsleiðir til prófgráðu á grunni hæfniviðmiða þar sem settur er formlegur rammi um þá þekkingu og kunnáttu sem mismunandi prófgráðum er ætlað að skila (Þórður Kristinsson, 2010). Við skilgreiningu hæfniviðmiða til grundvallar prófgráðum í þroskaþjálfarafræðum árið 2012

sköpuðust umræður um alþjóðleg tengsl og viðmið greinarinnar sem er tiltölulega ung fræðigreinin á háskólastigi. Þróun greinarinnar á grundvelli Bologna-ferlisins og stefnu Háskóla Íslands til 2016, þar sem hvatt er til samstarfs við fremstu háskóla meðal annars með nemenda- og kennaraskiptum, beinir sjónum að mikilvægi þess að skerpa og móta tengsl greinarinnar við alþjóðlegt fræðasamfélag hennar. Rannsóknin sem hér er kynnt er hluti af langtímarannsókn sem hófst árið 2013 og beinir sjónum að þýðingu alþjóðlegs samstarfs fyrir framþróun faggreinarinnar hérlendis. Hér er kynntur sjálfstæður hluti rannsóknarinnar þar sem borin eru saman hæfniviðmið þroskaþjálfunarnáms við þrjá háskóla í Evrópu, Íslandi þar á meðal. Rannsóknarspurningin sem lögð er til grundvallar er eftirfarandi: Að hvaða leyti er samhljómur með hæfniviðmiðum náms og starfa íslenskra þroskaþjálfara og þeim hæfniviðmiðum sem birtast í námskrám valinna háskóla í Evrópu og alþjóðlegum hæfniviðmiðum þroskaþjálfara? Sérstök áhersla var lögð á að skoða hvernig skírskotað var til stefnu og markmiða menntunar, áhrifavalda, fræðilegra stöða, starfshlutverks og vettvangs.

## Málstofa á vegum RannKyn

### Áhugi og þekking nemenda Menntavísindasviðs á jafnréttismálum og kynjajafnrétti

Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor Mvs. HÍ,

Steinunn Helga Lárusdóttir, dósent Mvs. HÍ,

Þórdís Þórðardóttir, lektor Mvs. HÍ

RannKyn gerði rannsókn á því hvernig tekið er á jafnréttisfræðslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2012. Í framhaldi af henni var gerð rannsókn á þekkingu og áhuga nemenda sviðsins á jafnréttismálum og kynjajafnrétti. Ítarlegur spurningalisti var lagður fyrir nemendur á fyrsta ári sviðsins vorið 2013 (n=138) og fyrir nemendur á 3. ári og í framhaldsnámi haustið 2013 (n=116). Megináhersla var á kennaranema, þannig að nemar sem sóttu tíma í tilteknum námskeiðum ákveðna viku fengu listann, og nemar sömu námskeiða í fjarnámi fengu tækifæri til að svara listunum rafrænt. Í þessu erindi verður greint frá helstu niðurstöðum. Spurt er um forþekkingu nemanna á kynjafræði, hversu vel þau þekkja tiltekin hugtök, hvort þau telji sig hafa fengið fræðslu um kynjajafnrétti og hvort þau hafi áhuga á meiri fræðslu. Þá er spurt um staðalmyndir kynjanna og hvaða efnisþættir þeim finnast mikilvægastir á sviði kynjajafnréttis. Niðurstöðurnar verða greindar þannig að unnt er að sjá

muninn á þekkingu og viðhorfum 1. árs kennaranema og lengra kominna, svo og á milli kennaranema og annarra nema sviðsins. Það vekur mesta athygli í niðurstöðum að nemarnir líta víðum augum á jafnréttishugtakið eins og kennarar þeirra, og einnig hvað þeir telja þekkingu sína á kynjafræðihugtökum misjafna. Þeir kalla eftir meiri fræðslu en viðhorf þeirra til kyngervis, karlmennsku og kvenleika virðast frekar endurspeglja eðlishyggju en mótunarhyggju.

### **Að gera skólann hinsegin: Reynsla hinsegin nemenda og kennara af íslensku skólakerfi**

Jón Ingvar Kjarran, nýdoktor Mvs. HÍ og framhaldsskólakennari Verzlunarskóla Íslands

Í erindinu eru kynntar hugmyndir um hinsegin uppeldisfræði (e. queer pedagogy) og hvernig hægt er að nýta sér sjónarhorn hinseginfræða til að trufla (e. to queer) ríkjandi orðræðu um kynhneigð og kyngervi. Ennfremur verða meginniðurstöður doktorsrannsóknar minnar ræddar en þar kemur m.a. fram að hinsegin framhaldsskólanemendur fari ólíkar leiðir þegar kemur að því að trufla ríkjandi orðræðu kynhneigðar og kyngervis. Í erindinu eru rædd dæmi og raktar breytingar á stöðu hinsegin nemenda í íslenskum framhaldsskólum undanfarin ár. Jafnframt verða fyrstu niðurstöður rannsóknar á stöðu hinsegin kennara í íslensku skólakerfi kynntar. Rannsakandi hefur beitt ýmsum aðferðum í sínum rannsóknum en hér fór hann þá leið að notast við blandaða aðferð, þar sem stuðst var við meginndlega og eigindlega nálgun. Svo dæmi sé tekið voru einkum viðtöl tekin við hinsegin nemendur en hinsegin kennarar svöruðu rafrænni spurningakönnun.

### **Hugtakalíkan Bourdieu: Notagildi, endurbætur og útvíkkun í menntarannsóknum**

Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Kenningar Bourdieu hafa reynst notadrjúgar í menntarannsóknum til að varpa ljósi á hvernig mismunun er viðhaldið í gegnum skólakerfi og uppeldisaðstæður. Mikilvægt er þó að hugtök hans séu þróuð áfram í gegnum ólík gögn og rannsóknarvettvang og hafa ýmsir (félags)menntunarfræðingar gagnrýnt, aðlagð og útvíkkað kenningar hans. Markmið erindisins er að gera grein fyrir kenningalegri þróun á hugtökum Bourdieu og nýtingu þeirra í nýlegum menntarannsóknum sem miða að því að skilja mismunandi gildi og ákvarðanir foreldra úr sérfræðingastétt varðandi val á skóla fyrir börn sín. Foreldrar í sérfræðingastétt (professionals) eru þeir sem eru taldir mynda valdahóp á menntamarkaði. Í rannsóknum hefur umfjöllun um þennan hóp verið nokkuð einsleit þrátt fyrir að ljóst sé að ákvarðanir og

gildismat innan hans geti verið með ólíkum hætti. Til að þróa öflugra kenningalíkan til að varpa ljósi á innbyrðis mun er rökstutt mikilvægi þess:

- a) að þróa hugtök Bourdieu áfram þannig að þau nái til siðferðis- og tilfinningalegra vídda
- b) að endurskoða hugmyndir hans um gildi þegar fjallað er um val og skuldbindingar
- c) að virkjun (activation) á menningarauðmagni skipti ekki síður máli en magn/styrkur þess
- d) að nýta hugtakið um táknrænan auð sem tæki til að átta sig á órofa samtvinnun sjálfsmyndarskapandi þátta.

### **Kynjafræði í skólum**

Sandra Rut Skúladóttir, MA

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Mvs. HÍ

Skólaárið 2008-2009 var þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum sett á laggirnar með því markmiði að auka og efla kynja- og jafnréttissjónarmið í þátttökuskólum verkefnisins. Verkefnið var unnið í fimm sveitarfélögum og í lokaskýrslu þess birtust nú tillögur um áframhaldandi jafnréttisstarf. Í rannsókn sem unnin var árið 2013 var þróunarverkefnið metið og skoðað var hvernig tillögunum nú hafði verið fylgt eftir af ólíkum aðilum: Ráðuneyti, sveitarfélögum, stofnunum jafnréttismála, kennaramenntunarstofnunum og grunn- og leikskólum. Tillögurnar taka til ýmissa þátta og voru rannsóknaraðferðir því margvíslegar. Skýrslur, námskrár og jafnréttisáætlanir voru skoðaðar, tölvupóstar voru sendir og tekin voru síma- og vettvangsviðtöl. Helstu niðurstöður benda til þess að kynjafræði í leik- og grunnskólum eigi á hættu að sitja á hakanum, meðal annars vegna fjárskorts, ófullnægjandi umsjónar með jafnréttismálum almennt og þekkingarleysis um kynjafræði hjá skólafólki. Aukið kynjajafnréttisstarf innan skóla er háð menntun og endurmenntun kennara, eftirliti yfirvalda og ábyrgð skólastjórnenda. Eftirlitshlutverk stjórnsýslunnar þarf því að vera skýrt og kennaranemar og starfsfólk skóla þurfa að fá markvissa kynjafræðslu.

### **Rannsóknarstofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi**

**„Hún hefur gengið rosalega hægt“: Reynsla stjórnenda af innleiðingu framhaldsskólalaga frá 2008**

Berglind Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri

Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Frá árinu 2008 hafa íslenskir framhaldsskólar unnið að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga. Áhugavert er því að fá fram reynslu stjórnenda af innleiðingunni. Rannsóknarspurningar eru: Hver er reynsla stjórnenda í mismunandi framhaldsskólum af framhaldsskólalögum frá 2008 og af innleiðingu þeirra almennt? Hvaða tækifæri og hindranir sjá þeir í lögunum? Hafa þeir upplifað andstöðu við lögin og innleiðingu þeirra? Ef svo er þá frá hverjum? Hvernig hefur reynsla þeirra samræmst almennum leiðbeiningum breytingastjórnunar? Rannsóknin er eigindleg og byggist á hálfopnum viðtölum sem tekin voru haustið 2013. Sjö stjórnendur úr jafnmörgum framhaldsskólum tóku þátt í rannsókninni. Niðurstöður benda til þess að stjórnendur framhaldsskóla líti afar jákvæðum augum á framhaldsskólalögin frá 2008. Stjórnendurnir sjá ekki neinar hindranir í lögunum, miklu frekar í innleiðingunni. Allir stjórnendurnir sögðust þekkja til kenninga í breytingastjórnun en þó í mismiklum mæli. Enginn stjórnendanna hefur upplifað verulega andstöðu við breytingarnar. Af niðurstöðunum má draga þá ályktun að menntayfirvöld þurfi að huga betur að framkvæmdinni við innleiðingu nýrra laga. Þá virðist ganga betur að innleiða lögin þar sem stjórnendur hafa farið eftir kenningum í breytingastjórnun. Lærdómur rannsóknar er að fræðsla til stjórnenda um breytingastjórnun er æskileg og gæti auðveldað innleiðingu á eins umfangsmiklum breytingum og framhaldsskólalögin frá 2008 kalla á.

### **Um hlutverk aðstoðarskólastjórnenda í grunnskólum**

Sædís Ósk Harðardóttir, verkefnastjóri sérkennslu grunnskóla

Börkur Hansen, prófessor Mvs. HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hlutverk aðstoðarskólastjóra í grunnskólum. Rannsóknin var eigindleg og þátttakendur voru átta aðstoðarskólastjórar við grunnskóla í Reykjavík. Gagna var aflað með viðtölum við þá. Meginniðurstöður benda til þess að hlutverk aðstoðarskólastjóra sé afar fjölbreytt og margþætt. Þeir hafa almennt ekki afmarkaða starfslýsingu. Stærsti hluti tíma þeirra fer í vinnu með nemendur og þá einna helst tengt agavandamálum og aðstoð við að leysa úr þeim. Fundarsetur taka stóran hluta af tíma þeirra, bæði kennarafundir, teymisfundir og fundir vegna nemenda með foreldrum. Mikill tími fer í ýmis konar vinnu með starfsmönnum svo sem starfsmannaviðtöl, ráðgjöf vegna kennslu og

nemenda, að leysa úr vandamálum sem upp koma og aðstoða í flóknum foreldrasamskiptum. Aðstoðarskólastjórnir vinna allir mjög náið með skólastjóranum og ekki virðast vera skörp skil á milli þess sem skólastjóri gerir og aðstoðarskólastjóri. Það sem einna helst greinir á milli þeirra er fjármálaumsýsla. Þeir hafa ekki mikinn tíma í faglegt starf eins og að sinna kennslufræðilegri leiðsögn, en það er sá þáttur í skólastarfinu sem þeir vildu sinna mun meira. Almenn líður þeim öllum vel í sínu starfi og segjast hlakka til sérhvers dags þrátt fyrir að dagarnir geti verið langir og óútreiknanlegir.

### **„Eins og að stíga í næstu tröppu“: Rannsókn á samfelli milli tveggja skólastiga í Kópavogi**

Þórunn Jónasdóttir, aðstoðarskólastjóri

Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent Mvs. HÍ

Í stóru sveitarfélagi er að mörgu að hyggja í uppbyggingu á samfelli milli skólastiga. Það er flókið að samræma skil skólastiganna og mynda samfelli í starfinu. Hagsmunir sveitarfélagsins felast í að þessi skil séu farsæl. Rannsóknin er eigindleg og gagna var aflað með viðtölum við fulltrúa fræðslufirvalda í Kópavogi, stjórnendur beggja skólastiga og mæður barna í 1.árgangi grunnskóla. Viðmælendur eru sammála um mikilvægi samfelli milli þessara skólastiga og að markmið hennar sé að sameinast um að skapa aðstæður sem stuðla að alhliða þroska og menntun hvers barns. Rannsóknin er skoðuð í ljósi niðurstaðna fyrri rannsókna og kenninga þeirra Dewey (2000) og Bronfenbrenner (1977). Lög, námskrár og stefna sveitarfélagsins mynda ytri umgjörð um skólastarf og rýnt er í áhrif þessara gagna á samfelli við skólaskil. Niðurstöður sýna að margt er gert í Kópavogi til að stuðla að samfelli við skil leik- og grunnskóla. Greina má að samfella hefur aukist síðustu ár og margt verið gert til að auka hana. Ýmislegt er í undirbúningi sem vænta má að leiði til meiri samfelli en að mörgu er að hyggja í svo viðamiklu verkefni. Þættir í skipulagi og rekstri hafa ákveðin hamlandi áhrif og enn vantar nokkuð upp á skilvirka samræðu milli skólastiganna.

### **„Sá verður að vaka, sem á að halda öðrum vakandi“: Hlutverk leikskólastjóra eftir efnahagshrun og framtíðarsýn þeirra**

Bergljót Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Arna H. Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að beina kastljósinu að starfi leikskólastjóra og komast að því hvort efnahagslægð síðustu ára hafi haft áhrif á starf þeirra. Einnig var horft til framtíðar með stjórnendum og könnuð viðhorf þeirra til framtíðarhorfa leikskólastarfsins.



Rannsóknin var eigindleg og tekin voru hálfopin einstaklingsviðtöl við sex leikskólastjóra í þremur bæjarfélögum á landinu. Tveir leikskólastjórar komu frá hvoru bæjarfélagi fyrir sig. Ekki var að finna áþreifanlegan mun á svörum þátttakenda eftir staðsetningu leikskólanna. Helstu niðurstöður eru þær að starf leikskólastjóra hefur breyst töluvert á síðustu árum og er starfið afar krefjandi samkvæmt viðmælendum. Merki eru um ákveðna togstreitu í daglegu amstri, þar sem stjórnendur vilja halda uppi faglegu starfi á meðan heilmikill tími fer í að sinna starfsfólkinu og starfsmannahaldi og hefur efnahagshrunið haft áhrif á umfang vinnunnar. Þátttakendum er umhugað um framtíðarhorfur leikskólastarfsins og hafa vaxandi áhyggjur af lítilli endurnýjun í stéttinni. Einnig þurfa margir að finna nýjar leiðir til að viðhalda bæði fagfólki og fagmennsku.

## **Rannsóknarstofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi**

### **Sameining grunnskóla frá sjónarhóli stjórnenda**

Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent Mvs. HÍ

Markmið með rannsókninni er að varpa ljósi á þau verkefni sem skólastjórar standa frammi fyrir við sameiningu skóla og að draga lærdóm um hvort það megi auðvelda stjórnendum að leiða slíkt sameiningarferli. Sjónarhorni er beint að því sem forystumaður gengur í gegnum, upplifir og skynjar á þessari vegferð, hvernig hann sér hlutverk sitt og hvaða tækifærum og ógnunum hann mætir. Gagnaöflun hófst haustið 2011 og lauk vorið 2014. Gagna er aflað í grunnskólum í Reykjavík sem urðu til vegna sameiningar tveggja eða fleiri skóla. Tekin voru viðtöl við skólastjóra tvisvar á ári. Auk þessa eru skoðuð ýmis gögn sem tengjast sameiningunni, s.s. fundargerðir, stefnuþlög, reglubundnar viðhorfskannanir og fleira. Hér eru kynntar fyrstu niðurstöður og er athyglinni m.a. beint að þeim björgum sem skólastjóri hefur, stuðningi við samráðsferlið, hverjar eru helstu hindranir sem hann mætir og hvernig hann tekst á við þær, hvernig stjórnskipulag innan skólans þróast, hvaða öfl hann skynjar í menningunni og hvernig samskipti þróast við alla viðkomandi aðila.

### **Sameining leikskóla frá sjónarhóli stjórnenda**

Arna H. Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Markmið með rannsókninni var að varpa ljósi á þau verkefni sem leikskólastjórar standa frammi fyrir við sameiningu leikskóla og að draga lærdóm af reynslu þátttakendanna, m.a. hvort standa hefði mátt með öðrum hætti að sameiningunni og hvað brann mest á stjórnendum í ferlinu. Sjónarhorni er beint að því sem forystumaður gengur í gegnum og skynjar á þessari

vegferð, hvernig hann sér hlutverk sitt og hvaða tækifærum og ógnunum hann mætir. Gagnaöflun hófst haustið 2011 og lauk vorið 2014. Gagna er aflað í leikskólum í Reykjavík sem urðu til vegna sameiningar tveggja eða fleiri skóla. Tekin voru viðtöl við leikskólastjórana tvisvar á ári. Auk þessa eru skoðuð ýmis gögn sem tengjast sameiningunni, s.s. fundargerðir, stefnuþlög, reglubundnar viðhorfskannanir og fleira. Hér eru kynntar fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar og er athyglinni m.a. beint að þeim björgum sem leikskólastjóri hefur, stuðningi við samráðsferlið, hverjar eru helstu hindranir sem hann mætir og hvernig hann tekst á við þær, hvernig stjórnskipulag innan skólans þróast, hvaða öfl hann skynjar í menningunni og hvernig samskipti þróast við alla viðkomandi aðila. Einnig verður gerð grein fyrir hvort leikskólastjórar telja ávinning af sameiningunni. Jafnframt verða gögnin skoðuð með undirskipun leikskólastéttarinnar í huga.

### **Efnahagshrunið 2008 og áhrif þess á skólastarf í Reykjavík**

Steinunn Helga Lárusdóttir, dósent Mvs. HÍ, Anna Kristín Sigurðardóttir, dósent Mvs. HÍ,  
Arna H. Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ,  
Börkur Hansen, prófessor Mvs. HÍ  
Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Markmiðið með þessari rannsókn er að kanna áhrif efnahagskreppunnar 2008 á skólastarf í Reykjavík. Um er að ræða þriðja áfanga rannsóknar. Í þessum áfanga er athyglinni beint að Reykjavík. Spurt var: Hvernig var brugðist við á Menntasviði Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneyti í kjölfar efnahagshrunsins 2008? Hver voru áhrif efnahagshrunsins á skólastarf í leik-, grunn- og framhaldsskólum í tveimur hverfum Reykjavíkurborgar? Viðtöl voru tekin við einstaklinga og í rýnihópum, við yfirmenn fræðslumála í Reykjavík og menntamálaráðuneyti, skólastjórnendur, kennara annað starfsfólk, foreldra og nemendur í völdum leik-, grunn-, og framhaldsskólum. Einnig var aflað ýmissa tölulegra gagna. Rannsóknin leiddi í ljós að niðurskurðurinn beindist að fjölmörgum þáttum. Stöðugildum stjórnenda var fækkað, yfirvinna var skorin niður, endurmenntun var nánast lögð af, bekkir urðu oft fjölmennari, forfallakennsla var unnin af skólastjórnendum, minna fé var veitt í tómsundastarf, sérfræðiþjónusta var skert og minna var um viðhald á tækjum, búnaði og skólabyggingum. Umfangsmesta breytingin á starfsemi umræddra skóla sem gerð var í nafni hagræðingar varð vegna sameiningar bæði leik-, og grunnskóla. Niðurstöður benda til þess að þrátt fyrir efnahagskreppu og niðurskurð hefur tekist að vernda grunnstarf skólanna. Viðmælendur virðast þó orðnir þreyttir af margra ára viðvarandi niðurskurði en bera sig vel og horfa bjartsýnir til framtíðar.

## Spjaldtölvur og stafræn rými I

### RANNUM - Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun

#### **Spjaldtölvur í Norðlingaskóla: Lokamat á þróunarverkefni**

Skúlína Kjartansdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Sólveig Jakobsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Í erindinu verður kynnt lokamat á samstarfsverkefni Norðlingaskóla, Menntavísindasviðs HÍ og fleiri aðila um notkun spjaldtölva á unglingastigi frá 2012 til 2013. Verkefnið er í takti við mörg önnur þróunarverkefni í skólum erlendis sem byggja á 1:1 kennslufræði (e. 1:1 pedagogy, 1:1 learning) þar sem nemendur fá persónuleg stafræn verkfæri (s.s. smátölvur, spjaldtölvur) til að nota í námi. Gögnum var safnað með viðtölum, könnunum, vettvangsathugunum og skjalagreiningu. Kennarar gerðu tilraun með ýmiss konar námskerfi (t.d. Nearpod, Educreations, Edmodo, iTunes U). Nemendur nýttu námsefni og smáforrit á netinu. Kennarar komu efni fyrir á eigin vefjum og bjuggu til rafbækur. Nemendur áformuðu og gerðu verkefni. Spjaldtölvuvæðingin lagði grunn að auknu aðgengi að námsefni og námstólum, samskiptum og samstarfi, ásamt fjölbreytni í úrvinnslu viðfangsefna í námi. Lokamatið gaf til kynna almenna ánægju nemenda, foreldra og kennara með verkefnið. Foreldrar voru hlynntir spjaldtölvunotkun og fannst að skólinn ætti að fjárfesta áfram í nýrri tækni til náms. Í matsskýrslu eru ábendingar lagðar fram varðandi framhald verkefnisins og annarra af sama toga. Mikill áhugi er fyrir samstarfi skóla sem eru að innleiða spjaldtölvur. Nýleg könnun leiðir í ljós að margir skólar hafa fest kaup á spjaldtölvum eða eru að vinna í þeim málum hér á landi.

#### **„Eins og að fara aftur í tímann“: Viðhorf framhaldsskólanemenda sem nýttu mikið spjaldtölvur í námi sínu í grunnskóla**

Guðmundur Ásgeirsson, meistaranemi/kennari Mvs. HÍ

Í erindinu verða kynntar niðurstöður meistaraþrófsverkefnis um viðhorf framhaldsskólanemenda sem nýttu mikið spjaldtölvur í námi sínu í grunnskóla. Í febrúar 2012 hóf Norðlingaskóli að nota spjaldtölvur sem aðalnámstæki. Voru nemendur 9. bekkjar skólans þeir fyrstu sem tóku þátt í þróunarverkefninu. Haustið 2013 hóf þessi árgangur göngu sína í framhaldsskólum. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort og þá hvernig sú reynsla sem

nemendur höfðu fengið í spjaldtölvunotkun nýttist þegar í framhaldsskólana var komið. Tekin vor viðtöl við 11 nemendur (38% árgangsins). Öll voru mjög jákvæð. Þau töldu að verkefnið í Norðlingaskóla með spjaldtölvur sem aðalnámstæki hefði styrkt þau í námi, þau hefðu orðið sjálfstæðari og sjálfstraust þeirra aukist. Öllum gekk vel í Norðlingaskóla en þeim þótti námið í framhaldsskólunum erfiðara. Samt sem áður gekk þeim ágætlega þar líka.

Framhaldsskólarnir þóttu formfastir þar sem eitt gengi yfir alla á meðan í Norðlingaskóla var um einstaklingsmiðað nám að ræða. Þeim þótti námið í framhaldsskólanum gamaldags og það að fara í framhaldsskóla væri eins og að fara aftur í tímann. Söknuðu viðmælendurnir áhrifanna sem þau höfðu á nám sitt í Norðlingaskóla, frelsisins sem þau höfðu og síðast en ekki síst spjaldtölvanna. Greina mátti að framhaldsskólarnir mættu fara að tækni- og nútímavæðast.

### **Spjaldtölvur og þátttaka í þriggja landa samstarfi**

Kristín Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Nemendur, foreldrar og starfsfólk skóla tók iPad spjaldtölvum fagnandi þegar þær voru kynntar til sögunnar fyrir tveimur árum í grunnskóla í sjávarþorpi á Vestfjörðum. Síðan þá hefur verið unnið að því að fella notkun þeirra að kennslu í skólanum og tengja notkun þeirra margvíslegum viðfangsefnum í ljósi nýrrar aðalnámskrár og áherslna í námskrá skólans. Eitt skref í innleiðingunni var að koma á samstarfi við tvo skóla, annan í Svíþjóð og hinn í Eistlandi, í svokölluðu ISE-verkefni en það er styrkt til tveggja ára af Nordplus. Meginmarkmið verkefnisins er að þróa nám og kennslu þar sem spjaldtölvur eru nýttar ásamt annarri upplýsingatækni í viðfangsefnum sem tengjast umhverfi nemenda, menningu og náttúru. Annað markmið er að skapa kennurum tækifæri til að deila reynslu sinni og að læra hver af öðrum í samstarfi við nemendur. Í október 2013 var fyrsta skólaheimsóknin þegar gestir komu til Íslands, kennarar skólanna hittust á vinnufundi í Kaupmannahöfn í febrúar 2014 og svo fóru nemendur og kennarar frá Stokkhólmi og Vestfjörðum í heimsókn til Eistlendinga í maí síðastliðnum. Í erindinu verður fjallað um þátttöku í ISE-verkefninu og hvað það hefur lagt til þróunar í notkun spjaldtölva í íslenska skólanum. Niðurstöður byggja á viðtölum við kennara og athugun rannsakanda sem er þátttakandi í ISE og kennsluráðgjafi við skólann.

### **„Mér finnst þetta bara alger snilld. Allt!“ Tilviksrannsókn á innleiðingu spjaldtölva á miðstigi**

Sigríður Stella Guðbrandsdóttir, meistaranemi/kennari Mvs. HÍ

Nýting stafrænnar tækni í grunnskólum er að aukast og fleiri kennarar og skólastjórnendur eru opnir fyrir notkun spjaldtölva í skólastarfi. Aðaltilgangur þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á þátt umsjónarkennara í innleiðingarferli á breyttum kennsluháttum í grunnskóla. Í skólanum var byggt á 1:1 kennslufræði (1:1 pedagogy, 1:1 learning) þar sem 18 nemendur fengu spjaldtölvur til eigin nota í námsfögum hjá umsjónarkennara. Gagnaöflun fór fram veturinn 2013-2014 og byggir á vettvangsathugunum, viðtölum og könnunum. Nemendur voru fljótir að tileinka sér breytta kennsluhætti og foreldrar almennt mjög ánægðir með framtakið. Umsjónarkennari hópsins þurfti að leggja á sig aukna vinnu í upphafi verkefnisins en álagið varð minna þegar á leið. Hann upplifði meira frelsi varðandi efnistöð og yfirferð verkefna. Námsmat varð gagnvirkara og auðveldara að halda utan um verkefni fyrir hann og nemendurna. Verkefnið hafði í för með sér einstaklingsmiðaðri kennsluhætti. Nemendur höfðu val á milli verkefna og réðu skilaforminu. Skapandi lausnaleit var höfð í fyrirrúmi. Kennarinn hafði mikla trú á verkefninu og sá fram á að nýta sér spjaldtölvur meira í starfi en upplifði sig þó nokkuð einan og hefði viljað vera í meira samstarfi við samkennara sína. Mikilvægt er að hlúa að þeim er sinna þróunarverkefnum og skapa umhverfi þar sem minni hætta er á einangrun í starfi.

## Spjaldtölvur og stafræn rými II

### Rannsóknarstofa: RANNUM (Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun)

#### Spjaldtölvur í sérkennslu

Hanna Rún Eiríksdóttir, sérkennari

Spjaldtölvur hafa í auknum mæli verið teknar í notkun í kennslu nemenda með fötlun. Enn frekari innleiðing spjaldtölvunnar er fyrirhuguð í sérdeildir og sérskóla í Reykjavík. Fjallað verður um notkun spjaldtölva í sérkennslu. Skoðaðir verða möguleikar á notkun mismunandi smáforrita til aðstoðar nemendum með þroskahömlun. Sýnd verða myndbönd og gögn sem safnað hefur verið í tengslum við notkun á spjaldtölvu í kennslu. Rýnt verður sérstaklega í hvernig spjaldtölvun getur haft áhrif á líf nemenda með fötlun. Spjaldtölvun verður skoðuð sem tjáskiptatæki og einnig sem þjálfunartæki fyrir ýmsa námsþætti. Fjallað verður um gagnsemi samfélagsmiðla í tengslum við spjaldtölvur og hvernig hægt er styðja við og byggja samfélag þeirra sem eru að nota spjaldtölvu í kennslu víðsvegar um landið.

## **Gagnvirkt námsumhverfi í Hólabrekkuskóla**

Anna María K. Þorkelsdóttir, kennari

Í unglingsdeild Hólabrekkuskóla er notast við gagnvirka námsumhverfið Moodle í kennslu með snjalltækjum. Á þennan hátt er allt námsefni aðgengilegt í hvaða tæki sem er og hentar því sérstaklega vel þegar verið er að skoða BYOD (Bring Your Own Device) fyrir skólana eða notkun á hvaða nettengdu tæki sem er. Einnig er það frábært tæki til að brjóta niður vegg skólafunnar og færa kennsluna út, þannig að nemendur læra hvar og hvenær sem þeim hentar. Moodle er þannig uppbyggt að það auðveldar allt skipulag og gefur færi á að nemendur vinni eins hratt eða hægt og þeim hentar. Í skólanum er stefnan að setja allt efni og skipulag á vefinn og þannig er frelsi nemandans tryggt, en auðvitað innan vissra marka. Skólinn byrjaði að nota vefinn eingöngu fyrir heimaverkefni til að auðvelda vinnu kennara, gefa nemendum færi á þjálfun á eigin forsendum og til að auðvelda utanumhald náms og kennslu. Eftir að nemendur fengu spjaldtölvur í hendur, hefur efni á vefsíðum áfanga skólans margfaldast og áfram verður unnið við að efla síðuna. Moodle býður upp á að hægt sé að deila efni á auðveldan hátt, sé áhugi fyrir slíku. Áfangar geta þó verið eins opnir eða lokaðir og kennarar óska og engin krafa gerð um að deila efni síðnanna. Lítisháttar af efni er tilbúið til deilingar nú þegar.

## **Vendikennsla og notkun Moodle í náttúrufræði í grunnskóla.**

Sigurður Haukur Gíslason, grunnskólakennari

Í þessu erindi verður fjallað um þróunarverkefni í vendikennslu (e. flipped classroom) í unglingsdeild Snælandsskóla veturinn 2013-2014 sem var fyrsti veturinn af þremur í innleiðingunni. Sagt er frá því hvernig kennarar notuðu Moodle til að halda utan um námsefni nemenda. Nemendur komast með sín tæki á þráðlaust net sem skólinn býður upp á. Einnig eru gamlar fartölvur nýttar fyrir nemendur. Sagt er frá því hvernig kennarar taka upp sitt eigið námsefni og hvernig þeir nýta námsefni frá öðrum. Snælandsskóli er Grænfánaskóli og þetta þróunarverkefni samrýmist Grænfánamarkmiðum einstaklega vel svo og sýnilegum markmiðum, og styrkir tengsl heimila og skóla. Einnig er fjallað um samspil Moodle og Mentors.

## **Mót á stafrænum rýmum: Raunveruleg framleiðsla, virkni og tengsl við nám og kennslu**

Salvör Gissurardóttir, lektor Mvs. HÍ

Á síðustu árum hafa sprottið upp nýjar gerðir af starfssamfélögum og námsrýmum sem eru stafrænar smiðjur með opin markmið – rými þar sem einstaklingar og hópar geta hannað, mótað og framleitt hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Slík rými byggja á og eru undirbúningur undir persónumiðaða framleiðslu sem er andstæða við og öðruvísi en fjöldaframleiðsla iðnaðarsamfélaga og byggja oft á tækjum eins og þrívíddarprenturum og laserskerum og ýmsum opnum vélbúnaði og opnum hugbúnaði. Eitt slíkt rými er Fablab og á vormisseri 2014 opnaði fyrsta Fablab smiðjan í Reykjavík. Nemendur á einu námskeiði á Menntavísindasviði, Nám og kennsla á Netinu, tengdu vinnu sína á námskeiðinu við Fablab smiðjur og unnu að smíði þar. Þeir skoðuðu hvers konar starfsemi fer fram og getur farið fram í slíku rými og á hvern hátt slík rými og hugsunarháttur um stafræna framleiðslu gæti tengst skólastarfi. Nánar tiltekið starfi þar sem nemendur smíða afurð og vinna með viðföng í rými sem gefur kost á að þeir hanni einir eða með öðrum í tvívídd og þrívídd hluti eða virkni til endurgerðar. Annað hvort til að prenta út í þrívíddarprenturum/laserskerum eða sem tæki eða hlut í stafrænni samvirkni.

## Starfsþróun kennara í upplýsingatækni

### RANNUM (Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun)

#### Opin netnámskeið (MOOC) í háskólakennslu: Trufl eða tækifæri?

Sólveig Jakobsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Salvör Gissurardóttir lektor Mvs. HÍ

Á síðustu árum hefur orðið mikil þróun í framboði á opnum og ókeypis netnámskeiðum (MOOC) á háskólastiginu sem draga að sér stóra hópa nemenda, jafnvel í tugþúsundatali. Háskólar um allan heim hafa brugðist við og á það einnig við um Háskóla Íslands en starfshópur á vegum rektors skilaði skýrslu um þróunina og lagði fram tillögur vorið 2013. Í kjölfarið var ákveðið að gera tilraunir með að flétta þátttöku í opnum netnámskeiðum inn í nokkur námskeið innan háskólans hjá áhugasömum kennurum. Í erindinu gerum við grein fyrir reynslu okkar af nýtingu MOOC í tveimur námskeiðum á Menntavísindasviði: Fjarnámi og -kennslu og Námi og kennslu á netinu. Nemendur voru 17 á fyrrnefnda námskeiðinu og 19 á því síðarnefnda og voru ýmist starfandi kennarar eða kennaranemar. Þeir voru áhugasamir um verkefnið og töldu flestir að þeir hefðu haft heilmikið gagn af viðkomandi námskeiðum en bentu jafnframt á ýmsa galla. Til að mynda væru sum námskeið (xMOOC) sem byggðust of

mikið á einstefnumiðlun og að prófa einföld þekkingaratriði á meðan önnur gátu verið mjög ruglingsleg, sérstaklega í upphafi, þegar reynt væri að byggja á tengistefnu (cMOOC). Margir nemendur höfðu þó áhuga á að nýta sér reynsluna og þróa jafnvel opin netnámskeið eða opið menntaefni í tengslum við eigin námsgreinar. Nemendur sáu mikla möguleika varðandi starfsþróun. Rætt verður um niðurstöðurnar og þróunin skoðuð meðal annars með tilliti til gæðaviðmiða og mismunandi gerða af MOOC námskeiðum sem má segja að sé að valda ákveðinni truflun á starfsemi háskóla en sem jafnframt veiti þeim ákveðin tækifæri. Ræddir verða möguleikar á að setja á fót UT-MOOC sem nýttist bæði kennaranemum og starfandi kennurum.

### **UT-torg uppbygging - Menntabúðir**

Bjarnís Fjóla Jónsdóttir, upplýsingatæknikennari og verkefnisstjóri UT-torgs

Þorbjörg Guðmundsdóttir, grunnskólakennari og meistaranemi Mvs. HÍ

Upplýsingatæknitorg er starfssamfélag þeirra sem nýta UT í námi og kennslu. Meginmarkmiðin eru að styðja við UT í námi og kennslu, að stuðla að símenntun innan UT, að miðla upplýsingum um tækni og skólaþróun, að styrkja tengsl milli skólasamfélags og fræðasamfélags háskólanna. Vefur torgsins <http://uttorg.menntamidja.is> er virkur og þar er að finna hagnýtar upplýsingar um UT í námi og kennslu, en einnig er torgið með síðu á Facebook. Í erindinu verður fjallað um starfsemi torgsins á fyrsta starfsárinu og verður sjónum sérstaklega beint að menntabúðum sem torgið og samstarfsaðilar hafa staðið fyrir. Menntabúðir “EduCamp” er samkoma þar sem fólk kemur saman til þess að miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum þátttakendum. Hugmyndin þróast út frá hugmyndafræði sem kallast “over the shoulder learning” en hugtakið sjálft segir nokkurn veginn það sem hugmyndafræðin gengur út á. Jafningjafræðslan og tengslamyndun þeirra sem taka þátt í menntabúðum er líka mjög veigamikil.

### **#menntasjall: Áhrifaþættir í þróun samræðna á samfélagsmiðlinum Twitter**

Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri MenntaMiðju

Í erindinu verður fjallað um niðurstöður rannsóknar á skipulögðum umræðum skólafólks sem fram fara á örbloggvefnum Twitter undir umræðumerkinu #menntasjall sem stýrt er af MenntaMiðju og samstarfsaðilum. Í rannsókninni eru Twitter skilaboð sem fara á milli þátttakenda í skipulögðum samræðum notuð til að greina upplýsingaflæði og áhrif þátttakenda á þróun samræðna. Notaðar eru eigindlegar og netafræðilegar aðferðir til að draga fram þá samræðuhætti tiltekinna þátttakenda sem hafa mest áhrif á jákvæða þróun umræðu. Gagnsemi



rannsóknarinnar felst í því að niðurstöðurnar gefa til kynna hvernig stjórnendur umræðu á samfélagsmiðlum geta stýrt þeim markvisst til að auka þátttöku og gildi umræðu fyrir sem flesta. Í byrjun árs 2014 hóf MenntaMiðja ásamt samstarfsaðilum að skipuleggja umræður um menntamál á örbloggvefnum Twitter. Umræður fara fram á tveggja vikna fresti undir umræðumerkinu #menntaspjall. Markmið verkefnisins er að ýta undir notkun samfélagsmiðla til að miðla þekkingu á milli skólafólks og þannig styðja við símenntunarþarfir þeirra. Twitter er gagnlegur miðill í því tilliti sem auðveldar notendum að mynda öflugt samfélag á netinu þar sem þátttakendur deila nýrri þekkingu og upplýsingum með skjótum hætti. Umrætt verkefni er liður í því að ýta undir notkun samfélagsmiðla til að stuðla að samstarfi og miðlun upplýsinga meðal skólafólks, sem er eitt af meginmarkmiðum MenntaMiðju.

### **UT-leiðtogar í grunnskólum – Stefna stjórnvalda - Ný aðalnámskrá í upplýsinga- og tæknimennt (UT)**

Elínborg Siggeirsdóttir, Hörðuvallaskóla, formaður 3f

Í stefnuskrá ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið „Netríkið Ísland“ 2008-2012 eru UT-leiðtogar í skólum fyrst kynntir. Þar er meðal helstu aðgerða til framþróunar í upplýsingasamfélaginu nefndur stuðningur við UT-leiðtoga í grunn- og framhaldsskólum til að efla notkun upplýsingatækni í námi og kennslu í skólunum. 3f – félag um upplýsingatækni í menntun hefur lagt sig fram við að styðja UT-leiðtoga og kennara til að efla verklag og færni í upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt: með upplýsingaveitu á heimasíðu 3f, öflugtu tengslaneti og upplýsingaflæði á samskiptamiðlum, endurmenntunarnámskeiðum og fræðslufundum. Margir öflugir UT-leiðtogar eru nú þegar að störfum í grunnskólunum og reynir 3f að fá þá til að miðla reynslu sinni meðal félagsmanna. Í erindinu verður fjallað um margþætt hlutverk UT-leiðtogans og sagt frá störfum öflugra UT leiðtoga sem eru við störf í grunnskólum á Íslandi.

### **Skína smástjórnur – þróunarverkefni í leikskólum**

#### **Skína smástjórnur: – yngstu leikskólabörnin**

Kristín Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Hrönn Pálmadóttir, lektor Mvs. HÍ

Markmið þróunarverkefnisins er að þróa gæðastarf og byggja upp lærdómssamfélag barna og fullorðinna á yngri barna deildum fjögurra leikskóla í Reykjavík. Leikskólarnir eru Bjartahlíð, Hálsaskógur, Langholt og Laugasól. Í verkefninu hefur sjónum verið beint að nútímakenningum um nám barna ásamt rannsóknum á leikskólastarfi meðal yngstu barnanna, námsumhverfinu í leikskólunum, samskiptum barna og starfsmanna, auk foreldrasamstarfs. Lögð hefur verið áhersla á að efla fagvitund og liðsheild í hverjum leikskóla undir forystu leikskólakennara. Sagt verður frá áherslum og aðferðum sem byggt hefur verið á í verkefninu og fjallað um væntingar leikskólakennara í upphafi og könnun sem gerð var á viðhorfum þeirra eftir fyrsta árið. Verkefnið hófst árið 2012 og hlaut styrk frá þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Fagleg ráðgjöf er í höndum sérfræðings á Menntavísindasviði HÍ. Þróunarverkefnið hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar árið 2014.

### **Skína smástjörnur – myndbandsskráningar í þróun leikskólastarfs**

Kristín Gunnarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri

Erla Ragnarsdóttir, deildarstjóri grunnskóla

Markmið þróunarverkefnisins er að þróa gæðastarf og byggja upp lærdómssamfélag barna og fullorðinna á yngri barna deildum fjögurra leikskóla í Reykjavík. Leikskólarnir eru Bjartahlíð, Hálsaskógur, Langholt og Laugasól. Í verkefninu hefur sjónum verið beint að leik og námi barnanna, starfsaðferðum auk foreldrasamstarfs. Til þess að gera nám barnanna sýnilegt og til að þróa fagmennsku starfsfólks hafa skráningar með ljósmyndum og myndbandsupptökur verið notaðar í öllum leikskólunum. Myndbandsskráningar hafa verið notaðar í fjölbreyttum tilgangi og verða gefin dæmi í máli og myndum frá tveimur leikskólanna í því sambandi. Sagt verður og frá því hvernig leikskólakennarar í Björtuhlíð hafa notað myndbandsskráningar í foreldraviðtölum. Í Hálsaskógi hefur verið lögð áhersla á að vinna úr myndbandsskráningum með starfsmannahópnum. Fjallað verður um skráningar þar sem fylgst er með leik og samskiptum barna og skoðað hvernig þau tjá félagsfærni sína, með og án orða.

### **Skína smástjörnur – námsumhverfi og starfsaðferðir með yngstu börnunum**

Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir, deildarstjóri leikskóla

Sigrún Ósk Gunnarsdóttir, deildarstjóri leikskóla

Elín Anna Lárusdóttir deildarstjóri leikskóla

Markmið þróunarverkefnisins er að þróa gæðastarf og byggja upp lærdómssamfélag barna og fullorðinna á yngri barna deildum fjögurra leikskóla í Reykjavík. Leikskólarnir eru Bjartahlíð, Hálsaskógur, Langholt og Laugasól. Í verkefninu hefur sjónum meðal annars verið beint að námsumhverfinu í leikskólunum og samskiptum barna og starfsmanna. Lögð hefur verið áhersla á að efla fagvitund og liðsheild í hverjum leikskóla undir forystu leikskólakennara. Á tímabilinu hafa ýmsar breytingar átt sér stað í námsumhverfi barnanna. Sagt verður frá breytingum á viðhorfum starfsmanna til náms barna í leikskólanum Langholti og áhrifum á leik og nám barnanna. Í leikskólanum Laugasól hafa áherslur í dagskipulagi smám saman tekið breytingum og verður sagt frá tilgangi og útfærslu á flæði sem verið er að vinna að í leikskólanum.

## Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (Rannung)

### Starfendarannsókn um gildi í leikskólastarfi

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Hrönn Pálmadóttir, lektor Mvs. HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að auka skilning á þætti leikskólans í menntun barna og hvernig þeir þróa og miðla ákveðnum lífsgildum. Leitast er við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

-Hvaða lífsgildi eru í forgrunni í leikskólastarfi?

-Hvernig er lífsgildum miðlað?

-Hvaða lífsgildum vill starfsfólk leikskólanna hlúa að?

-Hvernig þróar starfsfólk leikskóla starfshætti þar sem ákveðnum lífsgildum er miðlað?

Starfendarannsóknir eru unnar í tveimur leikskólum. Verkefnið hófst á því að starfsfólk vann að því að kortleggja hvaða gildi eru sett í forgrunn í leikskólastarfinu og hvernig þeim er miðlað. Í framhaldi af því var farið í breytingarferli þar sem á markvissan hátt hefur verið unnið með þau gildi sem starfsfólk leggur áherslu á. Verkefnið er samstarfsverkefni Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) og leikskólanna Ægisborgar og Brákarborgar. Rannsóknin er hluti af norræna rannsóknarverkefninu *Values education in*

*Nordic preschools: Basic of education for tomorrow* þar sem leikskólakennarar og rannsakendur frá öllum Norðurlöndunum taka þátt.

### **Virðing, umhyggja og agi: Samstarfsrannsókn í leikskólanum Brákarborg**

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ ásamt leikskólakennurum Sagt verður frá starfendarannsókn í leikskólanum Brákarborg í Reykjavík sem hófst haustið 2013 og stendur yfir út árið 2014. Sjö leikskólakennarar taka þátt í rannsókninni og vinna í nánú samstarfi við einn doktorsnema við Menntavísindasvið. Starfendarannsóknin fjallar um gildi í leikskólastarfi og hafa leikskólakennararnir í Brákarborg valið að leggja sérstaka áherslu á þrjú gildi sem þeim finnst mikilvægt að miðla til barna. Þeir munu skoða eigið starf í tengslum við þessi gildi; *aga*, *virðingu* og *umhyggju* og þróa sína starfshætti í tengslum við þau. Lagt var upp með eftirfarandi spurningar:

1. Hvernig miðla leikskólakennarar gildunum virðing, umhyggja og agi, til barna?
2. Hvernig þróast starfshættir leikskólakennara í tengslum við lífsgildi, í gegnum þátttöku þeirra í starfendarannsókn?

Unnið er út frá starfendarannsóknarferli sem skiptist í nokkur skeið; undirbúning, skipulag, innleiðingu, gagnasöfnun, ígrundun og mat og kynningu. Þátttakendur hafa haldið dagbók í gegnum ferlið en gögnum er einnig safnað með ýmsum öðrum aðferðum, eins og þátttökuathugunum, hópviðtölum, myndbandsupptökum og ljósmyndum.

### **Gildi virðingar í leikskólastarfi: Samstarfsrannsókn í leikskólanum Ægisborg**

Johanna Ann-Louise Carin Läärä, doktorsnemi Mvs. HÍ ásamt leikskólakennurum

Í fyrirlestrinum verður kynnt samstarfsrannsókn þar sem áhersla er lögð á að vinna með ákveðin gildi í leikskólastarfi. Í aðalnámskrá leikskóla er áhersla lögð á að leikskólar vinni m.a. að lýðræði, sjálfbærni, jafnrétti og velferð barna. Í leikskólanum Ægisborg var tekin ákvörðun um að beina sjónum sérstaklega að virðingu í samskiptum, virðingu gagnvart sjálfum sér og öðru fólki og virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Í verkefninu leitaði starfsfólk leikskólans, í samstarfi við Menntavísindasvið, leiða til að vinna með gildið virðingu í leikskólanum. Eftirfarandi spurningar leiddu starfið:

1. Hvernig miðlar starfsfólk leikskólans gildinu virðingu til barnanna?
2. Hvernig þróast starfshættir leikskólakennara í tengslum við lífsgildið virðingu, í gegnum þátttöku þeirra í starfendarannsókn?

Gögnum var safnað með viðtölum, athugunum, myndbandsupptökum, dagbókum þátttakenda og opinberum gögnum.

### **Kynjafraedi og lýðræðislegt leikskólastarf**

Í málstofunni verður sérstök áhersla lögð á að að flétta saman tveimur grunnþáttum menntunar: lýðræði og jafnrétti. Fjallað verður um hvernig lýðræðislegt leikskólastarf tengist jafnrétti kynjanna, gengið er út frá þeirri hugmynd að annað er forsenda hins. Áherslan er á að skoða leikskólastarf frá mörgum hliðum en sameiginlegur þráður er kynjajafnrétti. Í málstofunni verður rætt um valdeflingu leikskólabarna og það skoðað sérstaklega út frá kynjajafnrétti, fjallað verður um jafnrétti í leikskóla og hugmyndir barna um kynjajafnrétti, gerð grein fyrir hvernig hæfileikar barna eru virkjaðir með tilliti til kynjabreytu. Að lokum verða hugmyndir um samtvinnun mismununarbreyta skoðaðar og hvaða áhrif þær geta haft á lýðræðislegt leikskólastarf.

#### **Kyngervi – valdefling**

Guðrún Alda Harðardóttir, doktor og pedagogista

Í málstofunni verður fjallað um valdeflingu leikskólabarna og það skoðað sérstaklega út frá kynjajafnrétti. Rannsakendum ber saman um að einn meginkjarni þess að stuðla að valdeflingu felist í því viðhorfi að líta á einstaklinga sem getumikla; að einblína á styrk stúlkna og drengja í stað veikleika þeirra (Adams, 2008; Tengqvist, 2007). Horft er til hugmynda Judith Butler (2004, 2006) um að kyngervi mótist af og sé afurð viðkomandi samfélags og einstaklingurinn sé lítt valdefldur hvað það varðar heldur leitist við að samsama sig ríkjandi viðmiðum um kyngervi. Viðmiðin stýri síðan skilningi einstaklinganna á félagslegum athöfnum. Viðmiðið er í raun aðeins viðmið að því leyti sem það virkar í félagslegum veruleika og er sífellt endurtekið. Butler telur að strax við fæðingu barns sé stelpun „stelpuð“ og strákurinn „strákaður“, og með endurtekinni „stelpun“ og „strákun“ læri börnin hvorum hóp þau tilheyrja og hvaða viðmið gilda fyrir hvorn hópinn.

#### **Jafnrétti sem leið í átt að lýðræði**

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor HA

Í erindinu er fjallað um jafnrétti í starfi leikskóla með áherslu á að skoða hugmyndir fjögurra ára barna um kynjahlutverk, jafnrétti, möguleika og takmarkanir. Gagna var aflað með rýnihópaviðtölum við börn, kennara og foreldra en einnig markvissri vinnu og fundum með

börnum og skráningum og upptökum af leik og skapandi starfi. Börnunum var gefið tækifæri til að takast á við hugmyndir um kynjahlutverk og unnið að því að efla gagnrýna hugsun barna í gegnum sögugerð og leik. Helstu niðurstöður eru þær að börnin sýna aukna færni í að taka þátt í umræðum um hugmyndir, þau eru tilbúnari að ræða fleiri möguleika, hlusta á aðra og setja skoðanir sínar oftast í orð en áður.

### **Eru tækifæri og námsleiðir barna byggðar á jafnrétti og lýðræði?**

Hólmfríður Árnadóttir, Miðstöð skólaþróunar HA

Rannsóknir sýna að til staðar er kynjamunur er varðar tækifæri og eflingu hæfileika barna í skólastarfi. Með það í huga má velta fyrir sér hvort hæfileikaríkar stúlkur og drengir hafi jöfn tækifæri til náms og leikja og hvort hlustað er á raddir þeirra í skólastarfi. Rannsókn og kannanir höfundar sýna að kennarar greina fremur einstaka hæfileika drengja og skapa drengjum frekar aukið svigrúm til náms. Ennfremur virðast kennarar hafa ólíka sýn á kynin og horfa meira til félagsfærni og sköpunarfærni stúlkna en til rannsóknar- og verklegar færni þeirra þegar kemur að hæfileikum. Um leið er hæfileikum drengja til rannsókna og verka gert hátt undir höfði og dregið úr þáttum er varða tilfinninga- og sköpunarfærni. Leiða má líkum að því að kennarar hafi staðlaða ímynd af hæfileikum nemenda út frá karllægu sjónarhorni. Vísbendingar eru um að ef kennarar ýti ekki undir og styðji við rannsóknareðli stúlkna sem og sköpunareðli drengja út frá hæfileikum þeirra og áhuga sé verið að rýra möguleika þeirra á jafnrétti til náms. Í málstofunni verða kynjagleraugun sett upp og fjallað um hvernig hægt er að auka jafnrétti barna með tilliti til hæfileika og áhugasviðs.

### **Réttlæti – grunnur leikskólastarfs**

Kristín Dýrfjörð, dósent HA

Starf leikskólakennara er pólitískt starf sem byggir á kennslufræðilegri þekkingu en samtímis fyrst og fremst á hugmyndafræðilegri afstöðu til manneskjunnar og þess samfélags sem hún býr í. Í því ljósi er ljóst að kennarar verða að vera hugsandi verur sem velta fyrir sér samfélagsgerðinni og eigin áhrifum. Þeir verða að þora að rannsaka heiminn með börnunum, þora að hugsa öðruvísi, þora að vera breytingarafl. Vera þess megnugir að viðurkenna að það fá ekki allir jafnt gefið. Í erindinu er litið til þess að þegar að fleiri en ein mismunarbreyta tvinnast saman hefur það áhrif á líf barna. Leikskólinn er tæki til að jafna lífskjör barna en til þess að það virki verða leikskólakennarar að ígrunda gagnrýnið eigin viðhorf. Þeir verða að vera gagnrýnir á þá þekkingu sem þeir taka þátt í að miðla og setja í forgrunn í gegnum hugmyndafræði og vinnubrögð. Fjallað er um leikskólakennara sem aðgerðarsinna, þá sem

leiða og valdefla, sem þora að standa upp í hárinu á mælingarsinum og tæknikrötum, þá sem geta afhjúpað orðræðu og vald sem stýrir daglegu starfi þeirra, vald sem kemur m.a. frá handbókum, námskrám, lagaumhverfinu og samfélaginu.

## Tækni

### Áhrif spjaldtölva á nám og kennslu á yngsta stigi grunnskóla.

Jóhanna Þorvaldsdóttir, meistaranemi HA,

Hermína Gunnþórsdóttir, lektor HA

Guðmundur Engilbertsson, lektor HA

Á síðustu árum hefur tækniþróun haft stöðugt meiri áhrif og því telja stefnumótandi aðilar um menntun að leggja þurfi aukna áherslu á upplýsingatækni í öllu skólastarfi. Í þessu erindi verður sjónum beint að reynslu starfandi kennara af notkun spjaldtölva í námi og kennslu á yngsta stigi grunnskóla. Tilgangur rannsóknarinnar sem kynnt verður var að skoða hvort og þá hvernig notkun spjaldtölva geti bætt skólastarf og hvernig notkun þeirra geti stutt við upplýsinga-, tækni- og miðlalæsi nemenda. Rannsóknaraðferðin var eigindleg og gögnum aflað með viðtölum og vettvangsathugunum. Niðurstöðurnar sýna að viðmælendur telja spjaldtölvur geta bætt nám og kennslu með ýmsum hætti. Meðal annars telja þeir notkun þeirra auka áhuga og virkni og auðvelda einstaklingsmiðun. Þeir telja spjaldtölvurnar nýtast sem aðstoðarkennari, léttu álagi í kennslustundum og bæta aðgengi að kennaranum. Þá benda niðurstöður til þess að notkun smáforrita geti stutt við upplýsinga- og tæknilæsi en til að efla miðlalæsi þurfi notkun Netsins, vefsíðna og samfélagsmiðla að aukast. Innleiðing spjaldtölvanna virtist ekki leiða til breytinga á kennsluháttum sem fyrir voru en notkun þeirra getur gefið skólafólki aukin tækifæri til breytinga og bóta á skólastarfi, sér í lagi ef nýir áherslupættir um nám á 21. öldinni fá aukið vægi í skólunum.

### Það er leikur að læra! Listin að skapa og leika sér er efni sem er tekið fyrir

Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri

Fjallað er um Creator CMS – Vefkerfi sem er hönnunartól til að búa til efni í öpp sem eru annað hvort GPS ratleikir, leiðsagnir eða gagnvirkar bækur. TurfHunt – fjölspilaleikur þar sem samkeppni ríkir eða leikur sem er leikinn af einum. Í leikjunum eru spurningar, myndir, hljóð, smáleikir og kort. Verið er að byggja upp liðsheild með óhefðbundnum

kennsluáðferðum. Leikir í námi eru úti á örkinni en Turfhunt er tól til að kenna sögu, jarð- og náttúrufræði, ípróttir og fleira þar sem nemendur geta verið að læra um umhverfið. GPS hrindir af stað þrautum. Hægt er að fylgjast með stöðu nemenda af „Observer“ vefsíðu Locatify. Gagnvirkar bækur sem öpp. Nemendur og kennarar geta búið til eigin bækur á vefsíðunni Locatify.com. Texti lýsist upp með hjóði, auðvelt að fara á milli tungumála, myndir hreyfðar um svæði, hjóð heyrast þegar ýtt er á myndir, fjölvalsspurningar úr texta og stig fyrir rétt svör sem hægt er að senda kennara. Goldworm app með tveimur bókum kemur út í júní fyrir iOS og Android en kerfið er í lokaprófunum og verður opnað almennum notendum í haust.

### **Íslenska Wikipedia: – Einn áratugur**

Hrafn Malmquist, Landsbókasafn Íslands

Salvör Gissurardóttir, lektor Mvs. HÍ

Í desember 2013 voru tíu ár síðan íslenska Wikipedia var stofnuð en íslenski hlutinn taldi á þeim tímamótum hátt í 37 þúsund greinar sem allar eru skrifaðar í sjálfboðavinnu. Í þessu erindi sem er byggt á meistararitgerð Hrafns undir leiðbeiningu Salvarar og Jóhönnu Gunnlaugsdóttur í bókasafns- og upplýsingafræði, verður sagt frá almennri uppbyggingu hins alþjóðlega Wikipedia-verkefnis og fjallað um þróun íslensku Wikipediu í magni og umfangi og hún borin saman við þróun Wikipedia á dönsku og færeysku Wikipediu. Mikil áhersla var lögð á tölfræðilega greiningu og til þess var notast við sérhannaðan hugbúnað þróaðan af Dr. Felipe Ortega við Madrídaráskóla gagnert til þess að framkvæma slíkar greiningar.

### **Hvernig hefur staða upplýsingatækni í leikskólum breyst síðustu tíu árin?**

Svala Jónsdóttir, aðjúnkt Mvs. HÍ

Fyrir tíu árum gerði ég rannsókn ásamt Önnu Magneu Hreinsdóttur og Kristínu Norðdahl. Rannsóknin var hluti af rannsóknarverkefninu NÁMust og var henni ætlað að kanna notkun upplýsingatækni (UST) í leikskólastarfi, meðal starfsfólks og barna. Sendir voru spurningalistar í alla leikskóla á landinu til að kanna tölvufærni starfsfólks, hverjir notuðu helst upplýsingatækni innan leikskólanna og í hvaða tilgangi. Kannað var hvaða búnaði leikskólarnir réðu yfir og hvert viðhorf starfsfólks væri til tækninnar, hvað þeim fannst helst vanta, varðandi búnað, þjónustu og fræðslu. Þrátt fyrir að menntamálayfirvöld hafi þarna lagt mikla áherslu á innleiðingu tækninnar var notkun UST í leikskólastarfi skammt á veg komin. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og þykir mér því fróðlegt að kanna hver staðan er núna. Ég hyggst endurtaka leikinn og senda út spurningalista í alla leikskóla og kanna stöðuna



í dag. Efni frá yfirvöldum verður skoðað, t.d. aðalnámskrá leikskóla og athugað hver áherslan er í tengslum við UST og hvort og hvernig hún hefur breyst á þessum tíu árum. Loks verður kannað hvort og hvernig rekstraraðilar styðja við bakið á leikskólum í tengslum við notkun UST.

## Háskólakennsla

### Reynsla nemenda af námskeiðum um sjálfbærni menntun

Auður Pálsdóttir, lektor Mvs. HÍ og Allyson Macdonald, prófessor MVS

Sjálfbærni er einn af sex grunnþáttum menntunar fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands eru í boði nokkur námskeið í grunn- og framhaldsnámi sem fjalla um sjálfbærni menntun. Rannsóknin sem hér verður kynnt fjallar um mat sex framhaldsnemenda sem sóttu námskeiðið Menntun til sjálfbærni – hæfni í heimi breytinga sem er skyldunámskeið í meistaranámi kennara og/eða námskeiðin Sjálfbærni og menntun I, II eða III sem eru valnámskeið fyrir meistara- og doktorsnema í uppeldis- og menntunarfræðideild. Í viðtölum við þátttakendur var sjónum annars vegar beint að áhrifum nemenda á hvað og hvernig þeir lærðu og hins vegar hvort og þá hvaða áhrif þeir teldu að námið tengt þessum námskeiðum hefði haft á þá. Niðurstöður benda til þess að nemendum þyki það talsverð áskorun að hafa áhrif á hvað og hvernig þeir læra enda séu þeir ekki mjög vanir slíku. Slíkt vinnulag krefst þess að þátttakendur taki meiri ábyrgð á eigin námi, kafi dýpra og velti fyrir sér eigin gildum. Þá fylgir slíku vinnulagi hvatning og krafa um virka þátttöku og það hafi haft áhrif á sýn þeirra á sjálfbærni og hvers konar nám (aðferðir og inntak) séu menntandi.

### Vendikennsla á háskólastigi

Ingibjörg B. Frímannsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Við skipulagningu námskeiða er eðlilegt að spurt sé, hvaða kennsluáðferð henti best. Í námskeiðinu *Talað mál og ritað*, við kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, sem á annað hundrað nemendur sækja hverju sinni, hefur á síðustu misserum verið leitað svara við þessari spurningu. Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar; samkennsla stað- og fjarnámskeiða,

hópaskipting í jafningjamat þvert á námsleiðir og fleira. Á haustmisseri 2013 var svo gerð tilraun með vendikennslu (e. flipped teaching) en það er sú kennsluáferð sem margir kennarar beina kastljósinu að þessi misserin. Stuðst var við vendikennsluformið; stuttar upptökur settar á vefinn (Moodle) og hóptímar skipulagðir í framhaldinu þar sem unnið var með það efni sem fjallað var um í upptökunum. Nemendur höfðu val um að mæta í vinnustofur annað hvort í kennslustofur í skólanum eða á vefnum. Skipti þá engu máli hvort nemendur höfðu skráð sig í staðnám eða fjarnám. Kynnt verður hvernig til tókst og gerð grein fyrir virkni nemenda í vinnustofum. Leitast verður við að svara spurningunni hvernig þessi kennsluáferð reyndist og hvort hún henti nemendum á háskólastigi. Stuðst er við niðurstöður úr könnun sem gerð var að loknu kennslumisseri 2013 og vísað í kennslukönnun á [Ugla.hi.is](http://Ugla.hi.is).

### **Menntandi nám**

Hafþór Guðjónsson, dósent Mvs. HÍ

Skólastarf á Íslandi hefur um langan aldur markast af hugmyndinni um miðlun þekkingar. Nýjar aðalnámskrár boða nýjar áherslur. Nú skal lögð áhersla á menntun, freista þess að búa nemendum þannig skilyrði að þeir þroskast á náminu, verði til að mynda hæfari til að hugsa sjálfstætt og gagnrýnið, tjá hugmyndir sínar, eiga samskipti við aðra og geta unnið með öðrum. Jafn vel og þetta hljómar er þó viðbúið að kennarar hiki og þá sérstaklega þeir sem hafa ánetjast þeirri hugsun að kennsla sé fyrst og fremst fólgin í því að kenna á bókina og komast yfir efnið, von að þeir spyrji hvernig megi taka á málunum. Hvernig högum við okkur? Erindi mitt er hugsað sem stuðningur við kennara sem vilja gjarnan snúa við blaðinu, þróa kennsluhætti sem líklegir eru til að hreyfa við nemendum og stuðla að vitsmunalegum, félagslegum og tilfinningalegum þroska þeirra. Í þessu skyni leita ég í smiðju Guðmundar Finnbogasonar en líka til núlifandi fræðimanna, til dæmis Neil Mercer sem telur að skólastarf gæti eflst verulega ef okkur lærðist að nýta samtalið sem verkfæri til náms og Guy Claxton sem heldur því fram að menntun megi skoða sem þjálfun í að hugsa, skrifa, athuga og tala saman.

### **Lífssagan og listkennarinn**

Kristín Valsdóttir, deildarforseti LHÍ og doktorsnemi Mvs. HÍ

Mikilvægustu hlutir sem við lærum í lífinu eru oft þeir sem opnast fyrir okkur í samskiptum okkar við fjölskyldu og vini, úr bókum, fjölmiðlum eða öðru. Ólíkt formlegu námi er þessi lærdómur oft ómeðvitaður og óplanaður þó hann geti haft mikil áhrif á viðhorf okkar og líf. Að þessu leyti eru allir einstaklingar „eílfðarstúdentar“ (e. lifelong learners). Í

doktorsverkefni mínu sem ber vinnuheitið *How do artists learn to be arts teachers?* nota ég lífssöguviðtöl og dagbækur núverandi og fyrrverandi nemenda listkennsludeildar LHÍ og starfandi listamanna til að varpa ljósi á aðstæður og þætti sem hafa mótað nám og starf þátttakenda. Markmið rannsóknarinnar er að draga fram námssögu listamanna og hvernig nýta megi þá þekkingu í þróun meistaranáms í listkennsludeild LHÍ, og einnig til uppbyggingar frekara náms á háskólastigi fyrir listamenn. Í erindi mínu mun ég vinna með dæmi úr rannsókn minni um hvernig lífssagan mótar listamann (menn) sem listkennara. Við greiningu skoða áhrif á þá ákvörðun að gerast listkennari og áhrif á mótun starfkenningu viðkomandi.

### **Kennarastarfið**

**„Það á enginn að fara heim með hnút í maganum.“ Að eiga við „erfiða“ nemendur**

Lilja M. Jónsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Undanfarið hafa svokallaðir erfiðir nemendur verið nokkuð til umræðu – og má segja að sitt hafi hverjum sýnst um þessa nafngift á börn sem víkja verulega frá í hegðun. Í því sambandi hafa verið bornar upp spurningar eins og hvernig á að bregðast við erfiðum nemanda, er það nemandinn sem er erfiður, er það hegðun hans sem er erfið, eru það aðstæðurnar eða er það kennarinn sem þarf að líta inn á við? Hvað er er til ráða? Ýmis konar hegðunarkerfi hafa verið þróuð til að takast á við erfiða hegðun nemenda og í þessu erindi verða sagðar sögur ungs kennara, sem við skulum kalla Lindu, sem þurfti að glíma við alveg sérstaklega erfiða hegðun nemenda þegar hún tók við nýjum umsjónarbekk. Linda var þátttakandi í langtímarannsókn með byrjendum í grunnskólakennslu fyrstu fimm árin þeirra í kennslu. Rannsóknin byggir á rannsóknaraðferð sem kallast narratífa (e. narrative inquiry). Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna viðhorf og líðan nýrra kennara fyrstu árin í kennslu og hvernig þeim gengur að takast á við þau viðfangsefni sem mæta þeim. Gagna var fyrst og fremst aflað með ítarlegum viðtölum og samtölum þessi fimm ár, en kennararnir voru einnig heimsóttir í skólastofur þeirra, fylgst var með þeim í kennslu og rætt var óformlega við nemendur. Niðurstöðurnar leiddu m.a. í ljós að Linda reyndist ótrúlega úrræðagóð og sjálfri sér samkvæm í öllum samskiptum sínum við nemendur þar sem megináherslan var lögð á umhyggjuna.

### **Stuðningur við nýliða í grunn- og framhaldsskólum**

Guðmundur Engilbertsson, lektor HA

María Steingrimsdóttir, dósent HA

*NORDMENT – rannsókn á stuðningi við nýja kennara í starfi* er norræn rannsókn sem Háskólinn í Árósum Danmörku, Háskólinn í Turku Finnlandi, Óslóarháskóli Noregi, Háskólinn í Gautaborg Svíþjóð og Háskólinn á Akureyri Íslandi taka þátt í. Markmið rannsóknarinnar er að greina hvaða stuðning kennurum á Norðurlöndum býðst á fyrstu árum sínum í kennslu og hvaða áhrif hann hefur á upplifun þeirra á starfi sínu. Í rannsókninni er leitað eftir þáttum sem styrkja nýja kennara í starfi og geta komið í veg fyrir uppgjöf. Sjónum er einkum beint að því hvað gert er vel í þeim efnum og hvað má betur gera innan skólanna til að styðja við kennarana, til dæmis með markvissri leiðsögn, endurgjöf og starfsþróun en jafnframt er skoðað hvaða ytri þættir, til að mynda sí- og endurmenntun, geta veitt kennurum stuðning. Í erindi sínu gera málstofuflytjendur grein fyrir niðurstöðum úr íslenskum hluta rannsóknarinnar og beina sjónum að þeim mun sem er á viðhorfum nýliða í grunnskóla og framhaldsskóla til starfs, aðstæðna og stuðnings í starfi.

**„Allt sem kennari segir og gerir og allt sem kennari segir og gerir ekki hefur siðferðileg áhrif“**

Guðmundína Arndís Haraldsdóttir, grunnskólakennari og Gunnar E. Finnbogason, prófessor Mvs. HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að fá skýrari sýn á siðferðilega þætti kennarastarfsins. Leitað var svara við spurningum um hvaða siðferðilegu gildi kennarar leggja áherslu á, ásamt því að skoða bjargir kennara þegar tekist er á við siðferðileg álitamál sem varða hagsmuni þeirra aðila sem mynda skólasamfélagið. Rannsóknin er eigindleg og tekin voru hálfstöðluð viðtöl við fimm grunnskólakennara með mislangan starfsferil. Helstu niðurstöður eru þær að kennararnir sem rætt var við vilja í starfi sínu leggja áherslu á að þeir séu að undirbúa nemendur fyrir framtíðina og vilja veita þeim góðan grunn og góðar minningar úr skóla. Meðal þeirra siðferðilegu gilda sem viðmælendur leggja áherslu á bæði í kennslu og í samstarfi við aðra voru: vellíðan, umhyggja, virðing, jafnrétti, traust og væntumþykja. Viðmælendur telja allir að mikilvægt sé að fá stuðning í siðferðilegum álitamálum og mikilvægt sé að deila reynslu og úrræðum sem reynst hafa vel. Að mati viðmælenda og rannsakanda er mikilvægt að halda á lofti umræðum um siðfræði í starfi til að skólar og einstaklingar innan skólanna nái betri árangri. Í leit að leiðum til að efla fagmennsku kennara er þessi rannsókn innlegg í umræðuna og ætti að vekja athygli á siðferðilegum þáttum starfsins.

## Fjölbreyttar nálganir í kennslu

### **Hvernig nota leik- og grunnskólakennarar útiumhverfið í námi ungra barna um lífverur?**

Kristín Norðdahl, lektor Mvs. HÍ

Í erindinu er fjallað um rannsókn sem gerð var á því hvernig kennarar yngri grunnskólabarna og elstu leikskólabarna notuðu útiumhverfi í námi barna um lífverur. Kennararnir þróuðu verkefni sem höfðu það að markmiði að auka áhuga barna og skilning á lífverum á útisvæðinu. Verkefnið var hluti af starfendarannsókninni „Á sömu leið“, sem unnin var í þremur leikskólum og þremur grunnskólum í Reykjavík á tveggja ára tímabili. Markmið rannsóknarinnar var að stuðla að samstarfi kennara í leik- og grunnskólum, auka tengsl skólastiganna og skapa samfellu í námi ungra barna. Rannsóknin leiddi í ljós að kennararnir notuðu útiumhverfið til að ýta undir reynslu barnanna af ákveðnum þáttum í umhverfinu sem þeir vildu beina athygli þeirra að; sem uppsprettu umræðu um þá reynslu; sem vettvang leikja og frelsis; og sem uppsprettu skapandi starfs.

### **Frumefnin í leik og starfi: Samþætting sköpunar, leiklistar og útináms.**

Sara Hauksdóttir, M.Ed. og grunnskólakennari

Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúnt Mvs. HÍ

Í þessu erindi er fjallað um möguleikana á að samþætta hina sex grunnþætti menntunar sem mynda kjarna íslensku menntastefnunnar, í gegnum skapandi starf, leiklist og útinám. Einnig er ljósi varpað á það hvernig sú samþætting styður við nám og þroska barna og kemur til móts við þarfir hvers og eins. Jafnframt er kynnt kennsluefni fyrir átta til níu ára gömul börn þar sem grunnþættirnir sex ásamt leiklist og útinámi eru hafðir að leiðarljósi. Viðfangsefni kennsluefnisins eru frumefnin fjögur; jörð, eldur, loft og vatn. Mikilvægt er að vefa saman þær grunnstoðir sem aðalnámskrá grunnskóla byggir á við skapandi skólastarf og tengja þannig saman huga og hönd. Brýnt er að börnum sé gefinn kostur á að fást við viðfangsefni á fjölbreytilegan, áþreifanlegan og skapandi hátt til þess að efla skilning sinn og reynsluheim. Samþætting sköpunar, leiklistar og útináms er ein þessara leiða.

### **Megir þú blómstra: Jákvæð sálfræði og gjörhygli í lífsleikni í grunnskóla**

Dóra Guðrún Þórarinsdóttir, grunnskólakennari

Halla Jónsdóttir, aðjúnt Mvs. HÍ

Fjallað verður um skólaþróunarverkefni og rannsókn sem gerð var árið 2012 til að meta árangur þess. Verkefnið fólst í því að samið var námsefni í lífsleikni þar sem unnið var með þættina heilbrigðan lífsstíl, tilfinningagreind, seiglu, styrkleika og flæði, með það að markmiði að auka vellíðan nemenda. Auk þess var boðið upp á tíma í gjörhygli til að auka vitund nemenda fyrir líðandi stundu, þar sem þeir lærðu að meðtaka skilaboð frá sínu nánasta umhverfi. Kennarar í Grunnskóla Vestmannaeyja kenndu efnið í lífsleiknitímum og í kjölfar þess var framkvæmd tilviksrannsókn og unnið út frá fimm þátta margprófun byggðri á umræðu- og spurnaraðferð, útlistunarkennslu, hópvinnumbrögðum og innlifunaraðferð. Rannsóknargögn voru unnin út frá etnógrafískri nálgun og reynsla kennara af verkefninu skoðuð. Helstu niðurstöður eru að kennarar töldu að hér væri komið efni sem hefði jákvæð áhrif á nemendur, styrkti þá og gæfi þeim færi á að vinna með eigin tilfinningar ásamt því að gefa tilefni til spennandi samþættingar kennslugreina. Auðveldara var að vinna með efnið á miðstigi þó þar hefði þurft að einfalda vissa þætti en tímaskortur var helsta hindrunin á unglingsstigi. Kennarar segja þessa kennslu og vinnu með þessa þætti hafa gert þá meðvitaðri um þátt umhyggju í starfi með nemendum.

## Yngstu nemendurnir

### „Aukið álag og áreiti“: Áhrif efnahagshrunsins á leikskólastarf

Eygló Björnsdóttir, dósent HA

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor HA

Rannsóknir á áhrifum efnahagshrunsins 2008 á skólastarf hafa sýnt margvíslegar afleiðingar, meðal annars segja kennarar það hafa komið niður á gæðum starfsins (Eygló Illugadóttir, 2011). Áhrifin virðast meiri á leikskóla en grunnskóla (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl., 2012). Sem dæmi um áhrif má nefna að sumarlokun hefur verið lengd, skólar verið sameinaðir, skorið hefur verið niður í fjármálum og samdráttur hefur einkennt rekstrarumhverfið. Í erindinu verður greint frá niðurstöðum úr rannsókn þar sem markmiðið var að kanna áhrif efnahagshrunsins á starf leikskóla. Vorið 2011 var spurningakönnun lögð fyrir 110 leikskólastjóra þar sem spurt var um ýmsa þætti er lúta að starfsemi skólanna, m.a. áhrif hrunsins. Árið 2014 voru sömu leikskólastjórar spurðir um starfsemi leikskólanna, en þá með sérstakri áherslu á hrunið. 65 svör bárust við fyrri könnuninni en 69 við þeirri síðari. Niðurstöður í fyrri könnun sýndu jákvæðni og bjartsýni þrátt fyrir niðurskurð. Í síðari könnuninni var bjartsýnin sem finna mátti áður mikið til horfin og leikskólastjórar sögðu

hrunið hafa haft mikil áhrif á starf skólanna. Niðurstöður sýndu að margt í aðstæðum, starfsumhverfi og starfi leikskólanna hafði breyst á árunum eftir hrun.

### **Forspárgildi málþroskamælinga í leikskóla um námsárangur og líðan**

Amalía Björnsdóttir, dósent Mvs. HÍ,

Jóhanna T. Einarsdóttir, dósent Mvs. og Hvs. HÍ,

Ingibjörg Símonardóttir, talmeinafræðingur

Í erindinu verður því velt upp hvert er forspárgildi mælinga á hljóðkerfisvitund og málþroska í leikskóla með HLJÓM-2 og TOLD prófunum. Skoðað verður hversu vel þessar mælingar spá fyrir um námsárangur í grunnskóla og einnig um líðan og ýmsa sálfélagslega þætti. Ítrekað hefur verið sýnt fram á tengsl milli hljóðkerfisvitundar og hvernig börnum gengur að læra að lesa. Í langtímarannsókn þar sem haft var samband við einstaklinga sem höfðu tekið þátt í rannsókn á málþroska í leikskóla fyrir 13 eða 14 árum fundust sterk tengsl á milli mælinga í leikskóla og árangurs á samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla. Niðurstöður mælinga úr leikskóla voru einnig bornar saman við svör þátttakenda við spurningalista. Þátttakendur sem náðu góðum árangri á HLJÓM-2 tóku frekar þátt í síðari hluta rannsóknarinnar t.d. svöruðu 64% þeirra sem höfðu sýnt slakan árangur en 92% þeirra sem náðu góðum árangri. Þeir sem stóðu vel á HLJÓM-2 áttu ánægjulegri minningar úr grunnskóla og glímdu síður við ýmis vandamál. Í þessu samhengi er mikilvægt að velta fyrir sér mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og hvort samfella er í þjónustu við börn þegar þau flytjast á milli skólastiga.

### **Hefur ofbeldi nemenda gegn kennurum farið vaxandi í kjölfar efnahagshrunsins 2008?**

Hjördís Sigursteinsdóttir, aðjúnkt HA og doktorsnemi Fvs. HÍ

Markmið rannsóknanna sem er til umfjöllunar hér voru að skoða áhrif efnahagskreppunnar á samskipti kennara og nemenda á vinnustað og skoða hvort nemendur komi eins fram við konur og karla. Meginlegur spurningalisti var lagður fyrir grunnskólakennara í 20 sveitarfélögum þrisvar sinnum, fyrst í upphafi árs 2011, á vordögum 2011 og síðast í upphafi árs 2013. Jafnframt voru tekin rýnihópaviðtöl við grunnskólakennara í tveimur sveitarfélögum, einu á höfuðborgarsvæðinu og einu á landsbyggðinni. Rýnihópaviðtölin voru tekin í janúar og febrúar 2011. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að grunnskólakennarar hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi og hótunum af hálfu nemenda sinna og í mörgum tilvikum oftár en einu sinni. Karlar verða í meira mæli fyrir hótunum af hálfu nemenda en konur verða í meira mæli fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu nemenda. Líkamlegt

ofbeldi og hótanir nemenda gegn grunnskólakennurum hafði aukist milli fyrirlagna spurningalistans og var upplifun grunnskólakennara sú að í kjölfar efnahagshrunsins hefði óróleiki og vanlíðan nemenda aukist, sérstaklega nemenda á efsta stigi, sem skilaði sér í auknum árekstrum við samnemendur og kennara.

### **Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum: þekking og forvarnir**

Pórdís Eva Þórólfsdóttir, leikskólakennari

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, prófessor HA

Markmið rannsóknarinnar sem kynnt verður er að kanna þekkingu leikskólakennara í leikskólum Akureyrarbæjar á einkennum og afleiðingum kynferðislegs ofbeldis gegn börnum, þekkingu þeirra á forvörnum og vinnubrögðum með forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi. Rannsóknin var eigindleg, viðtöl voru tekin við fimm leikskólakennara. Helstu niðurstöður eru þær að þátttakendur voru vel að sér um afleiðingar kynferðislegs ofbeldis gegn börnum en ekki þegar kom að einkennum þess og hvernig best verði við brugðist þegar upp koma mál þess eðlis. Leikskólakennararnir fundu oft til öryggisleysis sem þeir í flestum tilvikum röktu til lítillar fræðslu um viðfangsefnið. Leikskólakennararnir voru meðvitaðir um mikilvægi forvarna gegn kynferðislegu ofbeldi í leikskólastarfi en jafnframt að þekking þeirra á viðfangsefninu og forvörnum væri ónóg, sem svo aftur leiðir það af sér að þeir vinna sjaldan markvisst með forvarnir í starfi sínu. Leikskólakennararnir töldu skort á fræðsluefni til kennara og einnig að fjalla þyrfti mun ítarlegar um viðfangsefnið í grunnnámi kennara. Niðurstöður úr viðtölum við fimm starfandi leikskólakennara benda til þess að almennt og þá ekki síst í grunnnámi leikskólakennara þurfi að leggja aukna áherslu á fræðslu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og forvarnir.

### **Þælt í áhrifum PISA**

#### **Rannsókn um tengsl sérhæfingar kennara, námsgagna og niðurstaðna í PISA-2012 rannsókn um stærðfræðilæsi**

Kristín Bjarnadóttir, prófessor emerítus Mvs. HÍ

Freyja Hreinsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Niðurstöður PISA-2003 veittu vísbendingu um að nokkur munur væri á árangri nemenda í stærðfræðilæsi eftir stærð skóla. Gerð var önnur rannsókn í framhaldi af því til að kanna hvort sérhæfing kennara í stærðfræði eða námsgögn skiptu máli um niðurstöður í PISA-2012 rannsókninni þegar stærðfræðilæsi var aftur í öndvegi. Öllum grunnskólum á landinu var skipt



í fjóra flokka eftir fjölda nemenda sem tóku þátt í PISA-2012: 1–10 nemendur, 11–25 nemendur, 26–40 nemendur og 41–130 nemendur. Valdir voru tíu skólar úr hverjum flokki þannig að skólarnir dreifðust jafnt eftir stærð. Haft var samband við stærðfræðikennara í þessum skólum og þeir spurðir um eigin menntun, kennslureynslu og námsgögn. Í fyrirlestrinum verður skýrt frá niðurstöðum þessarar rannsóknar.

### **Er námsárangur ólíkur eftir byggðarstigi**

Hermína Gunnþórsdóttir, lektor HA,

Bragi Guðmundsson, prófessor HA

Þorlákur Axel Jónsson, aðjúntk HA

Niðurstöður könnunarprófa PISA á Íslandi fyrir árið 2012 sýna mikinn jöfnuð í skólakerfinu þegar horft er til efnahags- og félagslegrar stöðu nemenda og skóla. Aftur á móti fer munur á frammistöðu nemenda eftir búsetu vaxandi. Sú spurning vaknar hvort landið utan höfuðborgarsvæðisins sé allt undir sömu sök selt í þessu efni. Ástralskir menntunarfræðingar hafa bent á að „landsbyggðin“ er ekki einsleitt fyrirbæri þó hún sé gjarnan skilgreind sem frávik af skipuleggjendum nútíma skólakerfa (Roberts og Green 2013). Bent hefur verið á að alhæfandi eftirlitspróf kalli á tvískiptingu (Ball 1997) í jákvætt eða neikvætt, landsbyggð eða höfuðborgarsvæði. Viðfangsefni erindisins er að leita svara við hvort munur sé á frammistöðu nemenda eftir því hvernar gerðar þau samfélög eru sem þeir búa í. Er námsárangur ólíkur eftir byggðarstigi, og ef svo, í hverju getur munurinn legið? Er munur á árangri nemenda úr skólum í sjávarplássum og sveitaskólum? Skilgreindir voru fimm mismunandi byggðarflokkar á Norðurlandi; dreifbýli, sjávarþorp, blönduð byggð, kaupstaðir og höfuðstaður. Unnið er með niðurstöður fyrir nemendur sem luku skyldunámi vorið 2012 (n=545) í skólum landshlutans (n=30). Auk lýsandi tölfræði verður dreifigreining notuð til þess að túlka þann mun sem kemur fram. Rætt verður með hvaða hætti niðurstöðurnar varpa ljósi á versnandi námsframmistöðu nemenda samkvæmt PISA prófunum.

## **Hvert er samband námsframvindu í framhaldsskóla og búsetu nemenda að teknu tilliti til félagslegs uppruna þeirra?**

Þorlákur Axel Jónsson, doktorsnemi Mvs. HÍ og aðjúntk HA

Rannsóknir á sambandi námsframvindu nemenda í íslenskum framhaldsskólum við búsetu og félagslegan uppruna þeirra hafa verið takmarkaðar. Aftur á móti hefur brotthvarf nemenda úr námi á framhaldsskólastigi hlotið athygli rannsóknarsamfélagsins um árabil. Námsmatsstofnun hefur upplýst um mismunandi námsárangur grunnskólanema eftir búsetu í borgarsamfélagi eða landsbyggð en um leið að félagslegur uppruni tengist námsárangri ekki að marki. Hvert er samband námsframvindu í framhaldsskóla í ólíkum landshlutum? Skiptir félagslegur uppruni máli í því samhengi? Hér verður gerð grein fyrir athugun á sambandi námsgengis í framhaldsskóla við búsetu nemenda að teknu tilliti til félagslegs uppruna, mælt sem líkurnar á að nýnemar framhaldsskóla haustið 2006 hafi lokið framhaldsskólanámi á áætluðum tíma. Greind verða gögn sem upplýsa um einkunnir nemendahópsins á samræmdum prófum grunnskólans (n=4767), um félagslegan bakgrunn nemendanna samkvæmt könnunarprófum PISA og um námsgengi samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. Gerð verður fjölkosta nafnbreytuaðhvarfsgreining. Rætt verður með hvaða hætti námsframvinda á framhaldsskólastigi er önnur heldur en búseta og félagslegur uppruni gefa fyrirfram tilefni til að ætla.

### **Skólakerfið og nemendur í grunnskólum**

## **Hvernig tekst skólastjóra í fámennum skóla að laga skólastarfið að kröfum menntayfirvalda og samfélagsins?**

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor HA,

Helen Wildy, University of Western Australia,

Tshering Zangmo, Jigme Namgyel Lower Secondary School Thimpo, Bútan

Á málstofunni verður kynntur íslenskur hluti tilviksrannsóknar þar sem markmiðið var að varpa ljósi á það hvernig skólastjórar í fámennum skólum í þremur mismunandi löndum, Íslandi, Ástralíu og Bútan, takast á við það að laga skólastarfið að kröfum menntayfirvalda og samfélagsins. Gögnum var safnað í einum skóla í hverju landi með viðtölum við skólastjóra, vettvangsathugunum, óformlegum samtölum við starfsfólk og skjalarýni. Beitt var túlkandi fyrirbærafræðilegri nálgun og niðurstöður settar fram sem narratífur. Niðurstöður bentu meðal annars til þess að mikill tími íslenska skólastjórans færi í að finna leiðir til þess að bregðast

við kröfum menntayfirvalda á landsvísu, yfirvalda í héraði og nærsamfélagsins og samræma þær, svo þær þjónuðu sem best hagsmunum og aðstæðum skólasamfélagsins sem skólinn tilheyrði. Niðurstöðurnar vekja meðal annars upp þá spurningu hvort tilhneiging sé til að steypa alla skóla í sama mót og hvort sýna þyrfti samfélagsaðstæðum fámennra skóla meiri skilning til þess að þeir geti sem best eftl og þjónað því fámenna samfélagi sem þeir tilheyra.

### **„Þetta er frábær nemendahópur” Nám og kennsla í skóla án aðgreiningar**

Jóhanna Karlsdóttir, lektor Mvs. HÍ

Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor Mvs. HÍ

Í stefnu íslenskra menntayfirvalda er gert ráð fyrir að grunnskólinn byggi starf sitt á hugmyndum um skóla án aðgreiningar og skapi námsumhverfi fyrir alla nemendur. Megintilgangur rannsóknarinnar sem hér er kynnt var að safna upplýsingum um nám og kennslu í skóla án aðgreiningar. Markmiðið var að skoða hvernig kennarar bregðast við fjölbreyttum nemendahópi og hvernig þeir móta og þróa nám og kennslu sem kemur til móts við alla nemendur. Rannsóknarspurning sem leitast var við að svara var: Hvernig skipuleggja kennarar nám og kennslu í fjölbreyttum nemendahópi þar sem tillit er tekið til ólíks bakgrunns nemenda, félagslegra aðstæðna, áhugamála og kunnáttu? Rannsóknin er eigindleg og var gagna aflað í fimm skólum með viðtölum við 12 kennara ásamt vettvangsathugunum í námshópum þeirra. Gögnin voru afrituð, kóðuð og flokkuð eftir þeim lykilþemum sem birtust í þeim. Til að tryggja áreiðanleika var lýsing og túlkun af hverjum skóla fyrir sig borin undir þátttakendur. Niðurstöður gefa til kynna að samstarf kennara er mikilvægt. Teymiskennsla er fyrirkomulag sem þátttakendur töldu henta vel í skóla án aðgreiningar. Kennarar fá stuðning hver af öðrum, ábyrgð dreifist, fleiri hugmyndir og lausnir verða til og tækifæri skapast til umræðu. Tækifæri nemenda til náms aukast þar sem teymi kennara hefur aukna möguleika á að skipuleggja fjölbreytt skólastarf.

### **„Þú endar bara í skurði með skóflu“: Sjálfsálit fólks með lestrarörðugleika. Hefur þróun skólakerfisins bætt sjálfsálit nemenda með lestrarörðugleika?**

Dagný Ósk Auðunsdóttir, nemi HA,

Hjördís Ólafsdóttir, nemi HA

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, prófessor HA

Í rannsókninni voru tveir hópar einstaklinga með lestrarörðugleika bornir saman, 18-25 ára og 25 ára og eldri. Markmiðið var að athuga hvenær á skólagöngunni þátttakendur fengu greiningu, hve ánægðir þeir voru með aðstoðina sem þeir fengu í skóla og hvort munur væri á

sjálfsáliti hópanna. Tilgátur voru þær að eldri hópurinn hefði fengið lesgreiningu síðar á skólagöngunni, hann væri óánægðari með aðstoðina og sjálfsálit væri lægra en hjá yngri hópunum. Spurningalisti aðlagður að rannsókninni var sendur til 31 þátttakanda, eftir hentugleikaúrtak, þar sem 19 voru í eldri hóp og 12 í þeim yngri. Sjálfsmatsskali Rosenbergs (e. Rosenberg Self-Esteem Scale) var notaður til að mæla sjálfsálit þátttakenda. Fyrri tilgátur tvær voru studdar, eldri hópurinn fékk greiningu síðar á skólagöngu sinni en sá yngri og hafði hann neikvæðara viðhorf gangvart aðstoðinni sem hann fékk. Þriðju tilgátu var hafnað, ekki fannst munur á sjálfsáliti milli aldurshópanna. Þróun innan skólakerfisins virðist hafa jákvæð áhrif á viðhorf nemenda með lestrarörðugleika til þess stuðnings sem þeim er veittur í skóla en sjálfsálit þeirra virðist óháð þessum þáttum. Rannsakendur benda á að úrtakið var lítið og því væri vert að endurtaka rannsóknina með stærra úrtaki og e.t.v. fleiri breytum.

### **Tungumálaforðinn**

Þorbjörg Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri Tungumálatorgi

Renata Emilsson Peskova, doktorsnemi Mvs. HÍ

Íslenska UNESCO-nefndin og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum efndu til nokkurra viðburða í vikunni 21.-28. febrúar 2014 í tilefni Alþjóðadags móðurmálsins. Þetta var gert í samstarfi við fjölmarga aðila, m.a. Móðurmál – Félag tvítyngdra barna, Kennarasamband Íslands, Reykjavíkurborg og fleiri, sem hafa látið sig þennan málaflökk varða. Á Tungumálatorginu var settur upp vefur (<http://tungumalatorg.is/21feb/>) tileinkaður Alþjóðadegi móðurmálsins. Vefurinn nýtist til að safna efni tengdu þessum mikilvæga og árvissa viðburði og miðla hugmyndum til að koma til móts við nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Í viku móðurmálsins var einnig efnt til samvinnu við skóla um skráningu á tungumálaforða sínum sem fór fram í gegnum Tungumálatorgið. Í ljós kom að heildarfjöldi tungumála í íslenskum skólum er yfir 90 tungumál og í þeim skólum sem skráðu upplýsingar eru töluð frá einu tungumáli upp í 36 tungumál. Í erindinu verður rýnt í það merkilega gagnasafn sem varð til í leitinni að tungumálaforða skólanna. Teknar verða saman upplýsingar sem bárust frá leik-, grunn- og framhaldsskólum vítt og breitt um landið og gefa fróðlega innsýn í fjölmenningarlegan veruleika skólastarfsins. Fjallað verður um stöðu barna sem eiga önnur móðurmál en íslensku, formlega móðurmálskennslu og möguleika sem bjóðast til að styðja og styrkja tungumálaforða landsins.

## Fræði og hugmyndir

### Að svara þörfum eða svara eftirspurn. Um þróun kennaranáms í fjarnámi við KHÍ og síðar HÍ

Þuríður Jóhannsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Í erindinu verður sagt frá rannsókn á sögulegri þróun fjarnáms í kennaranámi bæði í grunn- og framhaldsnámi (B.Ed og M.Ed). Leitað er svara við í fyrsta lagi á hvern hátt hugmyndafræði hefur haft áhrif á þróun á óhefðbundnu formi náms og kennslu í kennaramenntun. Með óhefðbundnu formi er t.d. átt við fjarnám, nám skipulagt í nokkurra daga lotum í stað vikulegrar kennslu og samkennslu staðnema og fjarnema. Síðan er spurt á hvern hátt unnt sé að hafa áhrif á þróun kennaranáms og móta ný námsform með nýja hugmyndafræði að leiðarljósi. Menningar- og söguleg starfsemiskenning (e. cultural-historical activity theory) er notuð við greiningu á sögulegri þróun frá því að fjarnám hófst fyrir rúmum 20 árum til dagsins í dag. Greiningin leiðir í ljós á hvern hátt hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar hefur stýrt þróuninni. Til þess að endurheimta orðræðuna þurfum við að byrja á að afhjúpa áhrif markaðsorðræðunnar á þróunina. Síðan er verkefni okkar að þróa hugmyndafræði og móta framtíðarsýn sem styðjast má við í þróun nýrra leiða í skipulagi náms og kennslu í kennaranámi.

### Stofnun háskóla á Akureyri

Bragi Guðmundsson, prófessor HA

Háskólinn á Akureyri var stofnaður árið 1987 eftir fimm ára undirbúningstíma. Aðdragandann má hins vegar rekja allt aftur til miðs sjöunda áratugarins þegar þrír þingmenn Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra lögðu fram þingsályktunartillögu „um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar“. Með tillögunni var meðal annars miðað að því „að efla Akureyri sem skólabæ og stefnt að því, að háskóli taki þar til starfa í náinni framtíð“. Í erindinu verður fyrst fjallað um hugmyndir og röksemdir þingmannanna fyrir því að stofna sjálfstæðan háskóla á Akureyri og síðan rakið hvernig þær þróuðust áfram næstu áratugi uns til stofnunar hans kom. Jafnframt verður greint frá gagnstæðum sjónarmiðum og margvíslegum röksemdum sem fyrst var beitt gegn þessum áformum og síðar gegn fjölgun námsbrauta innan HA fyrstu starfsárin í sögu hans.

## **Reynsla starfandi skólastjóra af meistaranámi í skólastjórnun – árangur, áhrif, ávinningur**

Anna Þóra Baldursdóttir, lektor HA

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor HA

Hér á landi hefur færst í vöxt að skólastjórar ljúki meistaranámi í skólastjórnun en fáar rannsóknir hafa verið gerðar um árangur, áhrif og ávinning framhaldsnáms fyrir skólastjórnendur og skólastarf. Í erlendum rannsóknum kemur fram vaxandi gagnrýni á framhaldsnám fyrir skólastjóra og því er haldið fram að inntak og samsetning þess skili ekki tilætluðum árangri fyrir skólastarfið. Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt er litið til þessa og viðtöl tekin við starfandi skólastjóra leik- og grunnskóla sem lokið höfðu meistaranámi í skólastjórnun frá kennaradeild Háskólans á Akureyri. Sumir þeirra voru þegar starfandi skólastjórar meðan á náminu stóð en aðrir voru ráðnir eftir að því lauk. Könnuð var reynsla þeirra af framhaldsnáminu og af því hvernig námið hefði gagnast þeim, m.a. hvaða þættir nýttust þeim helst í starfi og hverjir síður, og einnig hvaða áhrif námið hefði haft á starfshæfni og starfshætti þeirra sem skólastjóra. Þessi rannsókn bætir við þekkingu á gagnsemi framhaldsnáms fyrir skólastjóra og hvaða þýðingu slíkt nám hefur haft fyrir skólastarf hérlendis. Vonast er til að niðurstöður nýtist m.a. við þróun meistaranáms í skólastjórnun til þess að námið taki enn frekar mið af þeim aðstæðum sem mæta skólastjórum á vettvangi svo efla megi skólastarf enn frekar.

## **Þekkingarsamfélag, raddir unglunga, mannréttindi og tungumál**

### **Menntun í dreifbýli: Þekkingarsamfélagið, sveitarfélög og sjálfbærni**

Anna Guðrún Edvardsdóttir, doktorsnemi Mvs. HÍ

Í fyrirlestrinum fjalla ég um áhrif þekkingarsamfélagsins á byggðapróun og sjálfbærni samfélaga á landsbyggðinni. Á undanförunum árum hefur þróun þekkingarsamfélagsins á landsbyggðinni verið hröð, því ýmis háskóla- og/eða þekkingarsetur hafa verið stofnuð, þar sem áhersla er á háskólamenntun með fjarnámssniði í heimabyggð og rannsóknir er byggjast á styrkleikum viðkomandi svæðis. Ég mun leitast við að tengja umfjöllunina annars vegar við byggðapróun þar sem áherslan er á að uppbyggingin leiði af sér fólksfjölgun og fjölgun starfa fyrir háskólamenntað fólk og hins vegar orðræðuna um veika og/eða sterka sjálfbærni sem gengur út á að við alla ákvarðanatöku sveitarfélaga eða annarra aðila sé tekið mið af

efnahagslegum, umhverfislegum, félagslegum og menningarlegum þáttum með það að markmiði að viðhalda lífsgæðum íbúanna. Í því sambandi velti ég fyrir mér stöðu Staðardagskrár 21 og hvernig innleiðingu hennar var háttáð innan sveitarfélaganna. Að lokum verður hlutverk háskóla- og rannsóknarstofnana í nærumhverfinu skoðað út frá sjálfbærnihugtakinu og hvernig þekkingarsamfélagið getur stuðlað að sjálfbærum samfélögum sem sýna mikla seiglu (resilience). Umfjöllunarefni fyrirlestursins er hluti af doktorsverkefni mínu sem fjallar um áhrif þekkingarsamfélagsins á byggðapróun og sjálfbærni samfélag

## **Exploring the concepts of responsibility, autonomy, and accountability and the implications for human rights education at the upper secondary school level in Iceland**

### **Human rights education**

Susan Gollifer, Doctoral candidate School of Education UI

Human right education (HRE) is a right stated in international declarations and conventions and reflected in Iceland's 2011 national curriculum guides. In this talk, I present a discussion on the relation between the concepts of responsibility, autonomy, and accountability, and the implications for HRE. Preliminary findings from a life history study of ten upper secondary school (USS) teachers working with human rights indicate that the teachers welcome education reform that explicitly justifies a moral and social responsibility to work with social justice concerns. However, whilst increasing autonomy at the USS level provides a space for individuals to realise this sense of responsibility, it also allows for an absence of whole-school accountability. This suggests that HRE in Icelandic USSs may be heavily dependent on teachers who choose to take advantage of autonomous school settings because of a self-regulated sense of accountability. Given that international research reminds us that effective HRE requires a whole-school approach, greater attention needs to be paid to issues of accountability in a policy context of increasing autonomy and professional responsibility to promote human rights.

## **Menntaskólinn á Tröllaskaga í ljósi hugmynda um staðartengda menntun.**

Lára Stefánsdóttir, skólameistari Menntaskóla

Þuríður Jóhannsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Í Menntaskólanum á Tröllaskaga sem þjónar dreifbýlu samfélagi við utanverðan Eyjafjörð er leitast við að nýta möguleika í lögum um framhaldsskóla frá 2008 og nýrri aðalnámskrá, til að bjóða í senn fjölbreytt nám í hefðbundnum bóknámsgreinum og leggja ríka áherslu á skapandi

greinar, tölvur og tækni og góð tengsl við umhverfi og grenndarsamfélag. Í skipulagi skólustarfsins gegna netið og upplýsingatækni mikilvægu hlutverki og öll námskeið eru sett upp á námsumsjónarkerfi á netinu. Einkunnarorð skólans eru: Frumkvæði – sköpun – áræði og sem dæmi um óhefðbundnar námsgreinar má nefna frumkvöðlafræði, tölvuleikjaforritun, brimbrettareid og útivist í snjó. Í erindinu beinist athyglin að því hvernig sú sýn sem skólstarfið byggir á samræmist hugmyndum um staðartengda menntun (e. place-based education) og að hvaða leyti sú áhersla tengist umræðu um sjálfbærni í menntun. Menntaskólinn á Tröllaskaga er skoðaður sem tilvik þar sem lýsing á starfsemi skólans er greind í ljósi fræða um staðartengda menntun. Meginrannsóknaraðferðin er svokallað virkt samtal (e. active interview) höfunda sem fram fór í nokkrum heimsóknnum utanaðkomandi rannsakanda (Þuríðar) í skólann á árunum 2012-2014. Þá var skólinn skoðaður í anda etnógrafískra aðferða með opnum óformlegum viðtölum við nemendur og kennara en einnig formlegum viðtölum. Fjölbreyttar upplýsingar um skólstarfið á heimasíðu skólans nýtast sem gögn til að styrkja niðurstöður.

## Íslenska og náttúruvísindi

### „Kveða skal ég svolítið kvæði við þig“ Um þululjóð skáldkonunnar Erlu

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, lektor Mvs. HÍ

Skáldkonan Erla, Guðfinna Þorsteinsdóttir (1891–1972), átti þátt í því að endurskapa þulufornið á fyrri hluta tuttugustu aldar með þeim Huldu, Theodoru Thoroddsen, Ólöfu frá Hlöðum og Ólínu Andrésdóttur. Þululjóð þessara skáldkvenna eru þó ekki um börn eða sérstaklega ætluð börnum líkt og þululjóð Erlu. Barnaljóð Erlu komu út í ljóðabókinni *Æfintýri dagsins* árið 1958 en mörg þeirra höfðu áður birst í fyrri ljóðabókum höfundar, *Héluþómum* (1937) og þó einkum *Fífulögum* (1945). Ljóðin eru alls fjörutíu og átta og bókin var á sínum tíma einstök, meðal annars fyrir það að hún er stórt safn barnaljóða eftir sama höfund og auk þess listilega myndskreytt af Barböru M. Árnason. Barnaljóð Erlu eru óvenju persónuleg því þau fjalla mest um börn skáldkonunnar sjálfrar. Það er móðirin sem mælir í flestum ljóðanna en nokkur þeirra eru ort í orðastað barna. Nærri helmingur ljóðanna í *Æfintýrum dagsins* eru þululjóð, en þau eru þó tiltölulega föst í formi, stuðluð og rímuð. Í fyrirlestrinum verður fjallað um einkenni þululjóða Erlu, efni og form, með hliðsjón af eldri þulukveðskap, þululjóðum annarra skálda og nýjum rannsóknum á einkennum



þulukveðskapar tuttugustu aldar. Einnig verður skoðað hvernig þuluarfinum hefur reitt af í barnaljóðum fram á þennan dag.

### **Eftirlæti æskunnar og áhugahvöt**

Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent HA

Höfundur erindisins kennir nú áfanga í barnabókmenntum í 10. sinn við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Þótt kennsluhættir og námsmat hafi að mörgu leyti breyst hefur eitt verkefni haldist óbreytt: Í upphafi áfangans fá nemendur það verkefni að rifja upp eftirlætis barnabókina sína frá því þeir voru börn. Það getur verið bók sem þeir lásu sjálfir eða sem lesin var fyrir þá, myndabók eða textabók; það þarf einungis að vera bók sem er þeim minnisstæð fyrir einhverra hluta sakir. Nemendur skrifa stutta ritgerð um bókina þar sem þeir rifja upp efni hennar og skýra hvers vegna hún höfðaði til þeirra í barnæsku, en jafnframt lesa þeir bókina aftur og endurmeta sem fullorðnir einstaklingar. Hér verður skoðað hvaða bækur það eru sem eru nemendum minnisstæðar og hvort þær eiga eitthvað sameiginlegt; hvort einhverjir titlar eða höfundar standi upp úr og hvort aðrir og ef til vill betur metnir séu fallnir í gleysku. Rætt verður um gagnsemi þessa verkefnis fyrir tilvonandi og starfandi kennara og með hvaða hætti það tengist einu af meginmarkmiðum barnabókmenntanámskeiðsins sem er að nemendur „get(i) notað þekkingu sína á barnabókum til að vekja áhuga barna á bókum og bóklestri“.

### **Núllnámskrá í náttúruvísindum**

Meyvant Þórólfsson, lektor Mvs. HÍ

Byggt er á niðurstöðum doktorsrannsóknar undirritaðs. Þær benda til að sviðið náttúruvísindi, nefnt „náttúrugreinar“ í núgildandi aðalnámskrá fyrir grunnskóla, sé síkvíkt (dýnamískt) í þeim skilningi að birtingar þess í hinni opinberu námskrá (intended curriculum) og hinni virku námskrá (implemented) taka sífelldum breytingum, þ.e. umbreytast frá einum tíma til annars. Ólíkar hugmyndastefnur, hefðir og skipulag blandast þar saman og um leið einnig mismunandi markmið, inntak og vinnubrögð. Að auki virðist eiga sér stað stríður straumur nýrra hugmynda og nýs efnis inn í námskrána, en eldri hugmyndir og markmið víkja ekki, heldur sitja áfram og blandast þeim nýju svo úr verður fyrirbæri sem líkist eins konar bútasami. Ljóst má vera að kennarar reynast ekki vel undir það búið að glíma við svo flókið samhengi og virðast leysa málið með sérstökum úrræðum að eigin vali, hver kennari og hver skóli þróar þannig námskrá í náttúruvísindum samkvæmt eigin þörfum. Afleiðingin virðist ósjaldan verða það sem Elliot W. Eisner kallaði núllnámskrá (null curriculum), þ.e. tiltekið

efni er valið til kennslu, annað er látið sitja á hakanum (núllstillt). Byggt er á gögnum úr viðtölum við kennara, skýrslum móðurskóla í náttúrufræði og skoðun skólanámskráa.

### **Hvað gerist í náttúrufræðitímum í grunnskólum?**

Svava Pétursdóttir, nýdoktor Mvs. HÍ

Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent Mvs. HÍ

Áhyggjur af því að fáir mennti sig til starfa tengdum raunvísindum og tækni birtast víða í íslensku samfélagi. Svo virðist sem nemendur velji sig frá náttúrufræði strax í grunnskóla. Því er ástæða til að huga að kennslunni og við hvaða aðstæður hún fer fram. Í þessu erindi verður kynnt greining á þeim tuttugu og þremur lýsingum úr náttúrufræðitímum sem safnað var í rannsókninni *Starfshættir í íslenskum grunnskólum 2009-2011*. Lýsingarnar útlista bæði það umhverfi sem kennslan fer fram í og það sem gerist helst í kennslustofunni. Niðurstöður sýna að kennslan fer fram í bekkjarstofum á yngsta og miðstigi en oftast í náttúrufræðistofum á unglíngastigi. Kennsluhættir á yngsta stigi einkennast af úrvinnslu með aðferðum list- og verkgreina. Á miðstigi gætir þónokkurrar fjölbreytni en á unglíngastigi einkennist vinnan af skriflegum viðfangsefnum. Verklegr kennsla og nýting upplýsingatækni er fátítt í lýsingunum en áhrifa stýringar frá kennslubókum gætir en eru ekki eins mikil og fyrri rannsóknir hafa sýnt.